# ÞINGGERÐ

66. SUNDÞINGS SUNDSAMBANDS ÍSLANDS
29. MARS 2025

Staðsetning: Húsnæði SÁÁ, Efstaleiti
Dagsetning: 29. mars 2025

# Þingsetning og Ávörp

Þing sett af Birni Sigurðssyni, formanni SSÍ

Kári Mímisson (ÍSÍ) flytur kveðju frá stjórn ÍSÍ

Kosningar og Nefndir

## Kjörbréfanefnd

Júlía Þorvaldsdóttir

Ingibjörg Helga Arnardóttir

177 með rétt til setu – 49 skráðir, 40 mættir

12 félög fulltrúuð

Kjörbréf samþykkt

## Þingforsetar og Ritari

Þingforsetar: Guðmundur Óskarsson, Guðmunda Ólafsdóttir

Ritari: Aðalbjörg Óladóttir

## Boðað var til þings samkvæmt lögum

Staðfest af þingforsetum og þinginu.

## Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd

Þingskjal nr. 7 lagt fram til samþykktar og samþykkt að fresta viðurkenningum til loka fundar.

## Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.

Júlía Þorvaldsdóttir kynnir niðurstöður:
177 hafa rétt til að vera þingfulltrúar ,  49 eru skráðir og  af þeim eru  40 mættir - 12 félög

- Breiðablik 1
- Ármann 2
- Ægir 3

- SH 11
- Óðinn 3
- IRB 5
- UMFA 3
- Hamar 1
- KR 2
- ÍA 7
- IBH 1
- ÍFR 1

Kjörbréf eru samþykkt. Kjörbréf og umboð því gild á þinginu

## Kosning starfsnefnda þingsins

- Fjárhagsnefnd – Reykjadalur
  - Guðrún Pálsdóttir (formaður)
  - Kjell Wormdal
  - Björn Sigurðsson
  - Árni Stefánsson
  - Ingibjörg Helga Arnardóttir
  - Þingskjöl 2025-08,09

- Laga- og leikreglnanefnd – Staðarfell
  - Hörður Oddfríðarson (formaður)
  - Viktoría Gísladóttir
  - Leifur Guðni Grétarsson
  - Fríða Kristín Jóhannesdóttir
  - Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir
  - Þingskjöl 2025-10,13,13b

- Allsherjarnefnd – Silungarpollur
  - Bjarney Guðbjörnsdóttir (formaður)
  - Karl Georg Klein
  - Júlía Þorvaldsdóttir
  - Eyleifur Jóhannesson
  - Þingskjöl 2025-11,12,14,15

# Skýrslur og Reikningar

## Skýrsla stjórnar – Björn Sigurðsson

Skýrslan aðgengileg á vef SSÍ *http://www.sundsamband.is/efnisveita/sundthing/thinggogn/*
Lækkaðir styrkir frá ÍSÍ
NM haldið í desember 2025
Framtíðarsýn:
- Fjölgun iðkenda
- Þróun mótahalds
- Samstarf við sveitafélög
- Bygging mannvirkja
- Gegnsæi og fagmennska

Stjórn SSÍ 2023-2025

**Formaður** : Björn Sigurðsson

**Meðstjórnendur**
Júlía Þorvaldsdóttir *(varaformaður)*
Viktoría Gísladóttir *(gjaldkeri)*
Hörður Oddfríðarson *(ritari)*
Árni Stefánsson
Bjarney Guðbjörnsdóttir
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir
Guðrún Pálsdóttir
Leifur Guðni Grétarsson

- 2024 var stórt ár og afkoma endaði í mínus 11,3 milljónir svo auka styrkurinn uppá 16,1 milljón sem kom frá ÍSÍ kemur sér vel í að fylla upp í þetta gat
  Reglulegir þjálfarafundir eru nú haldnir og hafa gefið góða raun.

  NM verður haldið á Íslandi í desember 2025

- **Framtíðarsýn**
  Fjölga iðkendum í íþróttinni
  Halda áfram þróun mótahalds og tækni
  Auka samstarf við sveitafélög til útbreiðslu og stuðla að þróun og byggingu mannvirkja
  Efla samstarf við önnur sérsambönd og ÍSÍ
  Tryggja gegnsæi og fagmennsku í starfi SSÍ

Flytur þakkir til allra sem lagt hafa hönd á plóg.

### Skýrsla landsliðsþjálfara – Eyleifur Jóhannesson

Helstu afrek 2023–2024 (EMU, HM, EYOF, NM, EM)
Fjöldi Íslandsmeta
Framtíðarsýn:
- Fjárfesting í þjálfurum
- Betri aðstaða
- Samstarf við skóla
- Vöxtur sundhreyfingar um allt land

### Skýrsla mótastjóra – Leifur Guðni Grétarsson

4958 klst. sjálfboðastarf 2024
RÚV sýnir mót beint
Mikilvægi sjálfboðaliða
Aukin áhersla á streymi og faglega framkvæmd

### Reikningar og Fjárhagsáætlun

Birni formaður fer yfir reikninga og fjárhagsáætlun
Heildarskýrslur á vef SSÍ *http://www.sundsamband.is/efnisveita/sundthing/thinggogn/*
Samþykkt einróma

## Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.

- Hörður Oddfríðarson minnir á að við búum að auðlegð sem er hreyfingin öll en minnist sérstaklega á hið óeigingjarna og góða starf sem stjórn SSÍ vinnur.

- Magnús Konráðsson (Breiðablik) tekur til máls
  Tekur undir orð Harðar um mikinn og góðan mannauð í stjórn SSÍ og hreyfingunni allri. Fannst gaman að heyra Björn minnast á aðrar sundgreinar í kynningu á skýrslu stjórnar og eins gaman að heyra marga minnast á þörfina á að efla hreyfinguna og stækka hana. Bendir á að gott er að einblína ekki bara á afreksmenn heldur hvernig við getum hlúð meira að heildinni, þessum 95% sem munu aldrei komst í framtíðarhópinn eða á stórmótin.

## Afgreiðsla reikninga., fjárhagsáætlunar og skýrslu stjórnar

- Reikningar og fjárhagsáætlun lagðir undir samþykki -
  *samþykktir með öllum greiddum atkvæðum*
  *http://www.sundsamband.is/efnisveita/sundthing/thinggogn/*

## Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.

### Tillaga að þjónustugjöldum – Björn Sigurðsson SSÍ

  - Vísað til Fjárhagsnefndar (þingskjal 9)

- Á síðasta þingi var þjónustugjöldum breytt talsvert og bætt við stungugjöldum. Sett voru tvö markmið, auka tekjur SSÍ af þjónustugjöldum og fjölga í hreyfingunni. Hvorugt markmikið náðist

  Þjónustugjöldin hafa frá upphafi átt að standa undir stöðugildi á skrifstofu en þau hafa aldrei gert það.
  Á árunum 2017-2022 voru þjónustugjöld ekki hækkuð í takt við verðlag.

### Ný tillaga:

- Hætta að kalla þetta þjónustugjöld og láta þetta heita meðlimagjöld
  Markmiðin eru sem fyrr að auka tekjur og stækka íþróttina
  Eðlileg þróun á fyrri tillögu
  Skoðaðar voru aðrar íþróttagreinar hér á landi
  Einnig stuðst við módel frá Skandinavíu
  Standa betur undir kostnaði við mótahald sem hefur aukist mikið
  Tryggja utanumhald um keppendur og skráningar með miðlægum hætti
  Þeir borga mest sem nota mest
  Ekki hindranir fyrir félögin að fjölga iðkendum hjá yngstu flokkunum
  Vonir stand til að geta aukið iðkendur í hreyfingunni um a.m.k. 20%

**Tillagan er eftirfarandi :**

Allir iðkendur 0-9 ára borga 1.000 kr (hvort sem það er sundnámskeið eða æfingar)
10 ára og eldri borga 5.000 kr allir sem æfa reglulega amk 2 svar í viku meira en 6 vikur í senn og greiða æfingagjöld til félags.
Allir aðrir meðlimir borga 1.000 kr (garpar, skriðsundsnámskeið og allir aðrir)
Keppnispassi (þegar keppt er á skráðum mótum) og Garpar 5.000 kr

Keppnispassi SSÍ mót 10.000 kr

**Félagaskipti –Berglind Ósk Bárðardóttir Ægir**

- Vísað til Laga og leikreglnanefndar (þingskjal 10)

**Nafnabreyting á Aldursflokkameistaramóti Íslands – SH Karl Georg Klein**

- Vísað til allsherjarnefndar (þingskjal 11)

Tillagan snýst um að hafa samræmi í nöfnum á mótum og láta það opinberlega heita Íslandsmeistaramót aldursflokka - (í daglegu tali kallað áfram AMÍ)

**Minnka brottfall úr sundi –Simon Knight – Ármann**

- Vísað til allsherjarnefndar (Þingskjal 12)

Ekki beint tillaga heldur vilja ná fram umræðu um hvað er hægt að gera til að halda krökkum í sundi.

**Lagabreytingatillögur aðlögun að WA – Björn Sigurðsson og lagabreytingatillögur í takt við tímann.**

- Vísað til Laga og leikreglnanefndar (þingskjal 13 og 14)

Þó nokkrar breytingar sem verður farið yfir í nefnd

## Staðfesting á stefnum og reglugerðum – Guðmundur Óskarsson

- Vísað til Allsherjarnefndar Þingskjal 14 lög og stefnur eru í þinggögnum og lög og reglur á heimasíðu.

## Áskorun til stjórnvalda – Ingibjörg Helga Arnardóttir

- Vísað til Allherjarnefndar (þingskjal 15)

Búið að setja fram grunn að texta sem gæti verið áskorun til stjórnvalda um fjármögnun íþrótta en tillagan er að nefndin fari yfir textann svo hægt verði að leggja hann fram.

## Afgreiðsla lagabreytingatillagna

*http://www.sundsamband.is/efnisveita/sundthing/thinggogn/*

Formaður Laga og leikregnanefndar (Hörður Oddfríðarson)gerir grein fyrir niðurstöðum.
Lagabreytingatillögur aðlögun að WA – (þingskjal 13a,b,)

Félagaskipt (þingskjal 10)

### Byrjar á að kynna þingskjal 13b

skjalið var samþykkt óbreytt af nefndinni
Og samþykkt einróma af þingi

### Þingskjal 13a

Lítilsháttar orðalags breytingar voru gerðar á skjalinu í nefnd

Meirihluti þings samþykkir að taka út orðið samfleytt sem var inni í tillögu frá nefndinni
Skjalið með þeirri breytingu samþykkt einróma af þingi

### Þingskjal 10

Laga- og leikreglnanefnd á Sundþingi 2025 leggur til að stjórn SSÍ endurmeti reglur um félagskipti á Íslandi.
Líta skal til verklags á hinum norðurlöndunum og einnig skal sérstaklega horft til aldurs viðkomandi iðkenda með sérstakri áherslu á 12 ára og yngri. Það þarf að vera ljóst hver tilgangur félagaskiptaglugga er. Stjórn skal einnig meta hvort sérstakar ástæður kalla á breytingar og vægara ferli fyrir ákveðna hópa. Þá þarf að hafa í huga hvernig félagaskipti yngri hópa geta stuðlað að minnkuðu brottfalli sundi.

Umræða –
Fríða (SH) skildi umræður nefndar þannig að umræðan snéri að 12 ára og yngri.
Hörður bendir á að orðin „með sérstakri áherslu á 12 ára og yngri“ nægi og séu opin

Björn formaður bendir á að á síðasta þingi voru félagaskiptareglur opnaðar mikið.
Ef sundmaður skiptir um félag þá getur hann samt keppt á mótum þó að ekki séu liðnir 30 dagar frá félagaskiptum.

Þingskjal 10 - samþykkt einróma

## Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.

### Fjárlaganefnd

Formaður Fjárlaganefndar (Guðrún Pálsdóttir) gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar
Tillaga að þjónustugjöldum **– (þingskjal 9)**

Meðlimagjald fyrir yngri en 10 ára verði 1.000kr
meðlimagjald fyrir 10 ára og eldri verði 5.000 kr
Meðlimagjald aðrir 1.000 kr (Skriðsund, sjósund og önnur námskeið)
Keppnispassi verður 6.000 kr fyrir sundárið og nær til allra sem keppa á mótum sem skráð eru í Splash eða Swimify

Breyting tekur gildi 1.ágúst 2025

Þingskjal 9 - Samþykkt einróma

### Alsherjarnefnd

Formaður Allsherjarnefndar (*Bjarney Guðbjörnsdóttir)* gerir grein fyrir niðurstöðum

Nafnabreyting á Aldursflokkameistaramóti Íslands (þingskjal 11)
Þingskjal 11 - Samþykkt einróma

Umræður um hvað hægt er að gera til að minka brottfall úr greininginn (þingskjal 12) Í nefndinni mynduðust góðar umræður og hugmyndum var bætt inn í þingskjalið.
Þingskjal 12 -Samþykkt einróma

Áskorun til stjórnvalda (þingskjal 15)
áskorun til Íslenskra stjórnvalda
Nefndin leggur til að stjórnin klári að orða áskorunina.

<u>Þingskjal 15 - Þingið samþykkir einróma að fela stjórninni að klára að orða áskorunina</u>

Þingskjal 14
Staðfestir almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem orðið hafa frá sundþingi 2023
<u>Þingskjal 14 samþykkt einróma</u>

Þingskjal 15

Staðfesting á stefnum og reglugerðum (þingskjal 15)

<u>Þingskjal 15 samþykkt einróma</u>

## Kosningar.

a) Kosning formanns til tveggja ára. (2025-2027)
   Eitt framboð barst, frá sitjandi formanni
   Björn Sigurðsson ÍBH

b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
   Hörður Oddfríðarson ÍBR *(býður sig fram áfram)*
   Leifur Guðni Grétarsson ÍA *(býður sig fram áfram)*
   Magnús Tryggvason UMF Selfoss *(nýr inn )*
   Árni Stefánsson ÍBR *(býður sig fram áfram)*

c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings (2025)
   Viktoría Gísladóttir Breiðablik
   Guðmundur Stefán Björnsson ÍBH

   *Allt ofangreint samþykkt einróma.*

   Áfram í stjórn til 2027 eru:
   Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA
   Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR
   Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir ÍBA
   Guðrún Pálsdóttir UMFN

## Önnur mál.

1. Viktoría Gísladóttir

Byrjar á að þakka samstarfið undanfarin ár í stjórn SSÍ og dómaranefnd. Bendir á að alltaf sé hörgull á dómurum En komið hefur fram núna að miklar breytingar hafa verið gerðar á alþjóðlegum dómararéttindum. Þessar breytingar tóku gildi í janúar 2025 og fengu ekki góða kynningu frá þeim. Endurnýja þarf nú réttindin á tveggja ára fresti þó að kosið sé á lista til fjögurra ára. Til þess að Íslenskir dómarar á

alþjóðalista hafi möguleika á  að komast upp úr brons þrepinu þá verður SSÍ að koma Íslenskum dómurum út til starfa. Það hefur ekki farið Íslenskur dómari út á heimsmeistaramót síðan 2016 sem var haldið í Windsor í Canada. Ef Ísland vil halda standard á sundmótum þá þarf að gera áætlun um það hvernig Ísland kemst úr bons yfir í silfur og ef er einhver metnaður í SSÍ þá kannski koma einhverjum dómara í GULL stigið.
Breytingin er heilmikil lesning og hvetur Viktoría alla dómara til að kynna sér hana.
Meta á dómara út frá þvi hvort þeir uppfylli  líkamleg, andleg og siðferðileg skilyrði

Síðast fór dómari frá Íslandi á Heimsmeistaramót árið 2016

Áskorun til stjórnar SSÍ og sundfélaga-deilda um að senda dómara annað en „bara" Evrópumót.

2. Hrafnhildur Luthersdóttir
Áskorun til stjórnar
Í dag er sálfræðiaðstoð fyrir afrekshópa, hún bendir á að gott væri að bjóða uppá sálfræðiaðstoð í kannski ár eftir að sundferli lýkur
Einnig að gefa út sundkort fyrir þá sem hafa æft sund í fjölda ára (frír aðgangur í laugar)

3. Lilja Dóra Guðmundardóttir SH
Skorar á stjórn SSÍ að passa að hafa hlutfall kynja í fylgdarliði keppnishópa eins jafnt og hægt er (amk eina konu og einn karl)  Það er mikilvægt t.d. þegar keppendur eru teknir í lyfjapróf að geta fengið fylgd frá „sama" kyni í það.

4. Magnús Tryggvason
Þakkar traustið að vera kosinn í stjórn SSÍ

## Heiðursviðurkenningar og þingslit.

### Eftirfarandi fengu heiðursviðurkenningar:

### Silfurmerki

Ingi Þór Einarsson.

Ingibjörg ÝR Pálmadóttir.

Ragnheiður Birna Björnsdóttir

Helgi Þór Þórsson

Aðalbjörg Óladóttir

Pálmey Magnúsdóttir

Guðrún Pálsdóttir

Tómas Gísli Guðjónsson

Unnur Elfa Guðmundsdóttir

Kári Geirlaugsson

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson

Ágúst Júlíusson

Mladen Tepavcevic

Sigtryggur Símonarson

Einar Þór Sigurjónsson

Guðmundur Stefán Björnsson

Rémí Spilliaert

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Lárus Lúðvík Hilmarsson

Júlía Þorvaldsdóttir

María Fanndal Birkisdóttir (Ermasund / Valkyrjur)

Iðunn Ása Óladóttir (Ermasund / Valkyrjur)

Ásta Þóra Ólafsdóttir (Ermasund / Valkyrjur)

Ísey Gréta Þorgrímsdóttir (Ermasund / Valkyrjur)

## Gullmerki

Benedikt Hjartarson

Viktoría Gísladóttir

Þorkelll Sigurbjörnsson

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Ingi Þór Ágústsson

Ragnar Guðmundsson

Hrafnhildur Lúthersdóttir

Jakob Jóhann

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Hreggviður Þorsteinsson
Anton Sveinn McKee  -  auk gullmerkis var honum þakkað fyrir framlag sitt til sundhreyfingarinnar en hann lagði skýluna á hilluna eftir Ólympíuleikana

## Sjálfboðaliðar ársins

Guðrún Pálsdóttir ÍRB

Pámey Magnúsdóttir SH

## Heiðursfélagar SSÍ 2025

Eðvarð Þór Eðvarðsson

Guðmundur Gíslason

Hrafnhildur Guðmundsdóttir

## Þingslit

Björn Sigurðsson – þakkar fyrir samveruna og störf á  þinginu og slítur þinginu  kl 17:35
(þingforsetar og ritari fá blómvendi og þakkir)

# 66. þing
# Sundsambands Íslands
# Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
# 29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025 - 00**

| *Nr.* | *Efni* | *Tillöguflytjandi / hver kynnir* | *Vísað til* *Niðurstaða þings* |
|---|---|---|---|
| **1.** | **2025-01 Fyrri tilkynning um Sundþing** | **Samkv. lögum SSÍ / Þingforsetar** | **Afgreitt í upphafi** |
| **2.** | **2025-02 Seinni tilkynning um Sundþing** | **Samkv. lögum SSÍ / Þingforsetar** | **Afgreitt í upphafi** |
| **3.** | **2023-03 Dagskrá Sundþings 2025** | **Samkv. lögum SSÍ / Þingforsetar** | **Afgreitt í upphafi** |
| **4.** | **2023-04 Tillaga að þingsköpum 66. Sundþings** | **Stjórn SSÍ / Þingforsetar** | **Afgreitt í upphafi** |
| **5.** | **2025-05 Ársskýrsla SSÍ** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Afgreitt í upphafi** |
| **6.** | **2023-06, Reikningar SSÍ 2023 og 2024** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Afgreitt í upphafi** |
| **7.** | **2025-07 Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Afgreitt í upphafi** |
| **8.** | **2025-08 Fjárhagsáætlun SSÍ 2025-2027** | **Stjórn SSÍ / VG** | **Fjárhagsnefnd** |
| **9.** | **2025-09 Tillaga að þjónustugjöldum** | **Stjórn SSÍ / IHA** | **Fjárhagsnefnd** |
| **10.** | **2025-10 Félagaskipti** | **Ægir /BÓB** | **Laga og leikreglnanefnd** |
| **11.** | **2025-11 Nafnabreyting á Aldursflokkameistaramóti Íslands** | **SH / KGK** | **Allsherjarnefnd** |
| **12.** | **2025-12 Minnka brottfall úr sundi** | **Ármann / SK** | **Allsherjarnefnd** |
| **13.** | **2025-13 Lagabreytingatillögur aðlögun að WA** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Laga- og leikreglnanefnd** |
| **14.** | **2025-13b Lagabreytingatillögur í takt við tímann** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Laga- og leikreglnanefnd** |
| **15.** | **2025-14 Staðfesting á stefnum og reglugerðum** | **Stjórn SSÍ / BS** | **Allsherjarnefnd** |
| **16.** | **2025-15 Áskorun til stjórnvalda** | **Stjórn SSÍ / IHA** | **Allsherjarnefnd** |
| **17.** | **2025-16 Stjórnarkjör og kjör félagslegra skoðunarmanna reikn.** | **Þingforsetar** | |

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ ___________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 01**

---

**Efni : Sundþing 2025- fyrra fundarboð**

**Ágætu félagar**

Sundþing verður haldið í Reykjavík þann 29.mars 2025.

Dagskrá og nánari staðsetning verður send út síðar en áætluð tímasetning þingsins er frá kl 11:00, laugardaginn 29.mars

**Á sundþingi eiga fulltrúar sæti í samræmi við lög SSÍ:**

*1) Einn fulltrúi héraðssambands eða íþróttabandalags (1 frá hverju)*
*2) Fulltrúar félaga í samræmi við iðkendafjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur félags og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)*
*3) Fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur félags eða brot úr þeirri tölu)*

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en **8.mars** þremur fyrir sundþing.

Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2024 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.

**Málefni og tillögur sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á sundþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjóra SSÍ á ingibjorgha@iceswim.is í síðasta lagi 28.feb n.k.**

**Þetta er gert til að hægt sé að hefja umræðu og vinnu í kringum tillögurnar í tíma fyrir þingið.**

Á þinginu verður kosið til formanns og fjögurra meðstjórnenda. Þess ber að geta að núverandi formaður gefur kost á sér til endurkjörs.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir þing, eða **28.feb n.k**

Fyrir hönd stjórnar SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir

Ingibjörg H Arnardóttir

Framkvæmdastjóri SSÍ

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025– 02**

## Tilkynning um sundþing

Reykjavík 28. febrúar 2025

## Ágætu félagar,

Sundþing 2025 verður haldið í Húsakynnum SÁA Efstaleiti, 29. mars n.k.

- Skráning þingfulltrúa og hressing hefst kl. 11:00.
- Þingsetning kl.11:30, ávörp, skýrsla stjórnar og framlagning mála.
- Nefndarstörf frá kl.14.00 til kl. 16:00.
- Kl. 16:00 - 16:30 lokafrágangur hjá nefndum.
- Kl.16:30 hefjast þingstörf á ný með afgreiðslu mála.
- Kjöri stjórnar lýst kl. 17:00.
- Léttar veitingar og veittar viðurkenningar.

**7. grein Dagskrá sundþings er eftirfarandi***:*

1. Þingsetning – ávörp gesta
2. Kjör kjörbréfanefndar
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt
6. Kosning starfsnefnda þingsins;
   a) Fjárhagsnefnd, b) Laga- og leikreglnanefnd, c) Allsherjarnefnd, d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur
7. Skýrsla stjórnar
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga
10. Afgreiðsla reikninga
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda
13. Nefndastörf
14. Fjárhagsáætlun;
    a) næstu tveggja reikningsára lagðar fyrir, b) yfirstandandi árs staðfest.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum
17. Kosningar;
    a) Kosning formanns til tveggja ára, b) Kosning fjögurra stjórnarmanna
    c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

# 66. þing
# Sundsambands Íslands
# Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
# 29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025– 02**

19. Þingslit

Tillögur og önnur gögn þingsins verða birt á heimasíðu SSÍ, www.sundsamband.is, jafnóðum og þau eru tilbúin. Sundþing 2025 er pappírslaust eins og undanfarin sundþing.

Tölvusamband er á þingstað og þingfulltrúar hvattir til að mæta með ferðatölvur til þess að komast í gögn þingsins jafnóðum, en þau verða vistuð á sérstöku svæði sem þingfulltrúar fá aðgang að. Þau héraðssambönd eða íþróttabandalög, sem óska fyrir fram eftir því, fá gögn þingsins útprentuð í einu eintaki í upphafi þings.

## Hverjir hafa seturétt á þinginu?

Samkvæmt 6. grein laga SSÍ:
Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:
a) Stjórn SSÍ
b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
c) Framkvæmdastjóri ÍSÍ
d) Fulltrúi ráðherra íþróttamála
e) Formenn sérráða innan SSÍ
f) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til

## Þátttökutilkynning

Allir þeir sem hafa áhuga á málefnum sundhreyfingarinnar eiga kost á að sitja sundþing meðan húsrúm leyfir og taka þannig þátt í störfum þingsins. Sá fyrirvari er þó gerður að þeir sem taldir eru upp í stafliðum a) – f) hér að ofan og kjörnir þingfulltrúar eiga forgang á þingið.

Þeir sem hafa áhuga á að sitja sundþing en heyra ekki undir stafliði a) – f) og eru ekki þingfulltrúar verða að láta skrifstofu SSÍ vita með rafpósti ingibjorgha@iceswim.is í síðasta lagi **föstudaginn 14.mars 2025.**

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025– 02**

Þinggjald er kr. 8.500 fyrir hvern sem situr þingið. Í gjaldinu er innifalin allur matur og kaffi auk annars þess kostnaðar sem til fellur á sundþingi. Þetta er sama verð og árið 2023.

Þinggjald skal lagt á **reikning SSÍ, 0528-26-7327 kt.640269-2359**.
*Vinsamlega sendið kvittun á ingibjorgha@iceswim.is þar sem fram kemur fyrir hvaða aðila er verið að greiða* ***fyrir föstudaginn 14. mars og gildir það sem skráning.***

## Kjörbréf

Kjörbréf eru meðfylgjandi og er þess óskað að það sé fyllt út með nöfnun fulltrúa og varafulltrúa. ***Kjörbréf eru ekki gild nema að þau séu undirrituð af til þess bærum fulltrúa héraðssambands, íþróttabandalags eða sundráðs***.

Hvert héraðssamband/íþróttabandalag innan ÍSÍ má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að **30 virka iðkendur** í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja **30 iðkendur** í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja **50 keppendur** eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Með sundkveðju,

Ingibjörg Helga Arnardóttir
Framkvæmdastjóri

Ingibjörg Helga Arnardóttir

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025– 02**

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025– 02**

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7 29. mars**
**2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 03**

## *Dagskrá samkvæmt lögum SSÍ*

1. Þingsetning – ávörp gesta,
2. Kjör kjörbréfanefndar,
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar,
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd,
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt,
6. Kosning starfsnefnda þingsins;
   a) Fjárhagsnefnd,
   b) Laga- og leikreglnanefnd,
   c) Allsherjarnefnd,
   d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar,
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram,
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga,
10. Afgreiðsla reikninga,
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda,
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda,
13. Nefndastörf,
14. Fjárhagsáætlun;
    a) næstu tveggja reikningsára lagðar fyrir,
    b) yfirstandandi árs staðfest.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna,
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum,
17. Kosningar;
    a) Kosning formanns til tveggja ára,
    b) Kosning fjögurra stjórnarmanna,
    c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings.
18. Önnur mál,
19. Þingslit.

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025** staðfestir meðfylgjandi fundarsköp þingsins.

# Fundarsköp 66. Sundþings 2025

**1.grein**
Þingforsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Þeir sjá til þess að störf þingsins fari að almennum fundarsköpum og þessari samþykkt. Þingforsetum er heimilt að úrskurða í álitamálum um meðferð mála innan þingsins og skulu þingfulltrúar hlýta úrskurði þeirra í hvívetna.
Þingforsetar leitast við að halda útgefna tímaáætlun þingsins.

**2.grein**
Afgreiðsla mála fer fram í fernu lagi í samræmi við lög SSÍ:

a) Við birtingu tillagna með greinargerðum tveimur vikum fyrir þing.
b) Við framlagningu tillagna í upphafi þings, þar sem málum er vísað í viðeigandi nefndir án umræðu.
c) Í viðeigandi nefnd, þar sem umræða um efnið fer fram. Þar er einnig hægt að leggja fram breytingartillögur. Í nefndum þingsins er heimilt að fara í þrjár umræður um sérhverja tillögu:
    i. Almennar athugasemdir og skoðunum lýst.
    ii. Tillögur um breytingar, ef einhverjar eru, lagðar fram og ræddar.
    iii. Lokaumræða til að tryggja að öll sjónarmið um málið hafi heyrst.
d) Við afgreiðslu málsins inn á þinginu, að loknu nefndarstarfi, þar sem formaður nefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir almennri umræðu um efni tillagna á þessu stigi, en þingforseti má þó heimila fyrirpurnir og einstaka athugasemdir meti hann það nauðsynlegt.

Leitast skal við að ná sameiginlegri niðurstöðu innan nefndarinnar. Formaður nefndar getur leitað fulltingis þingforseta ef nauðsynlegt er að úrskurða innan nefndar og samstaða næst ekki um mál.
Komi upp ágreiningur í nefnd og vilji minnihluti nefndar leggja fram tillögu um breytingu á niðurstöðu nefndar getur þingforseti lagt það til við þingheim að taka slíka tillögu á dagskrá, meti hann það nauðsynlegt. Samþykki a.m.k. $^2/_3$ hluta þingheims þarf til að samþykkja slíka tillögu þingforseta. Sé hún samþykkt er tillaga minnihluta nefndarinnar þá lesin upphátt af þingforseta og greidd um hana atkvæði án umræðu. Ef tillaga þingforseta um að taka tillögu minnihluta nefndar á dagskrá er felld, eru ekki greidd atkvæði um breytingartillöguna.
Ekki er heimilt að koma fram með breytingartillögu, sem ekki hefur verið rædd í viðkomandi nefnd, á þinginu.

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 04**

**3.grein**
Sundþing kýs þrjá þingfulltrúa í hverja nefnd þingsins, sem hafa það hlutverk taka saman niðurstöðu nefndarinnar og tillögur. Sundþing kýs um hver þessara þriggja er formaður nefndarinnar. Formaður nefndar stýrir fundi hennar.
Efnisleg umræða um tillögur framlagðar á Sundþingi skulu fara fram innan nefnda þingsins. Einungis þar er heimilt að koma með breytingartillögur á fyrirliggjandi tillögur sem vísað hefur verið til nefndarinnar.
Niðurstaða nefndar og afgreiðsla þingsins getur verið með eftirfarandi hætti:

a) Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt;
    i. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði þingsins.
b) Nefndin leggur til breytingar á tillögunni og ber hana þannig upp við afgreiðslu málsins;
    i. Þingforseti ber tillöguna þannig breytta undir atkvæði þingsins.
    ii. Felli þingheimur tillögu nefndarinnar ber forseta að bera upphaflegu tillöguna undir atkvæði þingsins.
c) Nefndin leggur til að upphaflegu tillögunni verði vísað frá;
    i. Þingforseti ber frávísunartillöguna undir atkvæði þingsins án umræðu.
    ii. Nefndinni er ekki heimilt að leggja fram aðra tillögu í stað þeirrar sem hún leggur til að verði vísað frá.

Nú hefur niðurstaða einnar þingnefndar bein áhrif á niðurstöðu annarar þingnefndar. Skulu þingforsetar þá skera úr um málsmeðferð eftir að hafa ráðfært sig við formenn viðkomandi nefnda. Þingfulltrúum ber að virða úrskurði þingforseta.
Þingfulltrúum öllum er heimilt að velja sér nefnd til að starfa í. Heimilt er þingfulltrúum að fara milli nefnda, en ekki er heimilt að endurtaka umræður um mál eða taka upp mál innan nefndarinnar sem umræða hefur þegar farið fram um.

**4.grein**
Þingfulltrúar geta hvenær sem er gert stuttar athugasemdir við störf þingforseta á meðan þingfundur stendur.

**5.grein**
Hljóðupptaka á þinginu er heimil til að auðvelda frágang þinggerðar.

**6.grein**
Að öðru leyti skal farið að almennum fundarsköpum og lögum SSÍ eftir því sem við á

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

# SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ
# 2023-2024

## Yfirlit yfir stjórn og nefndir SSÍ
## Skýrsla stjórnar SSÍ
## Skýrslur nefnda SSÍ

# Efnisyfirlit

**ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2023 TIL 2024 .... 4**

*Sundþing 2023 .... 4*
*NEFNDAFÓLK SSÍ .... 5*
SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2023-2024 .... 5

**SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIN 2023-2024 .... 6**

*Inngangur .... 6*
*Stjórn SSÍ .... 9*
*Skrifstofa SSÍ .... 9*
*Rekstur og afkoma .... 9*
*Landsliðsstarf .... 10*
*Stefna SSÍ .... 10*
*Sundíþróttir fyrir alla .... 11*
*Lög og reglur .... 11*
*Mótahald SSÍ .... 11*
*Erlent samstarf .... 11*
*Fjölmiðlar og samskipti .... 12*
*Að lokum .... 12*

**SKÝRSLUR NEFNDA STARFSÁRIN 2023 TIL 2024 .... 13**

*AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2023-2024 .... 13*
*DÓMARANEFND SSÍ 2023-2024 .... 13*
*Alþjóðlegir dómarar SSÍ .... 13*
*Helstu verkefni nefndarinnar .... 13*
*Meistaramót og stórmót innanlands .... 14*
*Verkefni erlendis .... 15*
*Dómaranámskeið .... 17*
*Endurmenntun .... 17*
*Almennir dómarar SSÍ .... 17*

**LANDSLIÐSMÁL SSÍ 2023-2024 .... 19**

*Æfingabúðir framtíðarhóps janúar 2023 .... 19*
*Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa febrúar 2023 .... 19*
*Reykjavík International Games 2023 .... 19*
*Æfingabúðir landsliðshópa SSÍ 2023 .... 19*
*Íslandsmeistaramótið í 50 m laug 2023 .... 19*
*Æfingabúðir framtíðarhóps apríl 2023 .... 19*
*Taastrup Open 2023 .... 19*
*Mare Nostrum 2023 .... 20*
*Æfingabúðir í Antibes 2023 .... 20*
*Smáþjóðaleikar 2023 .... 20*
*Evrópumeistaramót unglinga 2023 .... 20*
*Norðurlandamót æskunnar 2023 .... 20*
*Heimsmeistaramótið í 50 m laug 2023 .... 21*
*Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2023 .... 21*
*Æfingabúðir framtíðarhóps september .... 21*
*Íslandsmeistaramótið í 25 m laug 2023 .... 21*
*Norðurlandameistaramót 2023 .... 21*
KEPPENDUR: .... 22
*Evrópumeistaramótið í 25 m laug 2023 .... 22*
*Sundfólkið ársins 2023 .... 22*
ANTON SVEINN MCKEE .... 22
SNÆFRÍÐUR SÓL JÓRUNNARDÓTTIR .... 22
*Fagteymi árið 2023 .... 22*

*Æfingabúðir framtíðarhóps janúar 2024* ... 23
*Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa janúar 2024* ... 23
*Reykjavík International Games 2024* ... 23
*Æfingabúðir fyrir landsliðshópa SSÍ 2024* ... 23
*Heimsmeistaramótið í 50 m laug 2024* ... 23
*Tyr Pro mót í Chicago 2024* ... 23
*Stockholm Open 2024* ... 23
*Íslandsmeistaramótið í 50 m laug 2024* ... 23
*Taastrup Open 2024* ... 23
*London Race International 2024* ... 23
*Mare Nostrum 2024* ... 24
*Evrópumeistaramótið í 50 m laug 2024* ... 24
*Fyrri æfingabúðir fyrir Ólympíuleikana í París* ... 24
*Evrópumeistaramót unglinga 2024* ... 24
*Norðurlandamót æskunnar 2024* ... 24
*Seinni æfingabúðir fyrir Ólympíuleikana í París* ... 24
*Ólympíuleikar í París 2024* ... 25
*Æfingabúðir framtíðarhóps september 2024* ... 25
*Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa september 2024* ... 25
*Norðurlandameistaramót 2024* ... 25
*Heimsmeistaramótið í 25 m laug 2024* ... 25
*Sundfólk ársins 2024* ... 26
Anton Sveinn McKee ... 26
Snæfríður Sól Jórunnardóttir ... 26
*Fagteymi árið 2024* ... 26
*Stærstu afrek á árunum 2023- 2024 í flokki fullorðinna* ... 26
Anton Sveinn McKee ... 26
Snæfríður Sól Jórunnardóttir ... 26
Snorri Dagur Einarsson ... 26
*Stærstu afrek á árunum 2023- 2024 í flokki unglinga* ... 26
Snorri Dagur Einarsson ... 26
Guðmundur Leo Rafnsson ... 26
Birnir Freyr Hálfdánarson ... 26

**ÍSLENSK MET SETT Á ÁRUNUM 2023- 2024 ... 27**

# ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2023 til 2024

65. þing SSÍ var haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík 27. apríl 2023.

## Sundþing 2023

| | |
|---|---|
| **Þingforsetar** | Steinn Jóhannsson og Ingibjörg Ólöf Isaksen |
| **Þingritari** | Aðalbjörg Óladóttir |
| **Kjörbréfanefnd** | Júlía Þorvaldsdóttir<br>Ingibjörg Helga Arnardóttir |

### Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2023

Samtals 182 frá 67 aðilum hafa seturétt á þinginu. Kjörbréf bárust frá 14 félögum og sambandsaðilum. 48 einstaklingar eru skráðir fullgildir fulltrúar á þingið. Atkvæðafjöldi er 45 og ekkert umboð.

## Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

### Kjörin á sundþingi

**Stjórn:**

**Formaður til tveggja ára (2025)**
Björn Sigurðsson ÍBH - Formaður

**4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2027)**
Bjarney Guðbjörnsdóttir, ÍA
Guðrún Pálsdóttir, ÍRB
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Óðinn
Júlía Þorvaldsdóttir, ÍBR - Varaformaður

**4 meðstjórnendur til tveggja ára (2025)**
Árni Stefánsson, Ármann
Hörður Oddfríðarson, ÍBR – Ritari
Leifur Guðni Grétarsson, ÍA
Viktoría Gísladóttir, UMSK - Gjaldkeri

**Skoðunarmenn reikninga:**

Lóa Birna Birgisdóttir, ÍBR
Guðmundur S. Björnsson, SH

# NEFNDAFÓLK SSÍ

## SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2023-2024

| Aga- og siðanefnd: | Kjörnefnd: |
|---|---|
| Ásdís Vatnsdal Óskarsdóttir, formaður<br>Hildur Karen Aðalsteinsdóttir<br>Jón Hjaltason<br>Lóa Birna Birgisdóttir<br>Finnbjörn Aðalheiðarson<br><br>**Dómaranefnd:**<br>Viktoría Gísladóttir, formaður<br>Ragnheiður B. Björnsdóttir<br>Björn Valdimarsson<br>Bryndís Sigurðardóttir<br>Ingibjörg Ýr Pálmadóttir<br>Sigurður Óli Guðmundsson<br>Sigurþór Sævarsson<br>Lárus Lúðvík Hilmarsson | Júlía Þorvaldsdóttir<br>Aðalbjörg Óladóttir<br>Ingibjörg Helga Arnardóttir |

### Launaðir starfsmenn SSÍ 2023-2024:

Ingibjörg Helga Arnardóttir, framkvæmdastjóri,
Eyleifur Jóhannesson, yfirmaður landsliðmála,
Leifur Guðni Grétarsson, mótastjóri, hlutastarf,
Hlín Ástþórsdóttir, bókari, hlutastarf.

# SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIN 2023-2024

## Inngangur

Starfstímabil núverandi stjórnar hefur verið viðburðarríkt og aldrei dauður punktur í starfseminni því að verkin hafa verið ærin og verkefnin mörg. Stjórn SSÍ hélt 19 stjórnarfundi á tímabilinu auk þess sem stjórnarfólk hittist eða talaði saman þess á milli um hin ýmsu mál sem upp komu. Framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliða og formaður sátu auk þess ótal fundi með íþróttahreyfingunni, erlendum samstarfsaðilum, yfirvöldum og öðrum samstarfsaðilum.
Ein stærsta framþróun í starfi SSÍ á liðnu tímabili er hversu vel hefur tekist að færa mótahald og umgjörð móta upp á hærra plan. Mótastjóri SSÍ hefur varið miklum tíma í að færa mótahald Sundsambandsins til nútímans með betri umgjörð móta hvort sem er fyrir keppendur, sjálfboðaliða eða áhorfendur. Það hefur tekist mjög vel að nýta þær tæknilausnir sem til eru bæði til útsendinga á mótum okkar eða nýta þann tæknibúnað sem laugarnar bjóða upp á. Markaðssetning SSÍ hefur einnig verið tekin á nýtt plan í gegnum samfélagsmiðla þannig að athygli hefur vakið. Gildir þá einu hvort það sé í formi upplýsinga og úrslita frá mótum eða til að byggja upp stemningu í aðdraganda móta eða í kringum verkefni landsliða.
Ólympíuleikarnir í París voru haldnir í júlí 2024 og þar átti sundhreyfingin tvo fulltrúa af fimm fulltrúum Íslands á leikunum en það að voru þau Anton Sveinn McKee og Snæfríður Sól Jórunnardóttir sem bæði komust í undanúrslit í sínum greinum sem er frábær árangur. Ísland átti einnig fulltrúa á öllum helstu alþjóðlegu mótum á tímabilinu bæði í 25 m og 50 m laug og verður gerð betur grein fyrir þeim síðar í skýrslunni. Hápunktarnir voru þó þegar Anton Sveinn varð annar í 200 m bringusundi á EM25 í Rúmeníu í desember 2023 og þá náði hann 4. sæti í sama sundi á EM50 sumarið 2024. Snæfríður Sól náði síðan frábærum árangri í 200 m skriðsundi á EM50 þar sem hún endaði í 4. sæti auk fyrrnefnds árangurs á Ólympíuleikunum. Þá margbætti Snæfríður Íslandsmet í sínum greinum á tímabilinu. Framtíðin er einnig björt og átti hreyfingin glæsilegan átta manna hóp á HM25 í Búdapest í desember síðastliðnum þar sem Ísland var með lið í boðsundsgreinum. Það líður ekki það mót sem er haldið hér heima án þess að slegin séu Íslandsmet eða unglingamet.
Stjórn SSÍ starfaði vel og var lítill ágreiningur um afgreiðslu mála innan hennar. Stjórnarfólk var boðið og búið að bregðast við óvæntum málum sem komu upp hvenær sem er og unnu öll sín verk af miklum heilindum með hagsmuni hreyfingarinnar að leiðarljósi. Fundargerðir stjórnar má finna á heimasíðu SSÍ.

Í dag starfa tvær nefndir á vegum SSÍ en það eru Dómaranefnd og Aga- og siðanefnd. Landsliðs- og fræðslumál heyra undir starfssvið yfirmanns landsliðmála og kallar hann til sín ráðgjafa, innan eða utan hreyfingar eftir þörfum. Dómaranefnd er sú nefnd sem heldur fundi reglulega og skilar fundargerðum til stjórnar. Störf dómaranefndar eru til mikillar fyrirmyndar og þar er einstaklega faglega að málum staðið undir styrkri stjórn Viktoríu Gísladóttur.
Í rekstri sérsambanda sem reiða sig að miklu leyti á störf sjálfboðaliða gerast hlutirnir ekki alltaf á þeim hraða sem lagt er af stað með í upphafi enda allir með nóg á sinni könnu í daglegu amstri. Á sundþingi 2021 var sett af stað verkefnið mannvirkjaskýrsla. Yfirmaður landsliðsmála kom verkefninu af stað og skrifaði skýrslu en honum til ráðgjafar voru fyrrverandi afrekssundmennirnir Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, arkitekt, og Jakob Jóhann Sveinsson, verkfræðingur. Þá voru fengnir aðilar úr hreyfingunni til að lesa skýrsluna yfir og gera á henni viðbætur. Það var því mikið gleðiefni að skýrslan var kynnt síðastliðið haust og hún send til allra sveitarfélaga, héraðssambanda og sundfélaga. Skýrslan er ætluð sveitarfélögum til að upplýsa um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að mannvirkið sé nýtilegt til kennslu og/eða keppni í sundi. Stjórn SSÍ vill þakka öllum sem komu að gerð skýrslunnar.

Á tímabilinu var áfram unnið að því að bæta mótamál í kjölfar mikils undirbúnings á tímabilinu á undan. Það má með sanni segja að mót SSÍ, og upplifun þeirra sem að þeim koma, eru nú á við það sem best gerist á stærstu mótum erlendis. Ný grafík, merkingar, lýsing og viðtöl við keppendur að úrslitum loknum eru dæmi um nýjungar. Viðtölin við keppendur eru tekin til þess að tengja sundfólkið betur við áhorfendur þannig að upplifun fólks verði sem best. Mótahaldi fylgir mikil vinna við uppsetningu og frágang en við teljum að þetta borgi sig til lengri tíma og færi sundíþróttina nær því sem best gerist á stærri mótum erlendis. Mótastjóri SSÍ hefur lagt á sig mikið starf til að gera mót Sundsambandsins sem best og einn þáttur í því eru streymi af mótunum. Þar hefur verið komið upp teymi fólks til að koma mótunum til skila og einnig er SSÍ með sérstaka streymisveitu, Staylive, sem er áskrifakerfi þar sem hægt er að fylgjast með öllum mótum Sundsambandsins gegn vægu gjaldi. Þetta nýja kerfi er í raun sjónvarpsstöð SSÍ. Það er gaman frá því að segja að gæði streymis Sundsambandsins er orðið með þeim hætti að RÚV hefur notað streymið til beinna útsendinga á rásum sínum og það segir meira en mörg orð. Stjórn SSÍ ákvað einnig að taka upp Swimify kerfið til að halda utan um mótamál sambandsins og auðvelda skipuleggjendum og starfsfólki móta að nálgast upplýsingar. Swimify kerfið er notað af öllum sérsamböndum á Norðurlöndunum.

Afreksstarf Sundsambandsins hefur verið unnið á skipulagðan og árangursríkan hátt á tímabilinu. Yfirmaður landsliðsmála hefur stýrt því af öryggi með aðstoð framkvæmdastjóra, þjálfara úr félögunum og utanaðkomandi fagaðila.
Landsliðsstarfið er skipulagt allt frá framtíðarhópum til A-landsliðsins sem keppir á stærstu mótum á alþjóðavettvangi. Þetta hefur skilað góðum árangri og jafnframt styrkt tengsl sundmanna á milli liða sem gerir hópinn samheldnari en áður.
SSÍ hefur byggt upp öflugt teymi í stoðþjónustu fyrir afreksfólk sambandsins. Stjórn SSÍ hefur haldið áfram samstarfi við Ragnar Guðmundsson um mælingar á afreksfólki í samvinnu við félög og þjálfara. Einnig hefur verið lögð aukin áhersla á samstarf við sjúkraþjálfara, sálfræðinga og næringarfræðinga til að veita sundfólkinu enn betri stuðning. Innan vébanda ÍSÍ er tekið eftir hversu vel er haldið utan um afreksstarf SSÍ og þjónar það sem fyrirmynd fyrir það sem ÍSÍ hyggst vinna eftir þegar verkefnið „Team-Iceland“ afreksíþróttamiðstöðin verður að veruleika.

Þann 18. apríl 2024 var haldinn formannafundur í húsakynnum ÍSÍ. Þátttaka var góð á fundinum en á honum var litið yfir starfsemina og farið yfir tekjumódel SSÍ. Einnig fór fram grunnkynning á Swimify mótakerfinu.

Fundir hafa verið haldnir með þjálfurum þar sem farið er yfir þau mál sem eru í brennidepli hverju sinni, t.d. mótamál, hvort sem það er skipulag móta SSÍ eða hvernig eigi að nálgast mót á alþjóðavettvangi. Þetta fyrirkomulag hefur tekist vel og tengir afreksstarf sambandsins betur við félögin sem hafa kost á því að vera til ráðgjafar, koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í ákvarðanatöku. Þá var haldin vel heppnuð þjálfararáðstefna á Hótel Selfossi í september 2024.

Dómgæsla í sundhreyfingunni er vel skipulögð og í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur ríka áherslu á að tryggja og viðhalda fagþekkingu sunddómara landsins. Íslenskir sunddómarar hafa hlotið lof fyrir fagmennsku og góða dómgæslu, bæði á alþjóðlegum mótum hér heima og þegar þeir hafa sinnt dómgæslu utan landssteinanna.
Dómaranefnd SSÍ hefur yfirumsjón með dómgæslumálum á öllum viðurkenndum sundmótum sem skráð eru á atburðadagatali sambandsins. Nefndin fundar reglulega og er fundargerðum skilað til stjórnar SSÍ. Dómaranefndin gegnir lykilhlutverki við að tryggja gæði dómgæslu í sundíþróttinni og stjórn SSÍ ber nefndinni miklar þakkir fyrir það mikilvæga starf.
Í sérstökum kafla þessarar skýrslu verður fjallað nánar um störf dómaranefndar.

Regluverk SSÍ er reglulega borið saman við regluverk World Aquatics (Áður FINA). Á þinginu liggja fyrir nokkrar minniháttar reglubreytingar sem eru til þess gerðar að samhæfa regluverk SSÍ við reglur WA. Á sama tíma og regluverk SSÍ þarf að endurspegla regluverk WA þá þarf sambandið líka að vera í takt við reglur ÍSÍ. Yfirleitt eru þessar reglur nokkuð samhliða en geta þó valdið því að finna þarf hárfínan meðalveg í regluverki Sundsambandsins.

SSÍ hefur átt góð samskipti við ÍSÍ á tímabilinu og þá ekki síst við Véstein Hafsteinsson afreksstjóra ÍSÍ sem hefur umsjón með yfirgripsmiklu verkefni á vegum ÍSÍ við að búa til framtíðarsýn afreksmála sem þarf að vinnast þvert á stjórnmálaflokka, ráðuneyti og sveitarfélög. ÍSÍ og Vésteinn hafa þegar náð árangri í starfi en fráfarandi ráðherra íþróttamála samþykkti auka úthlutun til afreksmála ÍSÍ að upphæð 637 m.kr. Tæplega helmingi þessara fjármuna hefur nú þegar verið úthlutað á sérsamböndin en restin mun fara í stofnun afreksíþróttamiðstöðvar, ferðasjóð og stoðþjónustu þvert á sérsambönd.

ÍSÍ og SSÍ hafa tekið höndum saman í tvígang á tímabilinu og staðið fyrir lýðheilsuátaki um allt land undir slagorðinu „Syndum“ þar sem sundlaugargestir um allt land eru hvattir til að skrá sundferðir sínar og markmiðið hefur verið að ná sem flestum hringjum í kringum landið. Þetta átak hefur mælst mjög vel fyrir og þúsundir einstaklinga hafa tekið þátt þrátt fyrir að átakið hafi verið haldið í einum kaldasta mánuði ársins.

Forsvarsfólk SSÍ hefur fundað með nokkrum félögum á tímabilinu. Fundað hefur verið með Reykjavíkurfélögunum varðandi frekara samstarf þeirra á milli til að efla félögin frekar og skoða hvort hægt sé að sameina krafta þeirra að einhverju leyti til að styrkja rekstur og fjölga iðkendum. Ragnar Guðmundsson heldur utan um verkið fyrir hönd SSÍ en einnig koma SRR og ÍBR að verkefninu. Einnig hefur verið fundað með forsvarsfólki SH um starfið almennt og á þeim komu upp margar góðar hugmyndir m.a. hugmynd um reglulega þjálfarafundi sem komið var inn á hér að ofan. Forsvarsfólk SSÍ átti einnig fundi með forsvarsfólki Sundfélags Breiðabliks þegar upp kom óvænt staða hjá félaginu þegar tveir lykilþjálfarar hættu skyndilega á slæmum tímapunkti fyrir iðkendur félagsins. Yfirmaður landsliðsmála greip inn í þjálfun hjá Breiðabliki um stund til að brúa bil þar til félagið var komið með þjálfara til starfa. Stjórn SSÍ hefur leitað leiða til að aðstoða félögin í hreyfingunni, ef eftir því er leitað, ef það koma upp óvenjulegar aðstæður eða óvænt mál.

Garpasund er, sem fyrr, stundað af miklu kappi hér á landi og var Íslandsmót Garpa í Ásvallalaug síðastliðið vor mikil skemmtun og þátttaka góð. Þá hafa Garpar verið duglegir að sækja mót erlendis og þá sérstaklega NM Garpa. Hörður Oddfríðarson stjórnarmaður í SSÍ er formaður Garpanefndar EA fyrir hönd SSÍ í gegnum samstarf við Norðurlandaþjóðirnar.

Íslandsmótið í Víðavatnssundi var haldið í júlí 2024 eftir nokkurt hlé. Alls kepptu tæplega 30 manns á mótinu sem er vonandi búið að vinna sér sess á ný.

Fjölmörg íslensk met voru staðfest á starfstímanum og óvenju margir einstaklingar syntu sig inn í afrekshópa Sundsambandsins. Það er nokkuð ljóst að sáning undanfarinna ára er farin að skila sér í bættum tímum og betri árangri. Ísland á sundfólk á stærstu sviðum greinarinnar og framtíðin er sannarlega björt.

## Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 19 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af átta aðalmönnum auk formanns.

Í kjölfar sundþings 2023 skipti stjórn með sér verkum; Júlía Þorvaldsdóttir er varaformaður, Hörður Oddfríðaron er ritari og Viktoría Gísladóttir er gjaldkeri. Framkvæmdaráð var skipað formanni, framkvæmdastjóra og mótastjóra auk þess sem varaformaður og aðrir stjórnarmenn voru kallaðir til eftir þörfum. Í apríl 2024 hélt stjórn sérstakan aukafund um fundarmenningu og fundarvenjur undir öruggri stjórn varaformanns. Var þá farið yfir fyrirkomulag funda og hverju fólk mundi helst vilja breyta. Margar góðar hugmyndir komu fram á fundinum sem var gagnlegur fyrir alla aðila.

Viktoría Gísladóttir mun ekki bjóða sig fram til áframhaldandi setu í stjórn og eru henni þökkuð óeigingjörn störf síðastliðin ár. Viktoría mun áfram starfa í dómaranefnd. Aðrir stjórnarmenn bjóða sig aftur fram til setu í stjórn auk formanns. Góð liðsheild hefur einkennt störf stjórnar enda hefur tekist vel að leysa úr málum og háttvísi og virðing er einkennandi innan hópsins.

## Skrifstofa SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir er í fullu starfi sem framkvæmdastjóri Sundsambandsins. Eyleifur Jóhannesson er í fullu starfi sem yfirmaður landsliðsmála. Leifur Guðni Grétarsson stjórnarmaður er í hlutastarfi sem mótastjóri. Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabil fært bókhald sambandsins og heldur því starfi áfram.

Tekist hefur smám saman að endurnýja tækja- og skrifstofubúnað SSÍ en áfram er nauðsynlegt að huga að endurnýjun. Tekin hefur verið ákvörðun um að endurnýja heimasíðu SSÍ og tekin hafa verið upp kerfin Swimify og streymisveitan Staylive.

## Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Rekstur ársins 2024 var neikvæður um 12 milljónir króna en tekjur sambandsins hafa verið óbreyttar síðastliðin ár á sama tíma og kostnaður hefur aukist gríðarlega á öllum sviðum starfseminnar. Því hefur verið óhjákvæmilegt annað en að ganga á eigið fé enda verkefnin mörg. Árið 2024 var það kostnaðarsamasta frá upphafi hvað erlend verkefni varðar. Árið var ár Ólympíuleika, EM, HM og annarra verkefna þar sem sambandið sendi fleira fólk til þátttöku en síðastliðin ár enda árangurinn góður.

Eins og áður sagði þá ákváðu stjórnvöld að auka framlög til afreksmála um 637 milljónir á síðasta ári og hefur SSÍ fengið úthlutað aukalega 16,3 m.kr. af því fé auk þeirra 33,4 m.kr. sem sambandið fékk úthlutað í desember 2024. Heildarúthlutun SSÍ úr afrekssjóði er því tæplega 50 m.kr. sem mun nýtast vel í starfi á árinu 2025. Stærsta áskorun ÍSÍ er að tryggja þetta aukafjármagn til næstu fimm ára og gott betur. Sú vinna er í fullum gangi en tók óvænta stefnu við ríkisstjórnarslit seint á síðasta ári. Það er þó trú sambandsins að stjórnvöld séu almennt hliðholl íþróttahreyfingunni þvert á flokka. Þrátt fyrir kostnaðarsamt ár er fjárhagsleg afkoma góð til lengri tíma og sambandið rekið í fjárhagslegu jafnvægi. Ólíkt mörgum öðrum sérsamböndum hefur Sundsambandið í mörg ár getað státað af því að íþróttafólkið hefur ekki þurft að greiða með sér þegar það tekur þátt í alþjóðlegum mótum á vegum Sundsambandsins (NM, EM, HM, ÓL). Þannig hefur stórum áfanga verið náð í að uppfylla metnaðarfulla stefnu Sundsambandsins. Afrekssjóður hjálpar mikið til en hafa verður í huga að sambandið þarf að koma með eigið styrktarfé á móti afrekssjóði í fjármögnun afreksstarfs og uppbyggingu til þess að eiga möguleika á að hámarka styrki til SSÍ sem afrekssambands. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera nýjan samning við íslenska ríkið um að auka fé til afreksíþrótta og mun sú vinna halda áfram.

Góð fjárhagsleg afkoma er grundvöllur þess að áætlanir gangi upp þannig að hægt verði að byggja upp öflugan afrekshóp með einstaklingum sem eiga þá von um úrslitasund og verðlaun á stórmótum.

Markmið SSÍ er enn sem fyrr að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld ásamt hluta útbreiðslustyrks standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins auk þjónustu við félög og deildir.

## Landsliðsstarf

Eins og áður sagði þá hefur yfirmaður landsliðsmála sett mikinn svip á starf sambandsins með góðu skipulagi og gegnsæjum markmiðum. Yfirmaður landsliðsmála hefur yfirumsjón með lágmörkum og viðmiðum fyrir afreksstarf Sundsambandsins. Árangur SSÍ hefur verið góður á tímabilinu sem er að líða og skemmst er að minnast frábærs árangurs liðs Íslands á EM 25 í Rúmeníu árið 2023 þar sem Anton Sveinn McKee vann silfurverðlaun í 200 m bringusundi og fleiri komust í undanúrslit og úrslit í nokkrum sundum. Einnig lentu bæði Anton Sveinn og Snæfríður í 4. sæti í sínum sterkustu greinum á EM50 í Belgrad árið 2024 sem þau fylgdu eftir með frábærum árangri á ÓL í París þar sem þau komust bæði í undanúrslit og höfnuðu í 14. sæti. Þá eru ótalin góð úrslit okkar fólks á NM, EMU, NÆM og Smáþjóðaleikum.

Miklar samræður hafa átt sér stað við ÍTR, ÍBR og Reykjavíkurborg varðandi aðstöðu í mannvirkjum borgarinnar fyrir afreksstarf Sundsambandsins. Þessar viðræður eru enn í gangi og munu halda áfram næstu misserin.

## Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Að þessu sinni var öllum í hreyfingunni gefinn kostur á að koma með tillögur og athugasemdir við stefnuna. Engar tillögur bárust og er því tekið sem skilaboðum um að litlu sé við að bæta þar sem vel hafi tekist til á undanförnum árum að þróa bæði almenna stefnu og afreksstefnu sem standast báðar tímans tönn nokkuð vel. Það er því með gleði sem við leggjum nýjar stefnur fram til staðfestingar á þessu Sundþingi þar sem þær uppfylla væntingar sundhreyfingarinnar og Afrekssviðs ÍSÍ.

Stefnur sem þessar eiga að vera í sífelldri endurskoðun, eiga að vera lifandi og breytilegar eftir aðstæðum en þær eru grundvöllur þess að Sundsambandið geti fengið styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Stefnumótun SSÍ er útfærð fyrir keppnissund, afreksfólk í sundi, aðrar sundíþróttir og almenning. Sambandið þarf að komast í samstarf við sveitarstjórnir og ráðuneyti íþróttamála til að herða á þeirri sjálfsögðu kröfu að allir Íslendingar eigi að kunna að synda og ekki síður að sundlaugamannvirki verði byggð upp sem víðast með hagkvæmum hætti.

## Sundíþróttir fyrir alla

Iðkendatölur SSÍ eru á reiki en fjöldi iðkenda hefur verið svipaður á milli ára eða í kringum 4 þúsund manns. Það er Sundsambandinu mjög mikilvægt að allir sem á einhvern hátt iðka sundíþróttir innan raða sambandsins séu skráðir rétt og skili sér rétt inn í þær tölur sem ÍSÍ notar sem opinberar tölur iðkenda. Á síðasta þingi var reynt að nálgast þetta markmið með breytingu á þjónustugjöldum en markmiðið um að gera tölur gegnsæjar og skráningar réttar, mistókst. Stjórn SSÍ vill því gera aðra tilraun í því sambandi með nýrri nálgun í þjónustugjöldum. Það þarf að finna leið til að ná til fleiri einstaklinga til að fjölga iðkendum í sundíþróttum.

Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig iðkendum meðal almennings. Mikilvægt er að iðkendur þar séu skráðir í hreyfinguna.

Garpastarfið er einnig stór hluti iðkenda og er nauðsynlegt að ná öllum sem stunda Garpasund inn í iðkendatölur sambandsins.

Á tímabilinu fór hvorki fram keppni í dýfingum né listsundi á vegum Sundsambandsins en stjórn hefur verið í sambandi við íslenska-japanska fjölskyldu sem er búsett í Englandi þar sem ein stúlka stundar listsund með ágætum árangri en móðirin er alþjóðlegur dómari í listsundi.

Sameiginlegt átak ÍSÍ og SSÍ „Syndum“ hefur verið haldið síðastliðin tvö ár þar sem almenningur er hvattur til að safna kílómetrum og skrá þá og „synda í kringum landið“. Þetta hefur mælst vel fyrir og þátttaka í átakinu, sem haldið hefur verið í tvígang, er talin í þúsundum einstaklinga.

## Lög og reglur

Á þessu þingi liggja fyrir nokkrar minniháttar breytingar á lögum og reglugerðum til að aðlaga regluverk SSÍ í takt við lög WA (World Aquatic). Einnig er tillaga um að þingið staðfesti breytingar stjórnar SSÍ á reglugerðum SSÍ en reglugerðir sambandsins eru í eðli sínu lifandi skjal og er það í höndum stjórnar að samþykkja breytingar á reglugerðum komi rökstuddar tillögur þess efnis. Hefð er fyrir að sundþing staðfesti það sem er nýtt í reglugerðum á milli þinga.

## Mótahald SSÍ

Stjórn hefur fjallað ítarlega um mótamálin og mótastjóri hefur tekið mótamálin föstum tökum og komið mótum Sundsambandsins á hærra plan. Streymi frá mótum er komið á sérstaka streymisveitu sem er í eigu SSÍ og gæði streymis af mótum eru mjög góð. Þá hefur SSÍ tekið upp mótakerfið Swimify sem auðveldar allt utanumhald og vinnu við mót auk þess sem notendaviðmót fyrir áhorfendur og starfsfólk móta er margfalt notendavænna. Öll mót á vegum SSÍ eru nú haldin í samvinnu við félög hverju sinni og samstarfið hefur gengið ljómandi vel. Þá er RIG orðið hluti af SSÍ mótunum og hægt verður að sækja um að halda mótið í samvinnu við SSÍ en Sundfélagið Ægir hefur komið að því undanfarin ár af miklum myndarskap. Mótamál SSÍ eru ávallt í endurskoðun og hafa þjálfarafundir verið góður vettvangur þeirrar umræðu. SSÍ mun halda Norðurlandamótið í desember sem verður skemmtilegt viðfangsefni og stofnuð hefur verið mótanefnd til að halda utan um mótið.

## Erlent samstarf

Norðurlandaþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverja aðra innan EA (European Aquatic) og WA (World Aquatic). Auk þess að sækja ráðstefnur og reglulega Teams fundi innan alþjóðasambandsins þá er skrifstofa SSÍ í sambandi við sérsambönd annarra ríkja með formlegum og óformlegum hætti. Fundir á NSF (Norðurlandasamstarfinu) varða yfirleitt pólitísk málefni og hvernig við eigum að beita okkur í þeim málum. Ritari stjórnar SSÍ er formaður garpanefnda EA og World Aquatics.

Það er SSÍ mjög mikilvægt að halda því góða orðspori sem sambandið hefur í alþjóðlegu samstarfi og aþjóðlegir dómarar frá Íslandi hafa svo sannarlega lagt inn á þann reikning með fagmennsku sinni og háttvísi.

## Fjölmiðlar og samskipti

Í breyttum heimi fjölmiðlunar hefur Sundsambandið þurft að koma sér upp eigin miðlun bæði í formi útsendinga frá mótum og í formi tilkynninga til hefðbundinna fjölmiðla svo ekki sé minnst á fréttir af starfi sambandsins í gegnum samfélagsmiðla. Eins og fram hefur komið hefur Sundsambandið komið sér upp eigin streymisveitu í gegnum Staylive kerfið þaðan sem er streymt beint af SSÍ mótum. Mótastjóri hefur skapað sterkt teymi í kringum þessar útsendingar og gæðin eru góð. Það hefur verið komið upp áskriftamódeli þar sem fólk getur annaðhvort keypt sér aðgang að einstaka SSÍ mótum eða aðgang að SSÍ mótum fyrir heilt ár og er verði mjög stillt í hóf. Lagt hefur verið upp úr því að hafa lýsingu frá úrslitahlutum og skapa þar með faglega umgjörð. Samstarf Sundsambandsins við RÚV hefur aukist til muna og hefur RÚV verið viljugt til að nota streymi SSÍ í beinar útsendingar á rásum sínum. Einnig hefur RÚV sýnt frá öllum helstu atburðum.

Farið hefur verið í átak til að vera sýnileg á samfélagsmiðlum og hafa framkvæmdastjóri og mótastjóri ekki látið sitt eftir liggja í þeim málum. Mest áhersla hefur verið lögð á Instagram sem gefur hefið góða raun en á síðustum mánuðum hefur einnig verið unnið efni fyrir Tik Tok með góðum árangri. Þetta breytta landslag sem orðið hefur í fjölmiðlum hefur orðið til þess að það er mikilvægara fyrir sambandið en nokkru sinni fyrr að senda eigin fjölmiðlafulltrúa á mót erlendis til að færa fréttir af mótinu og sundfólki sem keppir fyrir Íslands hönd.

Samskipti við félögin hafa verið með ágætum þetta starfstímabil. SSÍ hefur lagt til fræðslu og leiðbeiningar til minni félaga úti á landi en þjálfarar, mótastjóri, yfirmaður landsliðsmála og fleiri innan SSÍ hafa sinnt því. Þá hefur stjórnarmönnum í SSÍ verið boðið að sitja aðalfundi aðildarfélaga innan sambandsins og stjórn SSÍ þiggur slík boð með þökkum enda gaman að sjá það starf sem fer fram inni í hreyfingunni.

Flestir þeirra sem eru að störfum innan íþróttahreyfingarinnar eru í sjálfboðavinnu og eyða miklum tíma í þágu íþróttanna. Það reynist æ erfiðara að fá fólk til starfa í íþróttahreyfingunni sem er kannski skiljanlegt þar sem fólk greiðir oftar en ekki með sér á ýmsan hátt.

## Að lokum

Sundíþróttin á Íslandi byggir á ómetanlegu starfi fjölda sjálfboðaliða sem leggja mikið á sig til að tryggja að sundfólkið geti æft og keppt af fullum krafti. Sjálfboðaliðastarfið er oft gefandi og skemmtilegt en stundum getur komið upp misskilningur og ágreiningur, oft vegna skorts á réttum upplýsingum. Því hvet ég öll sem starfa í sundhreyfingunni, óháð félagi, til að sýna hverju öðru virðingu og samkennd. Við vinnum öll að sama markmiði – að efla sundíþróttina á Íslandi.

Fyrir hönd SSÍ vil ég þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg undanfarin ár fyrir störf sín – hvort sem það er í dómgæslu, tæknivinnu, verðlaunaafhendingu, umferðarstýringu, riðlastjórn, veitingasölu, fararstjórn eða í annarri sjálfboðavinnu. Einnig vil ég þakka stjórnarfólki, starfsfólki SSÍ, nefndarmeðlimum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum og öllum sem hafa stutt við starfsemi SSÍ með einum eða öðrum hætti. Sérstakar þakkir sendi ég Ingibjörgu Helgu Arnardóttur, framkvæmdastjóra SSÍ, Eyleifi Jóhannessyni, yfirmanni landsliðsmála, og Leifi Guðna Grétarssyni, mótastjóra, fyrir ómetanlegt framlag þeirra. Án ykkar allra væri þetta ekki mögulegt.

Sundhreyfingin á Íslandi spannar sjö viðurkenndar íþróttagreinar, þar af eru fimm Ólympíugreinar. Enn eru ónýtt tækifæri til að efla og stækka íþróttina þannig að íslenskir sundmenn geti keppt á stærra alþjóðlegu sviði. Til að svo megi verða þurfum við fyrst að vinna heimavinnuna okkar – saman.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Björn Sigurðsson
formaður SSÍ

# Skýrslur nefnda starfsárin 2023 til 2024

## AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2023-2024

Aga- og siðanefnd SSÍ 2023-2024 skipa þau; Ásdís Ó Vatnsdal formaður, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Jón Hjaltason, Lóa Birna Birgisdóttir, Finnbjörn Aðalheiðarson. Ekkert mál kom til afgreiðslu aga- og siðanefndar á tímabilinu og því ber að fagna.

## DÓMARANEFND SSÍ 2023-2024

Í dómaranefnd SSÍ árið 2023 – 2024 störfuðu:

Viktoría Gísladóttir, formaður

Björn Valdimarsson, varaformaður

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, ritari

Ragnheiður Birna Björnsdóttir, *utanumhald á skráningu starfa dómara*

Sigurþór Sævarsson,

Lárus Lúðvík Hilmarsson,

Sigurður Óli Guðmundsson, *baðst lausnar úr dómaranefnd í október 2023*

Bryndís Sigurðardóttir, *baðst lausnar úr dómaranefnd í nóvember 2023*

### Alþjóðlegir dómarar SSÍ:

**World Aquatics listi #21 í gildi frá 01.01.2021 – 31.12.2024**

Björn Valdimarsson – yfirdómari
Ragnheiður Birna Björnsdóttir – yfirdómari
Sigrún Guðmundsdóttir – yfirdómari
Magnús Steinarsson – ræsir
Sarah Buckley – ræsir

**World Aquatics listi #22 í gildi frá 01.01.2023 – 31.12.2026**

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir – yfirdómari
Sigurþór Sævarsson – yfirdómari
Viktoría Gísladóttir – yfirdómari
Lárus Lúðvík Hilmarsson – ræsir
Tómas Gísli Guðjónsson – ræsir

### Helstu verkefni nefndarinnar:

Á árunum 2023 og 2024 voru haldnir 15 nefndarfundir.
Listi um starfandi sunddómara er reglulega yfirfarinn og uppfærður hjá dómaranefnd. Þegar nemar hafa safnað viðeigandi punktafjölda (samtals 55) eru þeir uppfærðir í almenna sunddómara og nöfn þeirra birt á heimasíðu SSÍ í fundargerðum nefndarinnar. Dómaranefnd heldur utan um innsendar skýrslur um störf sunddómara á sundmótum og viðheldur lista yfir punktasöfnun dómara sem er uppfærður eftir hvert mót.
Nefndin sér auk þess um að halda dómaranámskeið fyrir almenna sunddómara, endurmenntun dómara sem og þjálfun og námskeið fyrir yfirdómara.
Jafnframt hefur dómaranefndin tekið þátt í undirbúningi með mótsstjórn fyrir ÍM og RIG. Hlutverk dómaranefndar er að skipuleggja allt utanumhald dómara við framkvæmd mótsins til að tryggja að ásýnd og umgjörð verði með skipulögðum hætti, t.d. marsering dómara inn og út af mótunum, staðsetning þeirra við kynningu keppenda í úrslitum og alla samhæfingu á meðan á mótinu stendur. Þannig verður umgjörð mótsins mun fagmannlegri, líkt og á Evrópumeistaramótum.

## Meistaramót og stórmót innanlands.

***2023:***

Reykjavík International Games í Laugardalslaug, Reykjavík 27. – 29. janúar.




*Dómarar og starfsfólk á RIG 2023.*

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 10. – 12. febrúar.
Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 12. – 11. mars.
ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 1. – 3. apríl

IMOC í Kópavogslaug, 5. – 6. maí
Sumarmót SSÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 10. – 11. júní
AMÍ haldið á Akureyri, 23. – 25. júní
ÍM í víðavatnssundi, Nauthólsvík, 21. júní.




*Dómarar að störfum á ÍM í víðavatnssundi sem haldið er í Nauthólsvík ár hvert.*

ÍM/ÍF 25 í Ásvallalaug, Hafnarfirði 10. – 12. nóvember
Bikarkeppni SSÍ, Reykjanesbæ 17. – 18. desember

***2024:***

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 26. – 28. janúar
Ásmeginmót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 23. – 24. mars
ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 12. – 14. apríl



*Dómarar einbeittir að störfum á ÍM50.*

IMOC haldið í Ásvallalaug, Hafnarfirði 3. – 4. maí
Sumarmót SSÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 15. – 16. júní
AMÍ í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 28. – 30. júní
ÍM í víðavatnssundi Nauthólsvík, 18. júlí
ÍM/ÍF 25 í Ásvallalaug, Hafnarfirði 8. – 10. nóvember
Bikarkeppni SSÍ í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 20. – 21. desember

***Verkefni erlendis:***
***2023:***

Smáþjóðaleikarnir haldir á Möltu, 28. maí – 03. júní
*Sarah Buckley og Tómas Gísli Guðjónsson*



*Tómas Gísli og Sarah fulltrúar Íslands við dómarastörf á Möltu.*

EM Masters í 25m laug haldið á Madeira, 19. – 25. nóvember og
EA Openwater Championship í 3 km og 5 km keppni.
*Ragnheiður Birna Björnsdóttir og Viktoría Gísladóttir*



*Tækninefnd EA Masters ásamt dómurum á alþjóðalista WA sem störfuðu á EM25 á Madeira.*

EM í 25 m laug í Otopeni, Rúmeníu, 5. – 10. desember
*Ingibjörg Ýr Pálmadóttir*




*Dómarar á EM25 í Otopeni Rúmeníu.*

***2024:***
EASC haldið í Belgrad, Serbíu 10. – 23. júní
*Ragnheiður Birna Björnsdóttir*
EA JSC haldið í Vilníus, Litháen 2. – 7. júlí
*Björn Valdimarsson*




*Ragnheiður Birna og Björn að störfum í Belgrad og Vilníus.*

## Dómaranámskeið:

Haldin voru 14 námskeið 2023 – 2024 fyrir almenna sunddómara.

Námskeiðin voru haldin í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og á Akureyri.

Leiðbeinendur á námskeiðunum voru dómarar á alþjóðalista SSÍ: Björn Valdimarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Sigurþór Sævarsson og Viktoría Gísladóttir.

Yfirdómaranámskeið hófst vorið 2023. Sex þátttakendur voru á námskeiðinu og útskrifuðust á ÍM25 í Ásvallalaug í nóvember 2024. Leiðbeinendur yfirdómaranema voru Björn Valdimarsson og Viktoría Gísladóttir.




*Nýútskrifaðir yfirdómarar ásamt leiðbeinendum.*

## Endurmenntun:

Dómararáðstefna var haldin í febrúar 2023 í kjölfar breytinga á sundreglum Alþjóða sundsambandsins, World Aquatics. Fundurinn var haldinn í Laugardalslaug og einnig var boðið uppá fundinn í beinu streymi. Tveir fundir yfirdómara voru haldnir árið 2023.

## Almennir dómarar SSÍ:

Það er áhugavert að rýna í tölfræðina á bakvið dómarana.

**2023:**

292 dómarar voru á lista í árslok, skráðir í 25 félögum. Af þeim voru 145 virkir dómarar, þ.e. dómarar sem hafa safnað allt frá 3 punktum til 333 punkta, og tóku þeir þátt í 43 mótum skráðum hjá dómaranefnd á Íslandi og í erlendum verkefnum. Alls gaf þetta 7765 punkta á árinu.

**2024:**

Dómurum fækkaði verulega árið 2024 en í lok árs voru 224 dómarar á lista skráðir í aðeins 18 félög. Af þeim voru 139 virkir dómarar, sem söfnuðu allt frá 3 punktum til 245 punkta, og tóku þátt í 44 mótum skráðum hjá dómaranefnd á Íslandi og í erlendum verkefnum. Alls söfnuðu þessir dómarar 7277 punktum á árinu.

Covid hafði áhrif á íþróttastarf almennt, þ.m.t. sundíþróttina, bæði með auknu brottfalli og minni nýliðun iðkenda. Dómaranefndin hefur einnig fundið fyrir þessu og er enn að glíma við afleiðingarnar með hlutfallslega færri dómurum en áður. Félögum sem áttu dómara á lista fækkaði úr 25 í 18 á milli ára og munaði þar mest um félög af landsbyggðinni sem væntanlega tengist því að þátttakendur á mótum frá þessum félögum hafa ekki verið að keppa. Dómaranefndin þarf mögulega að finna leiðir til að aðstoða landsbyggðina, t.d. með því að benda þeim á að hægt er að sitja dómaranámskeið í streymi. Skortur á dómurum, almennt, er þó ekki vegna

fækkunar úti á landi. Enn eru félög á höfuðborgarsvæðinu sem ekki eiga dómara á lista eða skila ekki dómurum í hlutfalli við keppendur. Sundíþróttin er mannfrek íþrótt og það þarf marga sjálfboðaliða fyrir hvern mótshluta, þar með talið að lágmarki 20 dómara, eigi mótshlutinn að teljast gildur. Til þess að keppendur séu vel undirbúnir og séu með löglega tíma fyrir stórmót, innanlands sem erlendis, þá er nauðsynlegt að þau læri sem fyrst að keppa eftir reglum WA og vera dæmd skv. þeim. Til þess að það sé hægt þá þarf að tryggja lágmarksmönnun móta, sífellda nýliðun, þjálfun og fræðslu í dómarahópnum og að lokum menntun og reynslu þeirra sem þar koma að.

Reykjavík 01. mars 2025

Fh. Dómaranefndar SSÍ

Viktoría Gísladóttir

Formaður

# Landsliðsmál SSÍ 2023-2024

## Æfingabúðir framtíðarhóps janúar 2023

Sundárið 2023 hófst með æfingabúðum framtíðarhóps helgina 21. – 22. janúar í Laugardal. Hópurinn samanstóð af 28 sundmönnum; 13 strákum og 15 stelpum.
Markmið með æfingabúðum framtíðarhóps eru að fræða og hvetja sundfólkið til dáða og styrkja liðsheildina. Það er von SSÍ að æfingabúðirnar virki hvetjandi, auki metnað hjá sundfólki til að ná betri árangri og síðast en ekki síst að góð vinabönd myndist óháð félögum.
Fyrirlesarar:
Anton Sveinn McKee, afreksmaður í sundi,
Bragi Reynir Sæmundsson, sálfræðingur,
Eyleifur Ísak Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ.

## Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa febrúar 2023

Dagana 31. – 3. febrúar var SSÍ með mælingar á sundfólki í landsliðshópum SSÍ í Laugardalslaug. Tuttugu og átta sundmenn tóku þátt í mælingunum.

Markmið með mælingum og sundgreiningu er:

- Að finna út dreifingu á orkukerfi sem gefur góðar upplýsingar um hvernig hægt er að bæta árangur sundfólks.
- Að finna út einstaklingsbundið æfingaálag en það gefur færi á að gera æfingar sérhæfðari.

Þann 4. febrúar var fræðslu- og æfingadagur fyrir sundfólkið sem tók þátt í mælingunum. Þar var farið yfir verkefni sundársins, landsliðslágmörk og alþjóðleg meistaramót sumarsins.

## Reykjavík International Games 2023

RIG 2023 fór fram 29. – 31. janúar. Góður árangur náðist á mótinu og tíu sundmenn náðu lágmörkum inn á alþjóðleg meistaramót fyrir sumarið 2023 sem þýddi að fleiri en von var á miðað við tímasetningu höfðu náð lágmörkum inn í landsliðshópa. Anton Sveinn tryggði sér lágmark á HM50.

## Æfingabúðir landsliðshópa SSÍ 2023

Æfingabúðir fyrir A- landslið og unglingalandslið fór fram í Gloria Sports Arena í Tyrklandi 15. -26. febrúar. Í hópnum var 21 sundmaður.
Æfingabúðirnar heppnuðust mjög vel og hópurinn æfði við heimsins bestu aðstæður.

## Íslandsmeistaramótið í 50 m laug 2023

Mótið var haldið í Laugardalslaug í samstarfi við Sundráð Reykjavíkur. Mótið gekk vel fyrir sig og árangur var góður. Sjö aldursflokkamet, tíu unglingamet og eitt Íslandsmet voru sett á mótinu.
Að loknu móti var valið lið fyrir Smáþjóðaleika auk sundfólks til að taka þátt í alþjóðlegum meistaramótum sumarsins (NÆM, EYOF, EMU og HM50).

## Æfingabúðir Framtíðarhóps apríl 2023

Æfingabúðir framtíðarhóps fóru fram í Reykjanesbæ 29. apríl – 30. apríl. Í æfingabúðunum tóku þátt 34 sundmenn; 16 strákar og 18 stelpur.

Markmið með æfingabúðum framtíðarhóps eru að fræða og hvetja sundfólkið til dáða og styrkja liðsheildina. Það er von SSÍ að æfingabúðirnar virki hvetjandi, auki metnað hjá sundfólki til að ná betri árangri og síðast en ekki síst að góð vinabönd myndist óháð félögum.

Fyrirlesarar:
Eyleifur Ísak Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ,
Eðvarð Þór Eðvarðsson, fyrrverandi afreksmaður í sundi og þjálfari hjá ÍRB,
Sigurður Örn Ragnarsson, afreksmaður í þríþraut og heilsuráðgjafi.

## Taastrup Open 2023

Tuttugu og tveir sundmenn úr framtíðarhópi og unglingalandsliði SSÍ héldu til Taastrup í Danmörku til að taka þátt í sundmóti um miðjan maí. Mótið var liður í undirbúningi sundmanna fyrir þátttöku í stærri alþjóðlegum mótum í framtíðinni. Virkilega góður árangur náðist á mótinu og endaði íslenska liðið sem stigahæsta lið mótsins og fékk stóran bikar að launum.

## Mare Nostrum 2023

Sjö sundmenn úr landsliði SSÍ fóru til Barcelona á Spáni um miðjan maí og tóku þátt í Mare Nostrum mótaröðinni. Mótaröðin samanstendur af þremur sterkum mótum sem fram fara í Canet í Frakklandi, Barcelona á Spáni og í Mónakó. Tveir sundmenn komust í 16 manna úrslit í Barcelona, þau Anton Sveinn og Snæfríður Sól. Anton og Snæfríður héldu til Mónakó eftir mótið í Barcelona og syntu sig bæði inn í úrslit á því móti.

## Æfingabúðir í Antibes 2023

Að loknu Mare Nostrum mótaröðinni héldu Anton og Snæfríður í vikulangar æfingabúðir í Antibes í Frakklandi og voru þar fram að Smáþjóðaleikum. Ýmir Sölvason tók þátt í æfingabúðunum í nokkra daga. Hann býr í Frakklandi og er í landsliðshópi SSÍ.

## Smáþjóðaleikar 2023

Tuttugu og eins manns hópur tók þátt í Smáþjóðaleikunum á Möltu 28. – 4. júní. Mótið var hluti af undirbúningi fyrir Norðurlandamót æskunnar, Evrópumeistaramót unglinga, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar og HM50 sem eru alþjóðleg meistaramót sem haldin eru í júlí og ágúst. Sundfólkið stóð sig með miklum sóma á Möltu, varð sigursælasta liðið á mótinu og tryggði sér 31 verðlaun; 10 gull, 11 silfur og 10 brons, sem er frábær árangur. Snæfríður setti fjögur Íslandsmet á mótinu og mikið var um persónulegar bætingar.

Keppendur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgitta Ingólfsdóttir | SH | Anton Sveinn McKee | SH |
| Eva Margrét Falsdóttir | ÍRB | Aron Þór Jónsson | Breiðablik |
| Freyja Birkisdóttir | Breiðablik | Bergur Fáfnir Bjarnason | SH |
| Jóhanna Elín Guðmundsdóttir | SH | Birnir Freyr Hálfdánarson | SH |
| Kristín Helga Hákonardóttir | SH | Daði Björnsson | SH |
| Katja Lilja Andriysdóttir | SH | Guðmundur Leo Rafnsson | ÍRB |
| Nadja Djurovic | Breiðablik | Símon Elías Statkevicius | SH |
| Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Álaborg | Snorri Dagur Einarsson | SH |
| Steingerður Hauksdóttir | SH | Veigar Hrafn Sigþórsson | SH |
| Vala Dís Cicero | SH | Ýmir Sölvason | Breiðablik |
| Ylfa Lind Kristmannsdóttir | Ármann | | |

## Evrópumeistaramót unglinga 2023

EMU var haldið í Belgrad í Serbíu dagana 4. – 9. júlí. SSÍ átti sjö keppendur á mótinu í ár, tveimur fleiri en árið 2022. Árangur á mótinu var mjög góður en þrír einstaklingar náðu í 16 manna úrslit og einn í átta manna úrslit en sundfólk á vegum SSÍ hefur ekki náð jafn góðum árangri í 12 ár.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Birgitta Ingólfsdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Birnir Freyr Hálfdánarson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Einar Margeir Ágústsson | Sundfélag Akraness |
| Freyja Birkisdóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Guðmundur Leo Rafnsson | Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar |
| Katja Lilja Andriysdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snorri Dagur Einarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |

## Norðurlandamót æskunnar 2023

NÆM var haldið í Jönköping í Svíþjóð 8. – 9. júlí og átti SSÍ níu keppendur á mótinu. Árangur var stórgóður en sundfólkið kom heim með fimm gull, þrjú silfur og eitt brons sem er betri árangur en hefur náðst um árabil. Mikið var um persónulegar bætingar.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Ásdís Steindórsdóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Ástrós Lovísa Hauksdóttir | Íþróttabandalag Reykjanesbæjar |
| Björn Ingvi Guðmundsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |

| | |
|---|---|
| Hólmar Grétarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Hulda Björg Magnúsdóttir Nilsen | Sundfélagið Ægir |
| Magnús Víðir Jónsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Margrét Anna Lapas | Sunddeild Breiðabliks |
| Sólveig Freyja Hákonardóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Vala Dís Cicero | Sundfélagi Hafnarfjarðar |

## Heimsmeistaramótið í 50 m laug 2023

Ísland átti tvo keppendur á HM50 sem fór fram í Fukuoka í Japan 23. – 30. júlí. Hópurinn tók þátt í níu daga sameiginlegum æfingabúðum Norðurlandanna í Kitakyushu í aðdraganda mótsins.
Anton Sveinn McKee náði frábærum árangri í 200 m bringusundi þar sem hann synti sig inn í undarúrslit, setti glæsilegt Íslandsmet og tryggði sér sæti í úrslitum. Anton endaði í sjöunda sæti og tryggði sér um leið sæti á Ólympíuleikana í París. Anton keppti einnig í 100 m bringusundi þar sem hann endaði í 21. sæti.
Snæfríður Sól Jórunnardóttir synti mjög vel á mótinu en hún tvíbætti Íslandsmetið sitt í 200 m skriðsundi, tryggði sér sæti í undanúrslitum og endaði í 14. sæti á mótinu. Hún synti einnig 100 m skriðsund á nýju Íslandsmeti og varð í 17. sæti.

## Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2023

SSÍ sendi fimm keppendur á EYOF í Maribor í Slóveníu. Árangur sundfólksins var stórgóður. Vala Dís Cicero átti frábært mót en hún synti sig inn í undanúrslit í 100 m skriðsundi og endaði í 14. sæti. Vala komst einnig í undanúrslit í 50 m skriðsundi og endaði í 13. sæti. Hún fór svo alla leið í úrslit í 200 m skriðsundi og endaði í 6. sæti í sundinu. Hólmar Grétarsson stóð sig einnig mjög vel en hann komst í úrslit í 400 m fjórsundi og varð í fimmta sæti. Hólmar bætti einnig aldursflokkametin í sínum greinum og það gerði Magnús Víðir sömuleiðis.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Hólmar Grétarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Magnús Víðir Jónsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Sólveig Freyja Hákonardóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Vala Dís Cicero | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Ylfa Lind Kristmannsdóttir | Sunddeild Ármanns |

## Æfingabúðir framtíðarhóps september 2023

Æfingabúðir framtíðarhóps voru haldnar í Ásvallalaug 30. september - 1.október 2023. Tuttugu og tveir sundmenn tóku þátt í æfingabúðunum.
Markmið með æfingabúðum framtíðarhóps eru að fræða og hvetja sundfólkið til dáða og styrkja liðsheildina. Það er von SSÍ að æfingabúðirnar virki hvetjandi, auki metnað hjá sundfólki til að ná betri árangri og síðast en ekki síst að góð vinabönd myndist óháð félögum.

Fyrirlesarar helgarinnar:
Eyleifur Ísak Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ,
Elín Sigurðardóttir, fyrrverandi afrekskona í sundi,
Númi Snær Katrínarson, heilsunuddari og þjálfari.

## Íslandsmeistaramótið í 25 m laug 2023

ÍM25 var haldið í Ásvallalaug dagana 10. -12. nóvember með pomp og prakt. Sundsambandið var sérstaklega ánægt með hvernig tókst til með umfjöllun í aðdraganda mótsins á samfélagsmiðlum og umgjörð mótsins í heild sinni.
Á mótinu náðist góður árangur. Þar voru slegin átta aldursflokkamet, fjögur unglingamet og tvö Íslandsmet. Í enda móts voru kynntir þeir einstaklingar sem höfðu fengið keppnisrétt á alþjóðlegu meistaramótin í desember. 6 einstaklingar náðu lágmörkum á EM25 og 20 einstaklingar á NM25.

## Norðurlandameistaramót 2023

Norðurlandameistaramótið 2023 var haldið í Tartu, Eistlandi. Ísland sendi 20 keppendur á mótið að þessu sinni.
Árangur var virkilega góður þar sem Guðmundur Leo vann gull í 200 m baksundi og Vala Dís vann gull í 200 m skriðsundi. Í allt vann íslenski hópurinn sjö verðlaun; tvö gullverðlaun, ein silfurverðlaun og fjögur brons. Það var ánægjulegt að sjá sundfólkið bæta þriggja mánaða gamla tíma frá ÍM25.

Keppendur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásdís Steindórsdóttir | Breiðablik | Aron Bjarki Pétursson | SH |
| Birgitta Ingólfsdóttir | SH | Bergur Fáfnir Bjarnason | SH |
| Eva Margrét Falsdóttir | ÍRB | Fannar Snævar Hauksson | ÍRB |
| Freyja Birkisdóttir | Breiðablik | Guðmundur Leo Rafnsson | ÍRB |
| Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir | ÍA | Hólmar Grétarsson | SH |
| Katja Lilja Andriysdóttir | SH | Magnús Víðir Jónsson | SH |
| Nadja Djurovic | Breiðablik | Símon Elías Statkevicius | SH |
| Sólveig Freyja Hákonardóttir | Breiðablik | Veigar Hrafn Sigþórsson | SH |
| Sunna Arnfinnsdóttir | ÍA | Ýmir Sölvason | Breiðablik |
| Sunneva B. Ásbjörnsdóttir | ÍRB | | |
| Vala Dís Cicero | SH | | |

## Evrópumeistaramótið í 25 m laug 2023

EM25 var haldið í Otopeni í Búkarest, Rúmeníu dagana 5. – 10. desember. SSÍ var með sex keppendur á mótinu. Árangur á mótinu var framar björtustu vonum. Anton Sveinn McKee tryggði sér silfurverðlaun í 200 m bringusundi og Snæfríður Sól varð í sjöunda sæti í 200 m skriðsundi og 13. sæti í 100 m skriðsundi. Snorri Dagur Einarsson synti sig inn í undanúrslit í 50 m bringusundi og endaði í 13. sæti. Eftirfarandi sundmenn tóku þátt í EM25.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Anton Sveinn McKee | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Birnir Freyr Hálfdánarson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Einar Margeir Ágústsson | Sundfélag Akraness |
| Jóhanna Elín Guðmundsdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snorri Dagur Einarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg Svømmeklub |

## Sundfólk ársins 2023

### Anton Sveinn McKee

Anton stóð sig afar vel á árinu og hefur haldið sínu striki. Hann hefur æft mjög vel bæði í USA og á Íslandi. Hann hefur staðið sig ágætlega á þeim mótum sem hann hefur tekið þátt í en var ekki upp á sitt besta á vormánuðum. Sumarið fór vel af stað og sundlega séð gekk mjög vel hjá honum í æfingabúðum fyrir HM50 í Japan í júlí. Anton stóð sig svo mjög vel á HM þar sem hann tryggði sér 7. sætið í 200 m bringusundi og stendur í lok þessa sundtímabils með fjórða besta tímann í Evrópu á þessu ári. Hann er einnig búinn að tryggja sig inn á ÓL í París 2024.

### Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Snæfríður stundaði æfingar í Álaborg í Danmörku. Snæfríður er búin að eiga gríðarlega gott sundár sérstaklega frá því í maí. Hún er búin að margbæta Íslandsmetin sín í 100 og 200 m skriðsundi á þessu ári, þá bætti hún 400 m skriðsundi í safnið. Hún tryggði sér fern gullverðlaun á Smáþjóðaleikunum. Snæfríður átti einnig stórgott HM50 en þar setti hún Íslandsmet í báðum sínum greinum og komst í 16 manna úrslit í 200 m skriðsundi og varð í 14. sæti auk þess að enda sautjánda í 100 m skriðsundi.

## Fagteymi árið 2023

SSÍ hefur gott teymi á bakvið sig en margir einstaklingar hafa komið að verkefnum sambandsins. Þar má helst nefna Braga Reyni Sæmundsson sálfræðing, Gauta Grétarsson sjúkraþjálfara, Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðing, Hlyn Sigurðsson sjúkraþjálfara, Hólmfríði Hilmarsdóttur nuddara, Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing og Ragnar Guðmundsson.
Þá þakkar Sundsambandið félagsþjálfurum, fjölmiðlafulltrúum og öðru starfsfólki sem tók þátt í verkefnum á vegum landsliðshópa. SSÍ þakkar sundfélögum fyrir að fá leyfi til að nýta starfskrafta starfsfólks þeirra.

## Æfingabúðir framtíðarhóps janúar 2024

Sundárið hófst á æfingabúðum hjá framtíðarhópi sem fram fóru í Reykjavík dagana 8. – 9. janúar. Það voru 30 sundmenn sem náðu lágmarki inn í hópinn að þessu sinni. SSÍ fékk sálfræðing til að vera með fræðslu m.a. um hugarfar sem féll í góðan jarðveg. Þá var fyrrum afreksmaður í sundi með fyrirlestur fyrir hópinn og yfirmaður landsliðsmála hélt fyrirlestur fyrir foreldra.
Markmið með æfingabúðum framtíðarhóps eru að fræða og hvetja sundfólkið til dáða og styrkja liðsheildina. Það er von SSÍ að æfingabúðirnar virki hvetjandi, auki metnað hjá sundfólki til að ná betri árangri og síðast en ekki síst að góð vinabönd myndist óháð félögum.

Fyrirlesarar helgarinnar:
Erla Dögg Haraldsdóttir, fyrrum afrekskona í sundi,
Bragi Reynir Sæmundsson, sálfræðingur,
Eyleifur Ísak Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ.

## Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa í janúar 2024

Sundmælingar fyrir landsliðshópa SSÍ fór fram 16. – 17. janúar og tóku um 20 sundmenn þátt í mælingunum. Laugardaginn 20. janúar var fræðsla fyrir sundfólkið. Þar var farið yfir verkefni sundársins, landsliðslágmörk og alþjóðleg meistaramót sumarsins. Einnig fékk sundfólkið fræðslu um lyfjamál frá lyfjaeftirlitinu hjá ÍSÍ.

## Reykjavík International Games 2024

RIG 2024 var haldið 26. – 28. janúar. Góður árangur náðist á mótinu. Sex sundmenn náðu lágmörkum inn á Alþjóðleg meistaramót sumarið 2024 og fjórir unglingar náðu lágmörkum inn á NÆM. Þá náðu margir einstaklingar þeim áfanga að komast inn í landsliðshópa.

## Æfingabúðir fyrir landsliðshópa SSÍ 2024

Æfingabúðir fyrir A- landslið og unglingalandslið fóru fram á Tenerife 30. janúar – 9. febrúar. Samtals fóru 29 sundmenn til Tenerife. Æfingabúðirnar heppnuðust vel.

## Heimsmeistaramótið í 50 m laug 2024

HM50 fór fram í Doha í Katar 11. – 17. febrúar og tók Jóhanna Elín Guðmundsdóttir þátt í mótinu að þessu sinni en þau Anton Sveinn og Snæfríður ákváðu að einbeita sér að æfingum á þessum tíma enda var þetta heimsmeistaramót á mjög óvenjulegum tíma. Jóhanna Elín stóð sig ágætlega á mótinu, varð í 42. sæti í 50 m skriðsundi og í 36. sæti í 50 m flugsundi.

## TYR Pro mót í Chicago 2024

TYR Pro mót í Chicago í Bandaríkjunum fór fram 6. – 9. mars. Þar synti Anton Sveinn á mjög sterku móti og stóð sig vel. Anton synti til úrslita í bæði 100 m og 200 m bringusundi.

## Stockholm Open 2024

Stockholm Open fór fram 5. – 8. Apríl í Svíþjóð og tóku þau Anton Sveinn og Snæfríður þátt í mótinu þar sem mikið af sterkasta sundfólki heims tók þátt. Þau syntu bæði í úrslitum á mótinu og varð Anton í þriðja sæti í 200 m bringusundi og 4. sæti í 100 m bringusundi. Snæfríður varð önnur í 200 m skriðsundi.

## Íslandsmeistaramótið í 50 m laug 2024

ÍM50 var haldið í Reykjavík dagana 12. – 14. apríl. Þar náðist flottur árangur því mörg aldurs- og unglingamet voru slegin á mótinu. Jafnframt náðu margir einstaklingar lágmarki til að taka þátt í alþjóðlegum meistaramótum sumarið 2024. Þess má geta að Anton Sveinn bætti 5 ára gamalt Íslandsmet, sem hann átti sjálfur, í 100 m bringusundi á mótinu. Sjö sundmenn náðu lágmarki á EM50, fimm á EMU og níu á NÆM.

## Taastrup Open 2024

Framtíðarhópur SSÍ tók þátt í Taastrup Open í Danmörku dagana 3. – 6. maí. Það voru alls 15 sundmenn sem náðu lágmarki á mótið 2024. Sundfólkið tryggði sér 13 gull, átta brons og átta silfur á mótinu í Danmörku. Sundfólkið tryggði sér einnig þriðja sætið í stigakeppni mótsins. Mikið var um persónulegar bætingar og einnig bætti sundfólkið mótsmetin í nokkrum greinum.

## London Race International 2024

AP Race London International fór fram í London Englandi dagana 24. – 28. maí. Á mótið fór það sundfólk sem er í unglinga- og landsliðshópum SSÍ. Mótið var mjög sterkt og tók mikið af besta sundfólki heims þátt í mótinu. Það var mikil ánægja með mótið en sundfólkið okkar fékk mikla reynslu við það að taka þátt í þessu móti. Margir bættu sig og syntu til úrslita á kvöldin.

## Mare Nostrum 2024

Mare Nostrum var haldið í Barcelona á Spáni 29. – 31. maí. Snæfríður og Anton tóku þátt í þessu móti sem var mjög sterkt og var mótið hluti af undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í París.

## Evrópumeistaramótið í 50 m laug 2024

EM50 fór fram í Belgrad í Serbíu 17. – 23. júní og var Ísland með sjö keppendur á mótinu. Hópurinn stóð sig mjög vel og mikið var um góða tíma.
Anton Sveinn synti 200 m bringusund og endaði í 4. sæti sem er frábær árangur. Sama var uppi á teningnum hjá Snæfríði Sól sem endaði í 4. sæti í 200 metra skriðsundi á nýju Íslandsmeti. Snorri Dagur Einarsson synti 100 m bringusund og varð í 22. sæti. Hann synti einnig 50 m bringusund og varð í 18. sæti. Jóhanna Elín Guðmundsdóttir synti 100 m skriðsund og varð í 29. sæti. Hún synti einnig 50 m flugsund og varð í 25. sæti.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Anton Sveinn McKee | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Birgitta Ingólfsdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Einar Margeir Ágústsson | Sundfélag Akranes |
| Jóhanna Elín Guðmundsdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Símon Elías Statkevicius | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snorri Dagur Einarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg Svømmeklub |

## Fyrri æfingabúðir fyrir Ólympíuleikana í París

Beint eftir EM50 í Belgrad, fóru Anton og Snæfríður í æfingabúðir til Tyrklands. Um var að ræða tveggja vikna æfingabúðir í samstarfi við danska landsliðið.

## Evrópumeistaramót unglinga 2024

EMU var haldið í Vilníus í Litháen 2. – 7. júlí. SSÍ átti fimm keppendur á mótinu sem er sami fjöldi og árið 2023. SSÍ átti tvo sundmenn í undanúrslitum á Evrópumeistaramóti unglinga. Það voru þeir Birnir Freyr Hálfdánarson og Guðmundur Leo Rafnsson. Birnir varð í 15. sæti í 200 m fjórsundi og Guðmundur Leo í 10. sæti í 200 m baksundi. Virkilega góður árangur.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Birnir Freyr Hálfdánarson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Freyja Birkisdóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Guðmundur Leo Rafnsson | Íþróttabandalag Reykjanesbæjar |
| Katja Lilja Andryisdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Vala Dís Cicero | Sundfélag Hafnarfjarðar |

## Norðurlandamót æskunnar 2024

Ísland átti átta keppendur á mótinu sem fram fór í Helsinki í Finnlandi og tryggði sundfólkið sér átta verðlaun á mótinu; fjögur gull og fjögur brons. Virkilega góður árangur hjá okkar fólki á NÆM.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Ásdís Steindórsdóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Ástrós Lovísa Hauksdóttir | Íþróttabandalag Reykjanesbæjar |
| Denas Kazulis | Íþróttabandalag Reykjanesbæjar |
| Hólmar Grétarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Magnús Víðir Jónsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Margrét Anna Lapas | Sunddeild Breiðabliks |
| Sólveig Freyja Hákonardóttir | Sunddeild Breiðabliks |
| Ylfa Lind Kristmannsdóttir | Sunddeild Ármanns |

## Seinni æfingabúðir fyrir Ólympíuleikana í París

Vegna lokunar á sundlaugum á Íslandi var ákveðið að lokaundirbúningur Antons og Snæfríðar fyrir Ólympíuleikana í París færi fram í Terrassa á Spáni dagana 13. – 24. júlí.

## Ólympíuleikar í París 2024

SSÍ átti tvo af fimm keppendum Íslands á Ólympíuleikunum París í Frakklandi. Eftir viðburðarríkan undirbúning var komið að stóru stundinni. Það er óhætt að segja að aðbúnaður fyrstu dagana á leikunum hafi ekki verið í takt við þá vinnu sem íþróttafólkið hafði lagt á sig. Rútuferðir milli staða gengu illa og oft var ekki til nægur matur fyrir íþróttafólkið. Þetta lagaðist þegar leið á leikana og var orðið fínt í lokin.
Sundfólkið lét þetta ekki slá sig út af laginu og stóðu sig vel. Anton Sveinn komst í undanúrslit í 200 m bringusundi og endaði í fimmtánda sæti sem er hans besti árangur á ÓL. Snæfríður Sól gerði slíkt hið sama og endaði í fimmtánda sæti í 200 m skriðsundi.

## Æfingabúðir framtíðarhóps september 2024

Framtíðarhópsæfingabúðir fóru fram í Hafnarfirði 7. – 8. september 2024 og voru 34 sundmenn í hópnum að þessu sinni.
Markmið með æfingabúðum framtíðarhóps eru að fræða og hvetja sundfólkið til dáða og styrkja liðsheildina. Það er von SSÍ að æfingabúðirnar virki hvetjandi, auki metnað hjá sundfólki til að ná betri árangri og síðast en ekki síst að góð vinabönd myndist óháð félögum.

Fyrirlesarar helgarinnar:
Eyleifur Ísak Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ,
Ragnar Guðmundsson, fyrrverandi afreksmaður í sundi,
Anna Steinsen, tómstunda- og félagsmálafræðingur.

## Mælingar og fræðsla fyrir landsliðshópa september 2024

Mjólkursýrumælingar fórum fram dagana 15. – 17. september og tóku 16 sundmenn þátt að þessu sinni. Á lokadeginum hélt Mark Faber landsliðsþjálfari Hollands fyrirlestur fyrir sundfólkið og stjórnaði æfingu ásamt félagsþjálfurum.

## Norðurlandameistaramótið 2024

Norðurlandameistaramótið í sundi fór fram í Vejle í Danmörku 1. – 3. desember 2024. Árangurinn á mótinu var virkilega góður en samtals vann sundfólkið til tíu verðlauna; fernra silfurverðlauna og sex bronsverðlauna sem er flottur árangur. Mikið var um góðar bætingar hjá okkar fólki. Eftirtaldir sundmenn fóru á NM:

Keppendur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásdís Steindórsdóttir | Breiðablik | Aron Bjarki Pétursson | SH |
| Eva Margrét Falsdóttir | ÍRB | Bergur Fáfnir Bjarnason | SH |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | ÍRB | Daði Björnsson | SH |
| Freyja Birkisdóttir | Breiðablik | Denas Kazulis | ÍRB |
| Katja Lilja Andriysdóttir | SH | Fannar Snævar Hauksson | ÍRB |
| Nadja Djurovic | SH | Hólmar Grétarsson | SH |
| Sólveig Freyja Hákonardóttir | Breiðablik | Magnús Víðir Jónsson | SH |
| Ylfa Lind Kristmannsdóttir | Ármann | Veigar Hrafn Sigþórsson | SH |
| | | Ýmir Sölvason | SH |

## Heimsmeistaramótið í 25 m laug 2024

HM25 fór fram í Búdapest í Ungverjalandi 10. – 15. desember 2024.
Sundsamband Íslands sendi átta keppendur og hafa þeir ekki verið fleiri á heimsmeistaramóti í sundi síðan árið 2016. Á mótinu voru sett fimm Íslandsmet, eitt unglingamet og margar persónulegar bætingar. Bestum árangri náði Snæfríður Sól sem endaði í 13. sæti í 100 m skriðsundi og 14. sæti í 200 m skriðsundi.

Keppendur:

| | |
|---|---|
| Birnir Freyr Hálfdánarson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Einar Margeir Ágústsson | Sundfélag Akraness |
| Guðmundur Leo Rafnsson | Íþróttabandalag Reykjanesbæjar |
| Jóhanna Elín Guðmundsdóttir | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snorri Dagur Einarsson | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg Svømmeklub |
| Símon Elías Statkevicius | Sundfélag Hafnarfjarðar |
| Vala Dís Cicero | Sundfélag Hafnarfjarðar |

## Sundfólk ársins 2024

### Anton Sveinn McKee

Anton hefur staðið sig vel á árinu. Hann hefur æft mjög vel. Anton æfði í USA frá janúar fram í apríl en eftir það stundaði hann æfingar á Íslandi. Það var mikill sigur þegar hann bætti Íslandsmet sitt í 100 m bringusundi í apríl en gamla metið var fimm ára gamalt sem hann átti sjálfur. EM50 í Belgrad í júní var mjög gott mót hjá Antoni. Hann endaði í 4. sæti í 200 m bringusundi á mótinu sem er gríðarlega flottur árangur. Hann átti einnig fína Ólympíuleika þar sem hann endaði í 15. sæti í 200 m bringusundi.

### Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Snæfríður hélt áfram að stunda æfingar í Álaborg í Danmörku á árinu 2024. Snæfríður hefur æft og staðið sig vel allt árið. Hún setti tvö Íslandsmet á árinu. Hún átti frábært EM50 í júní í Belgrad þar sem hún synti í undanúrslitum og úrslitum í 200 m skriðsundi og varð í 4. sæti. Hún synti einnig vel á ÓL þar sem hún varð í 15. sæti í 200 m skriðsundi.

## Fagteymi árið 2024

SSÍ er stolt af fagteyminu í kringum landsliðin en margt fagfólk hefur komið að verkefnum sambandsins. Þar má helst nefna Braga Reyni Sæmundsson sálfræðing, Eddu Dögg Ingibergsdóttur sálfræðing, Gauta Grétarsson sjúkraþjálfara, Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðing, Hlyn Sigurðsson sjúkraþjálfara, Hólmfríði Hilmarsdóttur nuddara, Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing, Nils Guðjón nuddara, Núma Snæ Katrínarson styrktarþjálfara, Ragnar Guðmundsson sem sá um sundmælingar og Milos Petrovic sem sá um styrktarmælingar.

Þá þakkar Sundsambandið félagsþjálfurum, fjölmiðlafulltrúum og öðru starfsfólki sem tók þátt í verkefnum á vegum landsliðshópa. SSÍ þakkar sundfélögum fyrir að fá leyfi til að nýta starfskrafta starfsfólks þeirra.

## Stærstu afrekin á árunum 2023- 2024 í flokki fullorðinna

### Anton Sveinn McKee

- Silfurverðlaun á EM25 í desember 2023 í 200 m bringusundi
- 7. sæti á HM50 2023 í 200 m bringusundi
- 4. sæti á EM50 júní 2024 í 200 m bringusundi
- 10. Sæti á EM25 2023 í 100 m bringusundi
- 15. sæti á ÓL 2024 í 200 m bringusundi

### Snæfríður Sól Jórunnardóttir

- 4. sæti á EM50 2024 í 200 m skriðsundi
- 5. sæti á EM25 2023 í 200 m skriðsundi
- 9. sæti í EM25 2023 í 100 m skriðsundi
- 15. sæti á ÓL 2024 í 200 m skriðsundi
- 14. sæti á HM50 2023 í 200 m skriðsundi
- 17. sæti á HM50 2023 100 m skriðsundi
- 13. sæti á HM25 2024 í 100 m skriðsundi
- 14. sæti á HM25 2024 í 200 m skriðsundi

### Snorri Dagur Einarsson

- 13. sæti EM25 í desember 2023 í 50 m bringusundi

## Stærstu afrekin á árunum 2023- 2024 í flokki unglinga

### Snorri Dagur Einarsson

- 8. sæti EMU 2023 í 50 m bringusundi

### Guðmundur Leo Rafnsson

- 10. sæti á EMU 2024 í 200m baksundi

### Birnir Freyr Hálfdánarson

- 15. sæti á EMU 2024 í 200m fjórsundi

## Íslensk met sett á árunum 2023- 2024

Í allt voru sett 34 Íslandsmet, 52 unglingamet og 42 aldursflokkamet á árunum 2023-2024.

| 2023 | ÍSL | UNG | ALD |
|---|---|---|---|
| jan | 3 | 6 | 4 |
| feb | 0 | 0 | 1 |
| mars | 0 | 1 | 2 |
| apr | 3 | 10 | 8 |
| mai | 0 | 0 | 0 |
| jun | 0 | 0 | 0 |
| jul | 5 | 2 | 4 |
| ág | 0 | 0 | 0 |
| sept | 3 | 1 | 3 |
| okt | 0 | 0 | 4 |
| nov | 0 | 0 | 0 |
| des | 5 | 11 | 14 |
| **samtals** | **19** | **31** | **40** |

| 2024 | ÍSL | UNG | ALD |
|---|---|---|---|
| jan | 0 | 0 | 0 |
| feb | 0 | 0 | 0 |
| mars | 0 | 0 | 0 |
| apr | 1 | 6 | 0 |
| mai | 0 | 0 | 0 |
| jun | 0 | 0 | 0 |
| jul | 2 | 2 | 1 |
| ág | 0 | 0 | 0 |
| sept | 0 | 0 | 0 |
| okt | 0 | 1 | 0 |
| nov | 10 | 10 | 1 |
| des | 2 | 2 | 0 |
| **Samtals** | **15** | **21** | **2** |

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 06**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. Mars 2025** staðfestir meðfylgjandi reikninga SSÍ fyrir árin 2023 og 2024 eins og þeir birtast á þingskjali 2025-06.

# Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023, með undirskrift sinni.

Reykjavík 18. mars 2025

Björn Sigurðsson
Formaður

Viktoría Gísladóttir
Gjaldkeri

# Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1.janúar 2023 til 31. desember 2023 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði 18. mars 2025

Fh. ER - ehf Endursk. og reikningsskil

# Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2023.
Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundssambands Íslands.

Reykjavík 18. mars 2025

Guðmundur Stefán Björnsson

Lóa Birna Birgisdóttir

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

# Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2024, með undirskrift sinni.

Reykjavík 18. mars 2025

Björn Sigurðsson
Formaður

Viktoría Gísladóttir
Gjaldkeri

# Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1.janúar 2024 til 31. desember 2024 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði 18. mars 2025

Fh. ER - ehf Endursk. og reikningsskil

# Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2024.
Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundssambands Íslands.

Reykjavík 18. mars 2025

Guðmundur Stefán Björnsson

Lóa Birna Birgisdóttir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 84.317.564 | 90.947.964 |
| Tekjur af mótum | 2 | 15.404.857 | 9.970.616 |
| Aðrar tekjur | 5 | 30.600.156 | 39.268.037 |
| Rekstrartekjur alls | | 130.322.577 | 140.186.617 |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 6 | 33.202.602 | 29.914.827 |
| Styrkir til deilda | 7 | 600.000 | 0 |
| Áhöld og tæki | 9 | 1.718.063 | 6.915.754 |
| Þátttaka í mótum | 10 | 81.112.299 | 82.480.341 |
| Kostnaður v/mótahalds | 11 | 15.286.799 | 11.301.802 |
| Rekstur mannvirkja | 12 | 1.722.129 | 1.572.630 |
| Rekstur skrifstofu | 13 | 5.041.849 | 4.958.086 |
| Kynnig, fræðsla og útbreiðsla | 14 | 3.071.982 | 3.111.804 |
| Önnur gjöld | 16 | 227.189 | 195.268 |
| Rekstrargjöld alls | | 141.982.912 | 140.450.512 |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | ( 11.660.335 ) | ( 263.895 ) |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | |
| Vaxtatekjur | | 441.309 | 515.282 |
| Seðilgjald | | 52.320 | 51.400 |
| Gengismunur | | ( 33.206 ) | ( 13.801 ) |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 101.225 ) | ( 122.740 ) |
| | | 359.198 | 430.141 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | ( 11.301.137 ) | 166.246 |

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | |
| Skammtímakröfur | 21 | 4.732.883 | 8.988.930 |
| Handbært fé | 22 | 5.802.216 | 12.133.460 |
| Veltufjármunir alls | | 10.535.099 | 21.122.390 |
| Eignir samtals | | 10.535.099 | 21.122.390 |

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | | |
| **EIGIÐ FÉ** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.458.118 | 12.291.872 |
| Tekjuafgangur ársins | | ( 11.301.137 ) | 166.246 |
| Eigið fé alls | | 1.156.981 | 12.458.118 |
| **SKAMMTÍMASKULDIR** | | | |
| Lánardrottnar | | 4.245.305 | 3.596.313 |
| Ýmsir lánadrottnar | | 1.221.392 | 4.000.000 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 2.799.050 | 0 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | 23 | 1.112.371 | 1.067.959 |
| Ógreidd laun | | 0 | 74.993 |
| Ógreiddur lífeyrissjóður | | 427.528 | 382.047 |
| Ógreidd sjóðagjöld | | 35.536 | 31.896 |
| Ógreidd staðgreiðsla | | 499.640 | 447.778 |
| Ógreitt tryggingargjald | | 149.667 | 131.245 |
| Skammtímaskuldir alls | | 9.378.118 | 8.664.272 |
| Skuldir og eigið fé samtals | | 10.535.099 | 21.122.390 |

# 66. þing
# Sundsambands Íslands
# Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
# 29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025 – 06**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **1. Framlög og styrkir** | | |
| Styrkir ÍSÍ | 42.382.835 | 39.850.000 |
| Olimpic Solidarity | 2.645.472 | 7.095.117 |
| Ríkisstyrkur | 3.274.955 | 3.330.000 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 4.479.654 | 5.545.929 |
| Lottó | 19.761.116 | 18.960.672 |
| **Aðrir styrktaraðilar** | | |
| Mótframlag vegna landsliðverkefna | 4.035.746 | 4.994.688 |
| Alþjóðlegir styrkir | 5.945.786 | 5.700.977 |
| Styrkir frá fyrirtækjum | 1.792.000 | 450.000 |
| Covid styrkur | 0 | 5.020.581 |
| Aðrir styrktaraðilar alls | 11.773.532 | 16.166.246 |
| Framlög og styrkir alls | 84.317.564 | 90.947.964 |
| **2. Tekjur af mótum** | | |
| Þáttökugjöld | 5.732.580 | 6.070.616 |
| Þáttökukostnaður í erl verkefnum | 3.750.000 | 3.900.000 |
| **Aðrar tekjur af mótum** | | |
| Endurgreiddur kostnaður | 135.000 | 0 |
| Aðgangseyrir | 33.000 | 0 |
| Gisting og uppihald | 5.754.277 | 0 |
| Aðrar tekjur af mótum alls | 5.922.277 | 0 |
| Tekjur af mótum alls | 15.404.857 | 9.970.616 |
| **5. Aðrar tekjur** | | |
| Þjónustugjald | 11.111.734 | 16.872.366 |
| Þjónustugjöld vegna afreksstarfs | 3.650.000 | 3.600.000 |
| Þjálfaranámskeið | 1.610.400 | 1.981.410 |
| Tekjur v/æfingabúða, námsk. ofl. | 4.675.000 | 6.087.500 |
| Þáttaka í afreksstarfi | 4.600.000 | 4.500.000 |
| Sundþing | 0 | 323.000 |
| Félagaskipti | 130.000 | 85.000 |
| **Aðrar tekjur án VSK** | | |
| Aðrar tekjur | 4.823.022 | 5.818.761 |
| Aðrar tekjur án VSK alls | 4.823.022 | 5.818.761 |
| Aðrar tekjur alls | 30.600.156 | 39.268.037 |
| **6. Laun og verktakagreiðslur** | | |
| **Laun** | | |
| Laun starfsmanna mannvirkja | 23.311.581 | 21.507.650 |
| Tryggingagjald | 1.746.556 | 1.587.828 |
| Lífeyrissjóður | 3.143.158 | 2.897.467 |
| Orlofs- og sjúkrasjóður | 325.270 | 302.192 |
| Slysatryggingar | 32.959 | 29.328 |
| Laun alls | 28.559.524 | 26.324.465 |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir** | | |
| Bifreiðastyrkir starfsmanna mannvirkja | 1.050.000 | 600.000 |
| Dagpeningar | 2.107.500 | 2.320.000 |
| Annað vegna starfsmanna | 884.505 | 670.362 |
| Bifreiða- og aðrir styrkir alls | 4.042.005 | 3.590.362 |
| **Verktakagreiðslur** | | |
| Verktakagreiðslur þjálfara | 601.073 | 0 |
| Verktakagreiðslur alls | 601.073 | 0 |
| Laun og verktakagreiðslur alls | 33.202.602 | 29.914.827 |
| **7. Styrkir til félaga** | | |
| Aðrir styrkir til félaga v/afreksmenn | 600.000 | 0 |
| Styrkir til deilda alls | 600.000 | 0 |

_nefndar

**9. Áhöld og tæki**

| | | |
|---|---|---|
| Búningar | 1.335.574 | 4.158.378 |
| Íþróttaáhöld | 328.489 | 414.408 |
| Skrifstofu og mótaáhöld | 54.000 | 2.152.678 |
| Merki og viðurkenningar | 0 | 190.290 |
| Áhöld og tæki alls | 1.718.063 | 6.915.754 |

**10. Þátttaka í mótum**

| | | |
|---|---|---|
| **Ferðakostnaður innanlands** | | |
| Rútur | 0 | 88.000 |
| Flug | 25.000 | 42.435 |
| Gisting | 14.000 | 358.000 |
| Uppihald | 187.200 | 0 |
| Ferðakostnaður innanlands alls | 226.200 | 488.435 |
| **Landsliðskostnaður** | | |
| Rútur/Leigubílar | 2.773.175 | 1.675.989 |
| Flug | 16.260.859 | 17.270.121 |
| Gisting | 24.468.851 | 15.419.156 |
| Uppihald | 5.461.193 | 19.801.065 |
| Annar ferðakostnaður erlendis | 534.459 | 168.823 |
| Dagpeningar starfsmenn | 1.405.000 | 2.299.817 |
| Ferðakostnaður erlendis alls | 50.903.537 | 56.634.971 |
| Þátttökugjald | 535.776 | 597.221 |
| Æfingadagar | 1.178.733 | 1.344.706 |
| Mælingar | 2.505.921 | 3.807.787 |
| Sjúkra og fagteymiskostnaður | 2.417.836 | 3.693.392 |
| Æfingakostnaður | 11.506.161 | 5.965.024 |
| Þátttaka í afreksstarfi | 5.200.000 | 4.600.000 |
| Móttaka v/landslið | 0 | 286.149 |
| **Annar þátttökukostnaður** | | |
| Annar kostnaður landslið | 6.638.135 | 5.062.656 |
| Annar þátttökukostnaður alls | 6.638.135 | 5.062.656 |
| Þátttaka í mótum alls | 81.112.299 | 82.480.341 |

**11. Kostnaður v/mótahalds**

| | | |
|---|---|---|
| Verðlaunapeningar | 2.168.028 | 2.625.748 |
| Dómgæsla | 0 | 62.315 |
| Útsendingar | 759.518 | 593.064 |
| Netkostn á sundmótum | 125.130 | 186.959 |
| Veitingar á mótum | 3.585.768 | 2.139.491 |
| Vinna við skráningar/umsjón móta | 3.063.981 | 1.928.758 |
| **Annar mótahaldskostnaður** | | |
| Annar mótahaldskostnaður | 5.584.374 | 3.765.467 |
| Annar mótahaldskostnaður alls | 5.584.374 | 3.765.467 |
| Kostnaður v/mótahalds alls | 15.286.799 | 11.301.802 |

**12. Rekstur mannvirkja**

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga (sbr. 11700) | 1.722.129 | 1.572.630 |
| Rekstur mannvirkja alls | 1.722.129 | 1.572.630 |

**13. Rekstur skrifstofu**

| | | |
|---|---|---|
| Sími | 1.310.834 | 622.105 |
| Ritföng | 9.435 | 26.376 |
| Prentun | 131.490 | 12.729 |
| Póstkostnaður | 3.431 | 9.998 |
| Fundakostnaður | 276.223 | 351.523 |
| Þingkostnaður | 0 | 403.440 |
| Kaffikostnaður og risna | 1.037.798 | 1.405.793 |
| Tölvukostnaður | 4.695 | 233.980 |
| Internetþjónusta | 1.193.858 | 1.145.449 |
| DK þjónusta og annar bókhaldsk | 459.927 | 416.791 |

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Önnur vinna skrifstofa | 72.516 | 0 |
| Auglýsingar | 23.374 | 21.638 |
| Gjöld til alþjóðasambanda | 146.062 | 0 |
| Fundir og þing erlendis | 237.401 | 201.531 |
| Annar skrifstofukostnaður | 134.805 | 106.733 |
| Rekstur skrifstofu alls | 5.041.849 | 4.958.086 |

**14. Kynning, fræðsla og útbreiðsla**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Námskeiðsgjöld | 0 | 117.784 |
| Ferðakostnaður v/námskeiða | 91.618 | 590.820 |
| Styrkir | 100.000 | 0 |
| **Nefndakostnaður** | | |
| Nefndir | 34.744 | 103.948 |
| Garpanefnd LEN/FINA | 53.290 | 239.819 |
| Nefndakostnaður alls | 88.034 | 343.767 |
| **Kostnaður v/námskeiðshalds** | | |
| Námskeið/Ráðstefna | 2.688.596 | 739.433 |
| Ferðakostn v/námskeiðahalds | 64.134 | 0 |
| Canvas námskeiðsefni | 39.600 | 1.320.000 |
| Kostnaður v/námskeiðshalds | 2.792.330 | 2.059.433 |
| Kynnig, fræðsla og útbreiðsla alls | 3.071.982 | 3.111.804 |

**16. Önnur gjöld**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Þjónustugjöld VISA/EURO | 41.396 | 45.169 |
| Þjónustugjöld banka | 185.793 | 150.099 |
| Önnur gjöld alls | 227.189 | 195.268 |

**21. Skammtímakröfur**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 1.880.172 | 8.500.800 |
| Viðskiptakröfur erlendar | 136.115 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 126.648 | 0 |
| Fyrirfram greiddur kostnaður | 2.589.948 | 488.130 |
| Skammtímakröfur alls | 4.732.883 | 8.988.930 |

**22. Handbært fé**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Sjóður | 29.557 | 29.557 |
| Arion banki 640 | 84.487 | 433.633 |
| Arion banki 800273 Leonard | 36.958 | 36.096 |
| Arion banki $180359 | 1.252 | 1.182 |
| Íslandsbanki 1327 | 1.834.174 | 5.968.171 |
| Íslandsbanki 7327 | 38.996 | 291.239 |
| Íslandsbanki 101760 | 3.621.631 | 18.361 |
| Landsbankinn $180045 | 12.457 | 11.750 |
| Íslandsbanki EUR.710152 | 33 | 34 |
| Landsbankinn 413089 | 140.679 | 5.303.341 |
| Íslandsbanki 604028 NSF | 4 | 4 |
| Íslandsbanki 604325 | 1.935 | 38.750 |
| Íslandsbanki 605247 | 53 | 1.342 |
| Handbært fé alls | 5.802.216 | 12.133.460 |

**23. Ógreitt vegna starfsfólks**

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun | 0 | 74.993 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | 1.112.371 | 1.067.959 |

# 66. þing
# Sundsambands Íslands
# Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
# 29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025 – 07**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025**
Samþykkir að veita eftirfarandi einstaklingum heiðursviðurkenningar SSÍ:

**Silfurmerki**

- **Doktor Ingi Þór Einarsson** hefur starfað í sundhreyfingunni í tugi ára. Sjálfur var hann sundmaður, en lengst af starfaði hann við afreksþjálfun fatlaðra í sundi ásamt því að starfa sem lektor við HR. Ingi Þór kemur einnig að fræðslu hjá SSÍ sem einn af lykilmönnum í þjálfarmenntun hjá sambandinu.
- **Ingibjörg ÝR Pálmadóttir** dómari til margra ára sem dæmt hefur í fjölda móta bæði innanlands og utan og fyrir ýmis störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi.
- **Ragnheiður Birna Björnsdóttir** dómari til margra ára sem dæmt hefur í fjölda móta bæði innanlands og utan og fyrir ýmis störf í þágu sundhreyfingarinnar.
- **Helgi Þór Þórsson** formaður Ægis fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Aðalbjörg Óladóttir** varaformaður ÍBH fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Pálmey Magnúsdóttir** stjórnarmaður í SH fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Guðrún Pálsdóttir** stjórnarmaður í stjórn SSÍ fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Tómas Gísli Guðjónsson** stjórnarmaður í Sundfélagi Hafnarfjarðar og reyndur dómari fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Unnur Elfa Guðmundsdóttir** öflugur sjálfboðaliði á sundmótum SSÍ og fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Kári Geirlaugsson** ÍA garpur hefur átti langan og farsælan íþróttaferil, Á fullorðinsárum hefur Kári einbeitt sér að sundi og keppt í garpaflokki með stórgóðum árangri bæði hérlendis og erlendis.
- **Davíð Hildiberg Aðalsteinsson** var í landsliði Íslands í sundi og varð sundmaður ársins 2017. Það ár varð hann einnig Norðurlandameistari í baksundi. Hann kom að gerð mannvirkjaskýrslu SSÍ, þar sem hann lagði til úrbætur á sundlaugum og aðstöðu fyrir iðkendur
- **Ágúst Júlíusson** fyrrum formaður sunddeildar ÍA fyrir ýmis störf innan sundreyfingarinnar á Íslandi
- **Mladen Tepavcevic** þjálfari hjá SH fyrir þátttöku í fjölda landsliðsverkefna á vegum SSÍ um allan heim.
- **Sigtryggur Símonarson** öflugur sjálfboðaliði á sundmótum SSÍ og fyrir ýmis störf innan sundrheyfingarinnar á Íslandi
- **Einar Þór Sigurjónsson** stjórnarmaður í SH fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Guðmundur Stefán Björnsson** skoðanamaður reikninga hjá SSÍ fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi
- **Rémí Spilliaert** hefur verið öflugur meðlimur í Garpa starfi á Íslandi. Hann hefur sett fjöldan allan af garpametum og tekið þátt í garpamótum hérlendis sem erlendis, en hann er þessa helgi að keppa á meistaramóti garpa í Finnlandi. Remí er þekktur fyrir að vera hvetjandi liðsfélagi.
- **Arnheiður Hjörleifsdóttir** ÍA yfirdómari í sundi, þjálfari garpa hjá UMSB, æfir sjálf með görpum hjá ÍA og lauk í vikunni við Alcatraz sundið í San Fransico

- **Lárus Lúðvík Hilmarsson** dómari til margra ára sem dæmt hefur í fjölda móta bæði innanlands og utan og fyrir ýmis störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi.
- **Júlía Þorvaldsdóttir** varaformaður stjórnar SSÍ og fyrrum varaformaður sundfélagsins Ægis fyrir ýmis störf innan sundhreyfingarinnar á Íslandi aðallega sem ofur þulur 😊

**Ermasund 28. september 2024**
Fjórar íslenskar konur sem kalla sig Valkyrjurnar syntu yfir Ermarsundið í boðsundi 28. september sl., og er það fyrsta boðsundssveitin frá Íslandi þar sem aðeins fjórir einstaklingar synda yfir. Í sveitinni voru María Fanndal Birkisdóttir, Iðunn Ása Óladóttir, Ásta Þóra Ólafsdóttir og Ísey Gréta Þorgrímsdóttir. Sveitin synti yfir á 12 klukkustundum og 56 mínútum og er það annar besti tími sem íslensk sveit hefur synt á. Ermarsundið er 34 km í beinni línu en sterkir straumar gera sundið yfirleitt lengra. Skemmtilegt er að segja frá því að Ásta Þóra er elsti Íslendingurinn svo vitað sé til að hafa synt Ermarsund en hún er 61 árs.
María Fanndal Birkisdóttir
Iðunn Ása Óladóttir
Ásta Þóra Ólafsdóttir
Ísey Gréta Þorgrímsdóttir.

Benedikt Hjartarson var fyrstur Íslendinga til að synda yfir Ermasundið árið 2008 og hefur verið stoð þeirra og stytta sem hafa synt yfir Ermasundið. Benni hefur einnig verið öflugur liðsmaður sjósunds á Íslandi.

**Gullmerki**

- **Viktoría Gísladóttir** fráfarandi stjórnarmaður í stjórn SSÍ og formaður dómaranefndar fyrir eintaklega óeigingjarnt starf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi undanfarin ár.

- **Þorkelll Sigurbjörnsson** fjölmiðlamaður fyrir skemmtilega umfjöllun um sund í bók sinni "Með harðfisk og hangikjöt að heiman: undirbúningur og þátttaka Íslands á Sumarólympíuleikunum í London árið 1948", og fyrir framúrskarandi umfjöllun um sundíþróttina síðastliðin ár.

- **Hildur Karen Aðalsteinsdóttir** fyrrum framkvæmdastjóri SSÍ og núverandi stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir margvíslega störf innan sundíþróttarinnar á Íslandi

- **Ingi Þór Ágústsson** fyrrum sundþjálfari, sundmaður og stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ og núverandi íþróttalýsandi fyrir margvíslega störf innan sundíþróttarinnar á Íslandi.

- **Ragnar Guðmundsson** er enn virkur í sundhreyfingunni og starfar fyrir Sundsamband Íslands við sundmælingar og fræðslu. Hann er lykilmaður í þróun námsefnis fyrir þjálfaramenntun SSÍ. Ragnar var fremsti langsundsmaður landsins um árabil og keppti á Ólympíuleikunum í Seoul árið 1988.

- **Hrafnhildur Lúthersdóttir** fyrrum stjórnarmaður í SSÍ, er afrekskona í sundi sem keppti á tvennum Ólympíuleikum (2012-2016), þar sem hún synti til úrslita í Ríó. Hún vann verðlaun á Evrópumóti 2016 í London, Hrafnhildur hefur starfað sem þjálfari við góðan orðstýr einnig hefur hún tekið að sér fjölmiðlun SSÍ á stórmótum.

- **Jakob Jóhann Sveinsson** keppti á fernum Ólympíuleikum (2000-2012) og var framúrskarandi sundmaður landsliðsins í yfir áratug. Hann lagði sitt af mörkum við gerð mannvirkjaskýrslu SSÍ, sem er mikilvægt skref í að bæta aðstöðu fyrir sundið á Íslandi.

- **Eygló Ósk Gústafsdóttir** er fyrrum afrekskona í sundi sem keppti á tvennum Ólympíuleikum (2012-2016), þar sem hún synti til úrslita í Ríó. Hún hefur unnið verðlaun á Evrópumeistaramótum og var kjörin íþróttamaður ársins árið 2015.

- **Hreggviður Þorsteinsson** frumkvöðull sundhreyfingunni sem þjálfari, en hann einnig í pólóliði Ægis og margfaldur íslandsmeistari með þeim. Hann einn af aðalmönnum í uppbyggingu á S.f Ægi árið 1965 og í mörg ár þar á eftir. Hann var stjórnarmaður hjá SSÍ, einnig starfaði hann sem gjaldkeri í ein 10 ár.

Síðast en ekki síst þá langar okkur að heiðra sundkappann sem ákvað að setja skýluna á snúruna í haust, en það er Anton Sveinn McKee.

**Anton Sveinn McKee** hefur átt glæsilegan feril, keppti á fernum Ólympíuleikum (2012-2024)

- **2012 í London:** Tók hann þátt 1500m skriðsundi og varð 25, hann keppti einnig í 400 metra fjórsundi og endaði í 31. sæti.

- **2016 í Ríó de Janeiro:** Keppti í 200 metra bringusundi og hafnaði í 18. sæti.

- **2020 í Tókýó:** keppti hann í 200 metra bringusund og lauk keppni í 24. sæti.

- **2024 í París:** Þar varð hann í 15 sæti í 200 metra bringusundi

Hann vann silfurverðlaun á Evrópumeistaramóti í 25m laug 2023 og synti til úrslita á 200m bringusundi á Tvennum heimsmeistaramótum. Anton er einnig virkur í baráttunni fyrir betri aðstæðum fyrir afreksíþróttafólk á Íslandi. Með þessum árangri hefur Anton Sveinn Mckee skráð sig í sögubækur íslensks sundíþróttar sem einn af fremstu sundmönnum landsins.

**Sjálfboðaliði ársins**

- Guðrún Pálsdóttir ÍRB
- Pámey Magnúsdóttir SH

**Orkubombur sem veigra sér ekki við að halda uppi heilu sundmótunum og skemmtunum með öllu sem því tilheyrir og fara svo heim í pásunni og skella í nokkra Marens botna.**
**Heiðursfélagi SSÍ 2025**
**Eðvarð Þór Eðvarðsson**

Eðvarð Þór Eðvarðsson hefur sett mark sitt á sundíþróttina um árabil. Fyrst sem sundmaður en hann byrjaði að æfa sund hjá Njarðvík 8 ára gamall, seinna sem afreksmaður í sundi og síðast en ekki síst sem farsæll þjálfari. Hann hefur verið merkisberi sundíþróttarinnar í Njarðvík og á Íslandi í tæplega 50 ár. Eðvarð Þór státar af einum besta sundferli sem íslenskur sundmaður hefur átt og náð frábærum árangri hér heima og á alþjóðlegum vettvangi. Árið 1986 var hann kjörinn íþróttamaður ársins. Það ár var hann fyrstur íslenskra sundmanna til að komast í úrslit á heimsmeistaramóti í sundi. Hann setti jafnframt Norðurlandamet á mótinu. Árið 1988 komst hann í 16. manna úrslit á Ólympíuleikum. Þá hefur Eðvarð Þór sett fjölda Íslandsmeta á ferlinum. Þegar keppnisferlinum lauk átti UMFN og sundíþróttin í heild sinni því láni að fagna fá Eðvarð til starfa sem þjálfara og stendur sundhreyfingin í heild í mikilli þakkarskuld við hann fyrir það. Hann hefur verið góð fyrirmynd og afar farsæll þjálfari. Með sínu góða starfi hefur hann glætt sjálfstraust og keppnisanda óteljandi ungmenna og hjálpað þeim til að verða ekki eingöngu betri sundmenn, heldur betri einstaklingar sem sýna samferðafólki sínu virðingu og sinna þeim verkefnum sem þau takast á við í lífinu með dugnaði, elju og samviskusemi.

**Guðmundur Gíslason**
Guðmundur Gíslason á langan og farsælan feril að baki sem einn af okkar fremstu sundmönnum. Hann var fyrstur Íslendinga að ná þeim ótrúlega árangri að keppa á fjórum Ólympíuleikum, í Róm 1960, Tókýó 1964, Mexíkó-borg1968 og í á leikunum í Vestur-Þýskalandi 1972. Hann setti yfir 150 Íslandsmet á ferlinum og náði góðum árangri á alþjóðlegum mótum. Hann var kjörinn Íþróttamaður ársins í tvígang, fyrst árið 1962 og svo aftur sjö árum síðar, 1969. Eftir að hann hætti keppni hefur hann verið hvetjandi og ötull stuðningsmaður sundhreyfingarinnar hér á landi. Hann starfaði með Sundráði Reykjavíkur og Sundsambands Íslands um árabil. Hann barðist fyrir betri aðstöðu fyrir sundíþróttina og sat í byggingarnefnd Laugardalslaugarinnar[1] á sjöunda áratugnum.

**Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
Hafnhildur Guðmundsdóttir er brautryðjandi í Íslensku sundi og ein af fremstu sundkonum sem Ísland hefur alið. Hún keppti fyrir Íslands hönd á tveimur Ólympíuleikum – í Tókýó 1964 og Mexíkóborg 1968 – og varð þar með ein af fyrstu íslensku konunum til að keppa á þessum stærsta alþjóðlega vettvangi íþrótta. Hún var margfaldur Íslandsmeistari, fjölhæf og yfirburðar sundkona um langt árabil, ekki bara hér heima heldur líka á erlendum vettvangi. Hún var fjórum sinnum á lista yfir kjör íþróttamann ársins, 1963, 1964, 1965 og 1968. Eftir að keppnisferlinum lauk helgaði Hrafnhildur sig sundkennslu og þjálfun, lengst af í Þorlákshöfn og á Selfossi. Hún á farsælan þjálfaraferil að baki og þjálfaði hún meðal annars eigin börn sem eins og hún náðu góðum árangri í sundi.

## *Greinargerð*

**Heiðursfélagi SSÍ** – Gera má einstakling að heiðursfélaga í SSÍ sem hefur unnið sundíþróttum á Íslandi samfellt gagn megnið af uppvexti og starfsævi sinni. Einnig má gera þá að heiðursfélögum sem gegna embætti forseta Íslands, enda leggi þeir sundíþróttahreyfingunni til jákvæða ímynd.

[1] Morgunblaðið 23. júlí 1966

**Gull- og silfurmerki SSÍ** – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

**Gullmerki SSÍ** má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

**Silfurmerki SSÍ** skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

**Þjónustumerki SSÍ** má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. Mars  2025**
staðfestir meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSÍ fyrir árið 2025-2027 eins og hún birtist á þingskjali 2023-08

## REKSTRARÁÆTLUN 2023-2025

| | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | | | |
| Framlög og styrkir | 90.947.964 | 84.317.564 | 99.576.000 | 102.563.280 | 105.640.178 |
| Tekjur af mótum | 9.970.616 | 15.404.857 | 17.500.000 | 18.025.000 | 18.565.750 |
| Aðrar tekjur | 39.268.037 | 30.600.156 | 34.500.000 | 35.535.000 | 36.601.050 |
| **Rekstrartekjur alls:** | 140.186.617 | 130.322.577 | 151.576.000 | 156.123.280 | 160.806.978 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 29.914.827 | 33.802.602 | 38.872.992 | 40.816.642 | 42.041.141 |
| Áhöld og tæki | 6.915.754 | 1.718.063 | 1.838.327 | 1.893.477 | 1.950.282 |
| Þáttaka í mótum | 82.480.341 | 81.112.299 | 82.734.545 | 85.216.581 | 87.773.079 |
| Kostnaður v/mótahalds | 11.301.802 | 15.286.799 | 16.356.875 | 16.847.581 | 17.353.009 |
| Rekstur mannvirkja | 1.572.630 | 1.722.129 | 1.842.678 | 1.897.958 | 1.954.897 |
| Rekstur skrifstofu | 4.958.086 | 5.041.849 | 5.394.778 | 5.556.622 | 5.723.320 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 3.111.804 | 3.071.982 | 3.287.021 | 3.385.631 | 3.487.200 |
| Önnur gjöld | 195.268 | 227.189 | 243.092 | 250.385 | 257.897 |
| **Rekstrargjöld alls:** | 140.450.512 | 141.982.912 | 150.570.309 | 155.864.878 | 160.540.825 |
| **Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:** | -263.895 | -11.660.335 | 1.005.691 | 258.402 | 266.154 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)** | | | | | |
| Vaxtatekjur | 515.282 | 441.309 | 100.000 | 105.000 | 110.000 |
| Seðilgjald | 51.400 | 52.320 | 60.000 | 60.000 | 60.000 |
| Gengismunur | -13.801 | -33.206 | - 25.000 | - | - |
| Fjármagnstekjuskattur | -122.740 | -101.225 | 20.000 | 22.000 | 23.000 |
| **Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:** | 430.141 | 359.198 | 155.000 | 83.000 | 87.000 |
| **Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :** | 166.246 | -11.301.137 | 1.160.691 | 341.402 | 353.154 |
| **Hagnaður/tap fyrir önnur gjöld:** | 166.246 | -11.301.137 | 1.160.691 | 341.402 | 353.154 |
| **Hagnaður/tap ársins:** | 166.246 | -11.301.137 | 1.160.691 | 341.402 | 353.154 |

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 09**

Tillaga frá stjórn SSÍ fyrir sundþing 2025:

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025** samþykkir að meðlimagjöld SSÍ fyrir árin 2025 - 2027 verði með eftirfarandi hætti. Breytingin tekur gildi í ágúst 2025.

1) **Gjöld almennra meðlima í félögum**
   a. **Meðlimagjald 0-10 ára (yngri en 10 ára)** verður 1.000 kr. Allir á aldrinum 0-10 ára sem æfa sund reglulega eða koma á einhverskonar námskeið eða kennslu á vegum félaga sem standa yfir í lengri eða skemmri tíma.
   b. **Meðlimagjald 10 ára og eldri** verður 5.000 kr. Allir 10 ára og eldri sem æfa sund reglulega amk 2svar í viku í 6 vikur í senn og greiða æfingagjöld til félags.
   c. **Meðlimagjald aðrir** verður 1.000 kr og nær til allra sem mæta á einhverskonar styttri námskeið eða æfingar á vegum félaga. Þetta gildir um meðlimi í Sjór, skriðsundsnámskeið og öll önnur námskeið eða kennslu á vegum félaga einnig þeirra sem teljast til almenningsíþrótta í Sportabler.
   d. **Keppnispassi mót yngri og garpar** verður 5.000 og nær til allra sem keppa á mótum sem skráð eru í Splash eða Swimify.
   e. **Keppnispassi SSÍ mót** verður 10.000 og nær til allra sem keppa á SSÍ mótum sem eru AMÍ, ÍM25, ÍM50, BIKAR og RIG.
   f. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að meðlimagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka meðlimagjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
   g. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að keppnispassi sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka keppnispassa umfram kostnaðarhækkanir.
   h. Gjöldin eru innheimt 1 sinni á ári.
   i. Breyta þarf reglugerð þar sem þjónustugjöld eru látin heita meðlimagjöld.
   j. Sundþing felur stórn SSÍ áfram að ákvarða hækkanir/lækkanir á stungugjöldum eftir þörfum hverju sinni.

**Greinargerð:**
Á síðasta sundþingi tókst ekki að ná fram markmiðum um breytingu meðlimagjalda (þá þjónustugjalda). Tekjumarkmið gjaldanna náðist ekki og það markmið að fjölga iðkendum í sundhreyfingunni náðist alls ekki. Þessi tillaga hefur verið kynnt forsvarsfólki nokkurra félaga og hefur mælst vel fyrir. Sem fyrr er tilgangur tillögunnar að ná tekjuaukningu hjá SSÍ þannig að meðlimagjöld standi undir einu stöðugildi, auk þess sem þessi tillaga gengur út á að allir sem stunda æfingar eða námskeið í sundi greiði lágmarksgjald og teljist þar með til iðkenda í tölum ÍSÍ. Í flestum löndum í kringum okkur er sund íþrótt sem er í 5.-7. sæti hvað fjölda iðkenda varðar. Við teljum að ef þetta markmið næst þá verði aukning um 25 – 30 % innan sundhreyfingarinnar.

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

Breytt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 09**

---

Tillaga frá stjórn SSÍ fyrir sundþing 2025:

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025** samþykkir að meðlimagjöld SSÍ fyrir árin 2025 - 2027 verði með eftirfarandi hætti. Breytingin tekur gildi í ágúst 2025.

1) **Gjöld almennra meðlima í félögum**
   a. **Meðlimagjald 0-9 ára (yngri en 10 ára)** verður 1.000 kr. Allir á aldrinum 0-9 ára sem æfa sund reglulega eða koma á einhverskonar námskeið eða kennslu á vegum félaga sem standa yfir í lengri eða skemmri tíma.
   b. **Meðlimagjald 10 ára og eldri** verður 5.000 kr. Allir 10 ára og eldri sem æfa sund reglulega amk 2svar í viku í 6 vikur í senn og greiða æfingagjöld til félags.
   c. **Meðlimagjald aðrir** verður 1.000 kr og nær til allra sem mæta á einhverskonar styttri námskeið eða æfingar á vegum félaga. Þetta gildir um meðlimi í Sjór, skriðsundsnámskeið og öll önnur námskeið eða kennslu á vegum félaga einnig þeirra sem teljast til almenningsíþrótta í Sportabler.
   d. **Keppnispassi** verður 6.000 fyrir sundárið og nær til allra sem keppa á mótum sem skráð eru í Splash eða Swimify.
   e. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að meðlimagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka meðlimagjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
   f. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að keppnispassi sundiðkenda hækki 1.janúar 2026 og 2027. Ekki má hækka keppnispassa umfram kostnaðarhækkanir.
   g. Gjöldin eru innheimt 1 sinni á ári.
   h. Breyta þarf reglugerð þar sem þjónustugjöld eru látin heita meðlimagjöld.
   i. Sundþing felur stórn SSÍ áfram að ákvarða hækkanir/lækkanir á stungugjöldum eftir þörfum hverju sinni.
   j. SSÍ mun taka út úr Abler alla iðkendur 9 ára og yngri og innheimta meðlimagjöld 1000 kr. Iðkendur 10 ára og eldri verða allir 5000 kr. Nema félögin sendi SSÍ aðra skýringu.

**Greinargerð:**
Á síðasta sundþingi tókst ekki að ná fram markmiðum um breytingu meðlimagjalda (þá þjónustugjalda). Tekjumarkmið gjaldanna náðist ekki og það markmið að fjölga iðkendum í sundhreyfingunni náðist alls ekki. Þessi tillaga hefur verið kynnt forsvarsfólki nokkurra félaga og hefur mælst vel fyrir. Sem fyrr er tilgangur tillögunnar að ná tekjuaukningu hjá SSÍ þannig að meðlimagjöld standi undir einu stöðugildi, auk þess sem þessi tillaga gengur út á að allir sem stunda æfingar eða námskeið í sundi greiði lágmarksgjald og teljist þar með til iðkenda í tölum ÍSÍ. Í flestum löndum í kringum okkur er sund íþrótt sem er í 5.-7. sæti hvað fjölda iðkenda varðar. Við teljum að ef þetta markmið næst þá verði aukning um 25 – 30 % innan sundhreyfingarinnar.

Samþykkt

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

Tillaga frá Berglindi Ósk Bárðardóttur þjálfara Ægis fyrir sundþing 2025:

Langar að koma með tillögu að málefni til að ræða

Félagaskipti 12 ára og yngri
Ef að það kemur beiðni um félagaskipti fyrir börn yngri en 12 ára þá langar mig að leggja til að farið verði frá þessari 30 daga reglu.
Ef að fyrra félag er búið að staðfesta að engin fjárhagsleg skuldbinding sé þá finnst mér að það ætti að vera nóg, krakkar yngri en 12 ára eru í flestum tilfellum bara að keppa á innanfélagsmótum og félagamótum og þá kannski AMÍ.

Þetta er bara hugmynd eftir að hafa gengið í gegnum þetta með þessar 10 ára í janúar þá bara bara upplifun þeirra á öllu þessu frekar neikvæð og hugsanlega ætti að skipta reglunum upp 12 ára og yngri og 13+

Breytt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 10**

Tillaga frá Berglindi Ósk Bárðardóttur þjálfara Ægis fyrir sundþing 2025:

Langar að koma með tillögu að málefni til að ræða

Félagaskipti 12 ára og yngri
Ef að það kemur beiðni um félagaskipti fyrir börn yngri en 12 ára þá langar mig að leggja til að farið verði frá þessari 30 daga reglu.
Ef að fyrra félag er búið að staðfesta að engin fjárhagsleg skuldbinding sé þá finnst mér að það ætti að vera nóg, krakkar yngri en 12 ára eru í flestum tilfellum bara að keppa á innanfélagsmótum og félagamótum og þá kannski AMÍ.

Þetta er bara hugmynd eftir að hafa gengið í gegnum þetta með þessar 10 ára í janúar þá bara bara upplifun þeirra á öllu þessu frekar neikvæð og hugsanlega ætti að skipta reglunum upp 12 ára og yngri og 13+

Laga- og leikreglnanefnd á Sundþingi 2025 leggur til að stjórn SSÍ endurmeti reglur um félagaskipti á Íslandi. Líta skal til verklags á hinum norðurlöndunum og einnig skal sérstaklega horfa til aldurs viðkomandi iðkenda með sérstakri áherslu á 12 ára og yngri. Það þarf að vera ljóst hver tilgangur félagaskiptaglugga er. Stjórn skal einnig meta hvort sérstakar ástæður kalla á breytingar eða vægara ferli fyrir ákveðna hópa. Þá þarf að hafa í huga hvernig félagaskipti yngri hópa geta stuðlað að minnkuðu brottfalli í sundi.

Samþykkt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 11**

## Tillaga frá stjórn SH fyrir sundþing 2025:

SH leggur til nafnabreytingu á Aldursflokkameistaramóti Íslands.

Í stað þess að heita Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) þá muni mótið heita Íslandsmeistaramót aldursflokka. Í töluðu máli væri enn talað um AMÍ en opinbera heitið væri Íslandsmeistaramót aldursflokka.

Skilgreining: Þar sem almennur skilningur á nafninu aldursflokkameistaramót er mjög takmarkaður utan sundhreyfingarinnar og er tillagan því lögð fram með það að leiðarljósi að auðvelda bæði félögum og SSÍ að sækja styrki vegna mótsins, td. ferðastyrki, ásamt því að tryggja að okkar afreksfólk geti með sanni titlað sig Íslandsmeistara líkt og jafnaldrar þeirra í flest öllum öðrum íþróttagreinum.

Lög og reglugerðir SSÍ eftir sundþing 2023 (apr2024)
II Kafli - Almenn ákvæði Sundsambands Íslands (bls 13, útg. 25. júní 2023)
2.6 Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. <u>Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts</u> þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands.

Bretyt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 11**

---

Tillaga frá stjórn SH fyrir sundþing 2025:

SH leggur til nafnabreytingu á Aldursflokkameistaramóti Íslands.

Í stað þess að heita Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) þá muni mótið heita Íslandsmeistaramót aldursflokka. Í töluðu máli væri enn talað um AMÍ en opinbera heitið væri Íslandsmeistaramót aldursflokka.

Skilgreining: Þar sem almennur skilningur á nafninu aldursflokkameistaramót er mjög takmarkaður utan sundhreyfingarinnar og er tillagan því lögð fram með það að leiðarljósi að auðvelda bæði félögum og SSÍ að sækja styrki vegna mótsins, td. ferðastyrki, ásamt því að tryggja að okkar afreksfólk geti með sanni titlað sig Íslandsmeistara líkt og jafnaldrar þeirra í flest öllum öðrum íþróttagreinum.

Lög og reglugerðir SSÍ eftir sundþing 2023 (apr2024)
II Kafli - Almenn ákvæði Sundsambands Íslands (bls 13, útg. 25. júní 2023)
2.6 Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. <u>Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts</u> þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands.

*Íslandsmeistaramót, frekar en Íslandsmót, er í samræmi við orðanotkun móta hjá yngri flokkum í öðrum íþróttagreinum og er forsenda þess að hægt sé að sækja um ferðastyrki.*
*Samþykkt.*

Samþykkt

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

# 66. þing
# Sundsambands Íslands
# Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
# 29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025 – 12**

Tillaga frá Ármanni fyrir sundþing 2025 til umræðu og ályktunar:

Við hjá Ármanni viljum að það er tekið umræðu á Sundþingi um hvað er hægt að gera til að minnka brottfall úr sundi, sérstaklega hjá yngra iðkendum. Við erum ekki með sérstakar tillögur um lausnir, heldur viljum við hafa opna umræðu, en m.a. má ræða hvort það eigi að endurhugsa AMÍ/Íslandsmót með tillit til yngsta aldursflokks, og hvað hreyfingin getur gert (og þá líka með öðrum íþróttum) til að tryggja að iðkendur finna ekki fyrir þörf eða pressa að fara í snemmbæra sérhæfingu og getur haldið sig í fleiri en einum íþrótt.

Breytt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 12**

Tillaga frá Ármanni fyrir sundþing 2025 til umræðu og ályktunar:

Við hjá Ármanni viljum að það er tekið umræðu á Sundþingi um hvað er hægt að gera til að minnka brottfall úr sundi, sérstaklega hjá yngra iðkendum. Við erum ekki með sérstakar tillögur um lausnir, heldur viljum við hafa opna umræðu, en m.a. má ræða hvort það eigi að endurhugsa AMÍ/Íslandsmót með tillit til yngsta aldursflokks, og hvað hreyfingin getur gert (og þá líka með öðrum íþróttum) til að tryggja að iðkendur finna ekki fyrir þörf eða pressa að fara í snemmbæra sérhæfingu og getur haldið sig í fleiri en einum íþrótt.

*Í nefndinni urðu góðar umræður. Meðal þess sem var rætt var:*

*Brottfall yngri:*
*Gistimótin eru skemmtilegust.*
*Fleiri C-mót.*
*Aðstöðuleysi í mannvirkjum; vinir geta ekki æft saman.*
*Bæta við bringu, bak og flug lágmörkum á AMÍ til að fleiri eigi kost á að synda þar.*
*Mikill munur á seiglu og úthaldi hjá börnum fyrir og eftir Covid.*

*Brottfall eldri:*
*Hækka aldur upp í 16 á AMÍ til að halda sundfólki a.m.k. út 10. bekk í sundi.*
*Brottfall 16-18 ára er vegna styttingar framhaldsskóla, þau eru ekki öll sem valda því að vera í fullu námi og á fullu í keppnisíþrótt.*
*Bjóða upp á færri og styttri æfingar á sama tíma og keppnishópar æfa (þarf samt að vera gulrót önnur en bara Bikarkeppni því það hefur sýnt sig að þessi hópur sækir í að gera meira en bara hittast í pottinum eftir æfingar).*
*Beina eldra sundfólki í aðrar íþróttir eins og þríþraut og sundknattleik.*

Samþykkt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. mars 2025**

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í rauðu*) Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengd þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **1. grein**<br>Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið. SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþrótta á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að NSF – Norræna sundsambandinu, LEN – Evrópska sundíþróttasambandinu og Word Aquatics – Alþjóðasundíþróttasambandinu. | **1. grein**<br>Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands á ensku Icelandic Aquatics. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið.<br>**1.1** SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni allra sundíþrótta á Íslandi.<br>**1.2** SSÍ er ólympískt samband og er aðili að; ÍSÍ – Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands NSF – Norræna sundíþróttasambandinu, ~~LEN~~ European Aquatics – Evrópska sundíþróttasambandinu og | **Lagaleg staða og sjálfstæði SSÍ**<br><br>**Lagaleg staða**<br><br>**1.1** Sundsamband Íslands (SSÍ) er sjálfstætt íþróttasamband, skráð sem sjálfseignarstofnun skv. íslenskum lögum.<br>**1.2** SSÍ starfar samkvæmt lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og er aðili að World Aquatics, LEN (Evrópusambandi sundíþrótta) og Norðurlandasambandi sundíþrótta.<br>**1.3** SSÍ hefur sjálfstæða fjárhagslega ábyrgð og stjórnar fjármálum sínum án |

Breytt

| | | |
|---|---|---|
| | World Aquatics – Alþjóða-sundíþróttasambandinu.<br>**1.3** SSÍ er fjárhagslega sjálfstætt og stjórnar fjármálum sínum án utanaðkomandi íhlutunar í samræmi við reglur;<br>a) ÍSÍ<br>b) World Aquatics<br>**1.4** Aðsetur og varnarþing SSÍ er í Reykjavík. | utanaðkomandi íhlutunar, nema eftir reglum ÍSÍ og World Aquatics. |

Breytt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

Breytt

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **2 grein**<br>SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu World Aquatics geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ. | **2. grein**<br>SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga.<br>**2.1** Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu World Aquatics geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ.<br>**2.2** Aðildarfélög og iðkenndur innan þeirra raða, eiga rétt á að taka þátt í viðurkenndum keppnum SSÍ, NSF, European Aquatics og World Aquatics í samræmi við reglur SSÍ.<br>**2.3** Aðildarfélög eru skyldug til að virða lög og reglur SSÍ, ÍSÍ og World Aquatics, ásamt því að stuðla að „hreinni íþróttaiðkun“ og fylgja reglum og tilmælum Lyfjaeftirlits Íslands og WADA.<br>**2.4** Aðildarfélög skulu skila ársreikningum og ársskýrslu til SSÍ fyrir 1.maí ár hvert.<br>**2.5** Brjóti aðildarfélag gegn ofangreindu getur stjórn SSÍ vikið félaginu úr SSÍ.<br>**2.6** Slíka brottvikningu þarf að bera undir Sundþing til staðfestingar. | **Aðild, réttindi og skyldur félaga**<br>**2.1** Aðild að SSÍ geta átt sundfélög og íþróttafélög sem stunda sundíþróttir sem skilgreindar eru af World Aquatics.<br>**2.2** Til að öðlast aðild verður félag að:<br>• Vera aðili að ÍSÍ.<br>• Hafa samþykkt lög sem eru í samræmi við reglur SSÍ og World Aquatics.<br>• Skila inn formlegri umsókn til stjórnar SSÍ.<br>**Ný grein – Réttindi og skyldur aðildarfélaga**<br>**2.3** Aðildarfélög SSÍ hafa rétt til:<br>• Að taka þátt í viðurkenndum keppnum SSÍ, LEN og World Aquatics.<br>• Að senda fulltrúa á Sundþing með atkvæðisrétt.<br>• Að gera tillögur um breytingar á lögum SSÍ og reglum um mótahald.<br>**2.4** Aðildarfélög eru skyldug til að:<br>• Virða lög SSÍ og reglur World Aquatics.<br>• Halda sundmót í samræmi við alþjóðlegar reglur.<br>• Stunda hreinan íþróttaiðkun og tryggja að allir iðkendur fylgi lyfjareglum WADA.<br>• Skila ársreikningum og ársskýrslu til SSÍ fyrir 1. mars ár hvert. |

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| | | |
|---|---|---|
| | | **Ný grein – Brottvísun eða stöðvun aðildar**<br>**2.5** Aðildarfélag getur misst aðild ef það brýtur alvarlega gegn lögum SSÍ eða alþjóðlegum reglum World Aquatics.<br>**2.6** Ákvörðun um brottvikningu skal tekin af stjórn SSÍ og staðfest á Sundþingi. |
| Gildandi | Tillaga | Ástæða |

| | | |
|---|---|---|
| **4., grein**<br>Sundsambandi Íslands er stjórnað af:<br>a) Sundþingi.<br>b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.<br>Reikningsár SSÍ er almanaksárið. | **4., grein**<br>Sundsambandi Íslands er stjórnað af:<br>a) Sundþingi.<br>b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.<br>Reikningsár SSÍ er almanaksárið.<br>**4.1** Aðildarfélög greiða árlega aðildargjöld til SSÍ, sem ákveðið er af Sundþingi.<br>**4.2** Stjórn SSÍ skal á hverju sundþingi leggja fram fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárin milli sundþinga og tryggja sjálfstæða endurskoðun á ársreikningum sambandsins.<br>**4.3** Endurskoðaðir reikningar eru birtir opinberlega og skulu sendir World Aquatics samkvæmt alþjóðlegum reglum. | **Fjárhagsstjórn og gagnsæi**<br>**Uppfærð grein um fjárhagslegar skuldbindingar**<br>**4.1** Aðildarfélög skulu greiða árlegt aðildargjald til SSÍ, sem ákveðið er á Sundþingi.<br>**4.2** Stjórn SSÍ skal árlega leggja fram **fjárhagsáætlun** og tryggja **sjálfstæða endurskoðun á ársreikningum** fyrir samþykki Sundþings.<br>**4.3** Endurskoðaðir reikningar skulu birtir opinberlega og sendir World Aquatics samkvæmt alþjóðlegum reglum. |

Breytt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **10., grein**<br>Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda. Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild. Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans | **10., grein**<br>Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Sami einstaklingur getur ekki gengt stöðu formanns lengur en 8 tímabil samfleytt. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru.<br>Leitast skal við að sem jafnast hlutfall kynja sé í stjórn SSÍ sem og í nefndum sem skipaðar eru og viðmið skulu vera amk 40% af hvoru kyni.<br>Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda. Formaður boðar til funda. Stjórn | **Jafnrétti og inngilding**<br><br>**Ný grein – Stefna um jafnrétti**<br><br>**10.1** SSÍ skuldbindur sig til að tryggja kynjajafnrétti í stjórnun og keppnum.<br>**10.2** Í stjórn SSÍ skulu að lágmarki vera 40% af hvoru kyni.<br>**10.3** Keppnir SSÍ skulu tryggja þátttöku allra keppenda, óháð kyni eða fötlun.<br><br>10.3 er komið fyrir í 11.grein. |

Breytt

| | | |
|---|---|---|
| stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ. | SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild. Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ. | |

Breytt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **11., grein**<br>Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að:<br>1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.<br>2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.<br>3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.<br>4. Annast fjármál SSÍ.<br>5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum.<br>6. Löggilda dómara í sundíþróttum.<br>7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.<br>8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ.<br>9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, | **11., grein**<br>Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að: 1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur. Öllum einstaklingum sem keppa undir merkjum SSÍ og félaga innan SSÍ skal tryggður réttur til iðkunnar og keppni, óháð kyni og fötlun.<br>2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ. 3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.<br>4. Annast fjármál SSÍ.<br>5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum.<br>6. Löggilda dómara í sundíþróttum.<br>7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.<br>8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ.<br>9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, | **Jafnrétti og inngilding**<br><br>**Ný grein – Stefna um jafnrétti**<br><br>**10.1** SSÍ skuldbindur sig til að tryggja kynjajafnrétti í stjórnun og keppnum.<br>**10.2** Í stjórn SSÍ skulu að lágmarki vera 40% af hvoru kyni.<br>**10.3** Keppnir SSÍ skulu tryggja þátttöku allra keppenda, óháð kyni eða fötlun.<br><br>10.3 er komið fyrir í 11.grein. |

Breytt

| | | |
|---|---|---|
| héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum. | héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum. | |

Breytt

66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **12., grein**<br>Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði. SSÍ skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina. Dómaranefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ. Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf. | **12., grein**<br>Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.<br>**12.1** Ef ekki er hægt að leysa mál innanlands geta aðilar vísað málum til alþjóða íþróttadómstólsins (CAS).<br>**12.2** SSÍ viðurkennir umboð Lyfjaeftirlits Íslands og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.<br>**12.3** SSÍ viðurkennir umboð WADA og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.<br>**12.4** SSÍ veitir keppendum í sundíþróttum á Íslandi, fræðslu um lyfjamisnotkun og afleiðingar hennar í samstarfi við Lyfjaeftirlit Íslands.<br>**12.5** SSÍ setur siðareglur sem ná til stjórnenda í hreyfingunni, þjálfara, dómara og keppenda. **12.6** Til að framfylgja siðareglum SSÍ, skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.<br>**12.7** Brot gegn ákvæðum siðaregla SSÍ getur leitt til viðurlaga, þ.m.t. brottvísunar úr keppni.<br>**12.8** Íþróttamannanefnd, Dómaranefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ. Fulltrúi | **Áfrýjun og gerðardómur**<br>**12.1** Ef upp kemur ágreiningur innan SSÍ sem ekki verður leystur innanlands, skal málið sent til Alþjóðlega Gerðardómsins í íþróttum (CAS).<br>12.2 Keppendur, þjálfarar og félög geta áfrýjað úrskurðum SSÍ til CAS samkvæmt alþjóðlegum reglum.<br>**Siðareglur og lyfjaeftirlit**<br>**12.4** SSÍ skal setja siðareglur sem gilda fyrir stjórnendur, þjálfara, dómara og keppendur.<br>**12.5** Brot gegn siðareglum SSÍ getur leitt til viðurlaga, þar með talið brottvísunar úr keppni.<br>**Ný grein – Sjálfstæð lyfjaeftirlitsnefnd**<br>**12.6** Stofnuð skal **sjálfstæð lyfjaeftirlitsnefnd**, sem sér um:<br>• Að tryggja að keppendur SSÍ fari eftir WADA reglum.<br>• Að skipuleggja lyfjaprófanir á landsvísu.<br>• Að veita fræðslu um lyfjamisnotkun og afleiðingar hennar.<br>**Íþróttamannanefnd**<br>**5.1** Stofnuð skal **Íþróttamannanefnd SSÍ**, sem samanstendur af fimm keppendum í sundíþróttum.<br>**5.2** Nefndin skal hafa rétt til setu með málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar SSÍ.<br>**5.3** Fulltrúi nefndarinnar skal taka þátt í fundum World Aquatics Athletes' Committee þegar við á. |

Breytt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| | | |
|---|---|---|
| | Íþróttamannanefndar tekur þátt í fundum WA Atheltis Committee þegar við á.<br>**12.9** Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni ~~og setur þeim erindisbréf~~. | |

Breytt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. mars 2025**

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í rauðu*) Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengd þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **1. grein**<br>Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið. SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþrótta á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að NSF – Norræna sundsambandinu, LEN – Evrópska sundíþróttasambandinu og Word Aquatics – Alþjóðasundíþróttasambandinu. | **1. grein**<br>Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands, á ensku Icelandic Aquatics. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið.<br>**1.1** SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni allra sundíþrótta á Íslandi.<br>**1.2** SSÍ er ólympískt samband og er aðili að:<br>ÍSÍ – Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands<br>NSF – Norræna sundíþróttasambandinu,<br>~~LEN~~ European Aquatics – Evrópska sundíþróttasambandinu og | **Lagaleg staða og sjálfstæði SSÍ**<br><br>**Lagaleg staða**<br><br>**1.1** Sundsamband Íslands (SSÍ) er sjálfstætt íþróttasamband, skráð sem sjálfseignarstofnun skv. íslenskum lögum.<br>**1.2** SSÍ starfar samkvæmt lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og er aðili að World Aquatics, LEN (Evrópusambandi sundíþrótta) og Norðurlandasambandi sundíþrótta.<br>**1.3** SSÍ hefur sjálfstæða fjárhagslega ábyrgð og stjórnar fjármálum sínum án |

Samþykkt

| | | |
|---|---|---|
| | World Aquatics – Alþjóða-sundíþróttasambandinu.<br>**1.3** SSÍ er fjárhagslega sjálfstætt og stjórnar fjármálum sínum án utanaðkomandi íhlutunar í samræmi við reglur;<br>a) ÍSÍ<br>b) World Aquatics<br>**1.4** Aðsetur og varnarþing SSÍ er í Reykjavík. | utanaðkomandi íhlutunar, nema eftir reglum ÍSÍ og World Aquatics. |

Samþykkt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **2 grein**<br>SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu World Aquatics geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ. | **2. grein**<br>SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga.<br>**2.1** Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu World Aquatics geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ.<br>**2.2** Aðildarfélög og iðkendur innan þeirra raða eiga rétt á að taka þátt í viðurkenndum keppnum SSÍ, NSF, European Aquatics og World Aquatics í samræmi við reglur SSÍ.<br>**2.3** Aðildarfélög skulu virða lög og reglur SSÍ, ÍSÍ og World Aquatics, ásamt því að stuðla að „hreinni íþróttaiðkun“ og fylgja reglum og tilmælum Lyfjaeftirlits Íslands og WADA.<br>**2.4** Aðildarfélög skulu skila ársreikningum og ársskýrslu til SSÍ fyrir 1. maí ár hvert.<br>**2.5** Brjóti aðildarfélag gegn ofangreindu getur stjórn SSÍ vikið félaginu úr SSÍ.<br>**2.6** Slíka brottvikningu þarf að bera undir Sundþing til staðfestingar. | **Aðild, réttindi og skyldur félaga**<br>**2.1** Aðild að SSÍ geta átt sundfélög og íþróttafélög sem stunda sundíþróttir sem skilgreindar eru af World Aquatics.<br>**2.2** Til að öðlast aðild verður félag að:<br>• Vera aðili að ÍSÍ.<br>• Hafa samþykkt lög sem eru í samræmi við reglur SSÍ og World Aquatics.<br>• Skila inn formlegri umsókn til stjórnar SSÍ.<br>**Ný grein – Réttindi og skyldur aðildarfélaga**<br>**2.3** Aðildarfélög SSÍ hafa rétt til:<br>• Að taka þátt í viðurkenndum keppnum SSÍ, LEN og World Aquatics.<br>• Að senda fulltrúa á Sundþing með atkvæðisrétt.<br>• Að gera tillögur um breytingar á lögum SSÍ og reglum um mótahald.<br>**2.4** Aðildarfélög eru skyldug til að:<br>• Virða lög SSÍ og reglur World Aquatics.<br>• Halda sundmót í samræmi við alþjóðlegar reglur.<br>• Stunda hreina íþróttaiðkun og tryggja að allir iðkendur fylgi lyfjareglum WADA.<br>• Skila ársreikningum og ársskýrslu til SSÍ fyrir 1. mars ár hvert. |

Samþykkt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| | | |
|---|---|---|
| | | **Ný grein – Brottvísun eða stöðvun aðildar**<br>**2.5** Aðildarfélag getur misst aðild ef það brýtur alvarlega gegn lögum SSÍ eða alþjóðlegum reglum World Aquatics.<br>**2.6** Ákvörðun um brottvikningu skal tekin af stjórn SSÍ og staðfest á Sundþingi. |
| Gildandi | Tillaga | Ástæða |

| | | |
|---|---|---|
| **4., grein**<br>Sundsambandi Íslands er stjórnað af:<br>a) Sundþingi.<br>b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.<br>Reikningsár SSÍ er almanaksárið. | **4., grein**<br>Sundsambandi Íslands er stjórnað af:<br>a) Sundþingi.<br>b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.<br>Reikningsár SSÍ er almanaksárið.<br>**4.1** Aðildarfélög greiða árlega aðildargjald til SSÍ sem ákveðið er af Sundþingi.<br>**4.2** Stjórn SSÍ skal á hverju sundþingi leggja fram fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárin milli sundþinga og tryggja sjálfstæða endurskoðun á ársreikningum sambandsins.<br>**4.3** Endurskoðaðir reikningar eru birtir opinberlega og skulu sendir World Aquatics samkvæmt alþjóðlegum reglum. | **Fjárhagsstjórn og gagnsæi**<br>**Uppfærð grein um fjárhagslegar skuldbindingar**<br>**4.1** Aðildarfélög skulu greiða árlegt aðildargjald til SSÍ sem ákveðið er á Sundþingi.<br>**4.2** Stjórn SSÍ skal árlega leggja fram **fjárhagsáætlun** og tryggja **sjálfstæða endurskoðun á ársreikningum** fyrir samþykki Sundþings.<br>**4.3** Endurskoðaðir reikningar skulu birtir opinberlega og sendir World Aquatics samkvæmt alþjóðlegum reglum. |

Samþykkt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **10., grein**<br>Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda. Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild. Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans | **10., grein**<br>Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Sami einstaklingur getur ekki gegnt stöðu formanns lengur en 8 tímabil. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Hver stjórnarmaður getur ekki setið lengur en 4 tímabil. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru. Leitast skal við að sem jafnast hlutfall karla og kvenna sé í stjórn SSÍ sem og í nefndum sem skipaðar eru og tryggt að hlutfall hvors kyns fyrir sig sé ekki lægra en 40%.<br>Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála | **Jafnrétti og inngilding**<br><br>**Ný grein – Stefna um jafnrétti**<br><br>**10.1** SSÍ skuldbindur sig til að tryggja kynjajafnrétti í stjórnum og keppnum.<br>**10.2** Í stjórn SSÍ skulu að lágmarki vera 40% af hvoru kyni.<br>**10.3** Keppnir SSÍ skulu tryggja þátttöku allra keppenda, óháð kyni eða fötlun.<br><br>10.3 er komið fyrir í 11.grein. |

Samþykkt

| | | |
|---|---|---|
| stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ. | milli stjórnarfunda. Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild. Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ. | |

Samþykkt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

Samþykkt

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
| --- | --- | --- |
| **11., grein**<br>Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að:<br>1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.<br>2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.<br>3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.<br>4. Annast fjármál SSÍ.<br>5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum.<br>6. Löggilda dómara í sundíþróttum.<br>7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.<br>8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ.<br>9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, | **11., grein**<br>Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að:<br>1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur. Öllum einstaklingum sem keppa undir merkjum SSÍ og félaga innan SSÍ skal tryggður réttur til iðkunar og keppni, óháð kyni eða fötlun.<br>2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.<br>3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.<br>4. Annast fjármál SSÍ.<br>5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum.<br>6. Löggilda dómara í sundíþróttum.<br>7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.<br>8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ.<br>9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, | **Jafnrétti og inngilding**<br><br>**Ný grein – Stefna um jafnrétti**<br><br>**10.1** SSÍ skuldbindur sig til að tryggja kynjajafnrétti í stjórnun og keppnum.<br>**10.2** Í stjórn SSÍ skulu að lágmarki vera 40% af hvoru kyni.<br>**10.3** Keppnir SSÍ skulu tryggja þátttöku allra keppenda, óháð kyni eða fötlun.<br><br>10.3 er komið fyrir í 11.grein. |

| | | |
|---|---|---|
| héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum. | héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum. | |

Samþykkt

Sundsamband Íslands
The Icelandic Swimming Association

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13a**

Samþykkt

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **12., grein**<br>Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði. SSÍ skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina. Dómaranefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ. Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf. | **12., grein**<br>Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.<br>**12.1** Ef ekki er hægt að leysa mál innanlands geta aðilar vísað málum til alþjóðaíþróttadómstólsins (CAS).<br>**12.2** SSÍ viðurkennir umboð Lyfjaeftirlits Íslands og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.<br>**12.3** SSÍ viðurkennir umboð WADA og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.<br>**12.4** SSÍ veitir keppendum í sundíþróttum á Íslandi fræðslu um lyfjamisnotkun og afleiðingar hennar í samstarfi við Lyfjaeftirlit Íslands.<br>**12.5** SSÍ setur siðareglur sem ná til stjórnenda í hreyfingunni, þjálfara, dómara og keppenda.<br>**12.6** Til að framfylgja siðareglum SSÍ, skal starfrækja aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.<br>**12.7** Brot gegn ákvæðum siðareglna SSÍ getur leitt til viðurlaga, þ.m.t. brottvísunar úr keppni.<br>**12.8** Íþróttamannanefnd, dómaranefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ. Formaður | **Áfrýjun og gerðardómur**<br>**12.1** Ef upp kemur ágreiningur innan SSÍ sem ekki verður leystur innanlands skal málið sent til Alþjóðlega Gerðardómsins í íþróttum (CAS).<br>12.2 Keppendur, þjálfarar og félög geta áfrýjað úrskurðum SSÍ til CAS samkvæmt alþjóðlegum reglum.<br>**Siðareglur og lyfjaeftirlit**<br>**12.4** SSÍ skal setja siðareglur sem gilda fyrir stjórnendur, þjálfara, dómara og keppendur.<br>**12.5** Brot gegn siðareglum SSÍ getur leitt til viðurlaga, þar með talið brottvísunar úr keppni.<br>**Ný grein – Sjálfstæð lyfjaeftirlitsnefnd**<br>**12.6** Stofnuð skal **sjálfstæð lyfjaeftirlitsnefnd**, sem sér um:<br>• Að tryggja að keppendur SSÍ fari eftir WADA reglum.<br>• Að skipuleggja lyfjaprófanir á landsvísu.<br>• Að veita fræðslu um lyfjamisnotkun og afleiðingar hennar.<br>**Íþróttamannanefnd**<br>**5.1** Stofnuð skal **Íþróttamannanefnd SSÍ**, sem samanstendur af fimm keppendum í sundíþróttum.<br>**5.2** Nefndin skal hafa rétt til setu með málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar SSÍ.<br>**5.3** Fulltrúi nefndarinnar skal taka þátt í fundum World Aquatics Athletes’ Committee þegar við á. |

| | | |
|---|---|---|
| | íþróttamannanefndar hefur seturétt í stjórn SSÍ. Fulltrúi íþróttamannanefndar tekur þátt í fundum WA Athletes Committee þegar við á.<br>**12.9** Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni. ~~og setur þeim erindisbréf.~~ | |

Samþykkt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 13b**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. mars 2025**

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í rauðu*) Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengdum þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

| Gildandi | Tillaga | Ástæða |
|---|---|---|
| **5. grein**<br>Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og | **5. grein**<br>Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, ~~jafnan í febrúar eða mars~~ fyrir 1. maí. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir | Setja tímatakmörk um hvenær Sundþing og formannafundur skulu haldnir í síðasta lagi ár hvert en jafnframt að gefa stjórn svigrúm til að meta m.v. umfang og verkefnastöðu hverju sinni. |

Samþykkt

| | | |
|---|---|---|
| fyrirkomulag sundþings með minnst sex vikna fyrirvara.<br>Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.<br>Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttaþing eða formannafundir ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.<br>. | staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst sex vikna fyrirvara.<br>Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.<br>Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt að halda sundþing á sömu dögum og íþróttaþing eða formannafundir ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar ~~í febrúar~~ fyrir 1. maí. | |

Samþykkt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 14**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7, 29. mars 2025**
Staðfestir Almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá Sundþingi 2021 og ekki breytt á þessu þingi. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ, að uppfæra og viðhalda reglugerðum SSÍ eftir þörfum, á starfstíma sínum. Þá samþykkir þingið fyrirliggjandi stefnu SSÍ „horft til framtíðar“, afreksstefnu til ársins 2032 og handbók keppenda og felur stjórn SSÍ að uppæra og viðhalda þessum skjölum eftir þörfum á starfstíma sínum.

Samþykkt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 15**

---

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. Mars 2025**
Skorar á íslensk stjórnvöld að.......

Vinnuskjal beint frá Chat.

Sundsamband Íslands (SSÍ) beinir hér með formlegri áskorun til stjórnvalda um að setja fram og innleiða skýra og markvissa stefnu til næstu fimm ára um aukinn fjárstuðning við afreksíþróttir á Íslandi, með sérstakri áherslu á sundíþróttina.

### 1. Styrkur til afreksíþrótta

Við köllum eftir því að stjórnvöld tryggi:

- Markvissan og fyrirsjáanlegan fjárstuðning til afreksíþrótta með fimm ára áætlun, sem veitir íþróttafólki og aðstandendum þeirra öryggi í undirbúningi og þjálfun.
- Aukinn stuðning við ungt og efnilegt íþróttafólk með skýrum styrkjum til þjálfunar, keppnisferða og annarra nauðsynlegra útgjalda.
- Betri umgjörð og skipulag fyrir landslið og afreksfólk, þar sem áhersla er lögð á faglegt og langtímamarkmiðað starf.
- Tryggt grunnfjármagn til afreksíþrótta sem gerir íþróttahreyfingunni kleift að setja sér markmið a.m.k. fjögur ár fram í tímann. Eins og staðan er núna, er mjög erfitt að starfa í íþróttahreyfingunni þar sem fjárveitingar eru ekki ljósar fyrr en í desember ár hvert, sem gerir áætlanagerð afar erfiða. Ef takast á að gera markmið um árangur fram í tímann verður að fylgja því trygging á ákveðnu grunnfjármargi.

### 2. Uppbygging íþróttamannvirkja fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir

Sundsamband Íslands leggur einnig áherslu á að stjórnvöld vinni markvisst að:

- Uppbyggingu og endurbótum á sundmannvirkjum um allt land, með það að markmiði að tryggja fyrsta flokks aðstöðu fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir.
- Samræmdri stefnu um aðgengi að sundlaugum fyrir skóla, íþróttafélög og afreksíþróttafólk.
- Fjármögnun og framkvæmd á nútímalegum, alþjóðlegum sundmannvirkjum sem uppfylla kröfur fyrir stórmót og alþjóðlega keppni.

### 3. Ávinningur fyrir íslenskt samfélag

Með auknum stuðningi við afreksíþróttir og bættri uppbyggingu á sundaðstöðu mun íslenskt samfélag njóta:

Breytt

---

- Betri árangurs íslenskra íþróttamanna á alþjóðlegum vettvangi.
- Aukinnar hreyfingar og þátttöku almennings í sundíþróttum.
- Efldrar íþróttamenningar sem styður við heilsueflingu og forvarnir.

Við hvetjum stjórnvöld til að taka þessi mál föstum tökum og vinna að langtímaáætlun sem tryggir framtíðarsýn íslensks afreksíþróttafólks og aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Sundsamband Íslands

Breytt

***Greinargerð***

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 15**

---

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. mars 2025**
Skorar á íslensk stjórnvöld að...

Sundsamband Íslands (SSÍ) beinir hér með formlegri áskorun til stjórnvalda um að setja fram og innleiða skýra og markvissa stefnu til næstu fimm ára um aukinn fjárstuðning við afreksíþróttir á Íslandi, með sérstakri áherslu á sundíþróttina.

1. Styrkur til afreksíþrótta

Við köllum eftir því að stjórnvöld tryggi:

- Markvissan og fyrirsjáanlegan fjárstuðning til afreksíþrótta með fimm ára áætlun, sem veitir íþróttafólki og aðstandendum þeirra öryggi í undirbúningi og þjálfun.
- Aukinn stuðning við ungt og efnilegt íþróttafólk með skýrum styrkjum til þjálfunar, keppnisferða og annarra nauðsynlegra útgjalda.
- Betri umgjörð og skipulag fyrir landslið og afreksfólk, þar sem áhersla er lögð á faglegt og langtímamarkmiðað starf.
- Tryggt grunnfjármagn til afreksíþrótta sem gerir íþróttahreyfingunni kleift að setja sér markmið a.m.k. fjögur ár fram í tímann. Eins og staðan er núna, er mjög erfitt að starfa í íþróttahreyfingunni þar sem fjárveitingar eru ekki ljósar fyrr en í desember ár hvert, sem gerir áætlanagerð afar erfiða. Ef takast á að gera markmið um árangur fram í tímann verður að fylgja því trygging á ákveðnu grunnfjármargi.

2. Uppbygging íþróttamannvirkja fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir

Sundsamband Íslands leggur einnig áherslu á að sveitarfélag og ríki~~stjórnvöld~~ vinni markvisst að:

- Uppbyggingu og endurbótum á sundmannvirkjum um allt land, með það að markmiði að tryggja fyrsta flokks aðstöðu fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir.
- Samræmdri stefnu um aðgengi að sundlaugum fyrir skóla, íþróttafélög og afreksíþróttafólk.
- Fjármögnun og framkvæmd á nútímalegum, alþjóðlegum sundmannvirkjum sem uppfylla kröfur fyrir stórmót og alþjóðlega keppni.
- Hafa SSÍ með í ráðum.
- Minna á aðstöðuleysi á Akureyri og Akranesi.

3. Ávinningur fyrir íslenskt samfélag

Með auknum stuðningi við afreksíþróttir og bættri uppbyggingu á sundaðstöðu mun íslenskt samfélag njóta:

Samþykkt

---

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

- Betri árangurs íslenskra íþróttamanna á alþjóðlegum vettvangi.
- Aukinnar hreyfingar og þátttöku almennings í sundíþróttum.
- Efldrar íþróttamenningar sem styður við heilsueflingu og forvarnir.

Við hvetjum stjórnvöld til að taka þessi mál föstum tökum og vinna að langtímaáætlun sem tryggir framtíðarsýn íslensks afreksíþróttafólks og aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Sundsamband Íslands

***Greinargerð***

Íþróttahreyfingin á Íslandi er stærsta hóphreyfing landsins sem hvetur ungt fólk og almenning til íþrótta og hreyfingar. Það forvarnarstarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni verður ekki metið til fjár. Íþróttahreyfingin skapar fyrirmyndir ungs fólks á Íslandi til framtíðar og stuðlar að bættri heilsu landsmanna.

*Innihald samþykkt af allsherjarnefnd.*
*Stjórn SSÍ falið að klára skjalið. Senda til sveitarfélaga og ríkis.*

Samþykkt

**66. þing**
**Sundsambands Íslands**
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 16**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. Mars 2025**
Staðfestir eftirfarandi kjör til stjórnar SSÍ:

**Tillögur kjörnefndar**

Formaður til tveggja ára (2027)
Björn Sigurðsson ÍBH

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2029)
Hörður Oddfríðarson Ægi - Býður sig fram áfram
Leifur Guðni Grétarsson ÍA – Býður sig fram áfram
Árni Stefánsson Ármanni – Býður sig fram áfram
Magnús Tryggvason UMF Selfoss– Nýr inn

2 félagslegir skoðunarmenn reikninga til tveggja ára (2025)
Viktoría Gísladóttir - Breiðablik
Guðmundur Stefán Björnsson ÍBH

***Greinargerð***

Einn fulltrúi sem verið hefur í stjórn gefur ekki kost á sér til endurkjörs, það er Viktoría Gísladóttir.
Áfram í stjórn sitja Guðrún Pálsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir með kjörtíma til 2027.

Samþykkt

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnanefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ __________nefndar

# LÖG

## OG

## REGLUGERÐIR

# SSÍ

## EFTIR SUNDÞING 2025

# Síðustu breytingar

- **6. gr almennra ákvæða (laga) um seturétt á sundþingi samkvæmt samþykktum sundþings 2023**
- **Breyting á reglugerð 7.2.2 um félagaskipti samanber samþykkt sundþings 2023**
- **Beyting á 7 og 8 gr. reglugerð um framkvæmd sundmóta samkvæmt tillögu dómaranefndar og samþykkt á stjórnarfundi í maí 2023**
- **FINA breytt í World Aquatics með „find and replace" samkvæmt samþykkt á sundþingi**
- **Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda samþykkt á sundþingi 2021 tillögur frá Leifi G og Júlíu Þorvalds**
- **Verðskrá breytt m.v niðurstöður vinnuhóps fjárlaganefndar af sundþingi 2023**
- **Sept 2023 breyting á orðalagi um félagaskipti samanber samþykkt sundþings 2023. Orðalagsbreytingar unnar af HO og VG og samþykktar á stjórnarfundi 21.09.2023**
- **Nóv 2023. Breyting á orðalag í grein 7.1.1 um að þjónustugjöld innheimtist einu sinni á ári í stað tvisvar sinnum áður**
- **Nóv 2023. Breyting á 9. Kafla grein 6. a og b um Íslandsmótin í sundi. Breyting sem gefur betra svigrúm í hvernig verðlaunaafhendingum er háttar.**
- **Nóv 2023. Breyting á 12 kafla gr 3. Orðinu framkæmdastjóra breytt í starfsólk til að útvíkka hver getur tekið á móti skráningum.**
- **Des 2023. Breyting á reglugerðum 5. gr. um skyldur þátttökuaðila á SSÍ mótum og útnefning starfsmanna.**
- **Jan 2024 Breytingar á almennum ákveðum 2.5.1 alþjóðlegu móti bætta við mót á vegum SSÍ.**
- **Apr 2024 Breytingar XI Kafla – Reglugerðir um Aldursflokkamót**
- **Beytingar á lögum samþykkt á sundþingi 29. Mars 2025samanber þingskjöl 13a og 13b**
- **Texta úr 7. Grein almennra ákvæða breytt úr þjónustugjöld í meðlimagjöld**
- **Nafni á Aldursflokkameistaramóti Íslands breytt í Íslandsmót Aldursflokka í reglugerð 11 a**
- **Verðskrá breytt mv samþykktir sundþings um meðlimagjöld**

# Efnisyfirlit

*I. KAFLI – Lög Sundsambands Íslands* ........ 5

*II. KAFLI – Almenn ákvæði Sundsambands Íslands* ........ 11

*1. grein - Keppnistímabil* ........ 11

*2. grein – Sundíþróttamót* ........ 11

*3. grein – Umsóknir, tilkynningar og úthlutun móta* ........ 12

*4. grein - Skyldur mótshaldara og framkvæmdaaðila* ........ 13

*5. grein - Skyldur þátttökuliða á SSÍ-mótum og útnefning starfsmanna* ........ 14

*6. grein - Skráningarfrestur, þátttökutilkynningar, skráningartímar og tímastaðlar* ........ 15

*7. grein – Meðlimagjöld og þátttökuréttur, félagsaðild og félagaskipti* ........ 16

*8. grein – Mótmæli og kærur, Yfirdómnefnd móts* ........ 18

*9. grein – Virðing og tillitssemi* ........ 19

*10. grein - Verðlaunagripir* ........ 20

*11. grein – Lyfjamisnotkun/lyfjaeftirlit* ........ 20

*III. KAFLI – Starfsnefndir og vinnuhópar SSÍ* ........ 21

Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ ........ 21

Erindisbréf nefnda ........ 21

*IV. KAFLI – Aga- og siðareglur og önnur viðmið* ........ 22

Markmið: ........ 22

Gildissvið: ........ 22

Hlutverk Aga- og siðanefndar: ........ 22

Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi: ........ 23

Aga- og siðareglur SSÍ: ........ 23

SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, LEN og World Aquatics ........ 24

Almennar ferðareglur SSÍ ........ 24

Fyrirmyndarhlutverk sundfólks og þeirra sem starfa í verkefnum SSÍ ........ 24

Reglur ÍSÍ um keppnisferðir ........ 25

*V. KAFLI – Reglugerð um Íslensk met* ........ 26

*VI. KAFLI – Reglugerð um Heiðursviðurkenningar SSÍ* ........ 28

*VII. KAFLI – Reglugerð um framkvæmd sundmóta* ........ 29

*VIII. KAFLI – Dómgæsla og viðhald réttinda* ........ 30

a) Sunddómari og sunddómaranemi: ........ 30

b) Yfirdómari og viðhald yfirdómararéttinda ..... 31

c) Alþjóðlegir dómararar ..... 31

*IX. KAFLI – Reglugerðir um Íslandsmót ..... 33*

a) Opna Íslands- og Unglingameistaramótið í 50 m laug (ÍM50) ..... 33

b) Opna Íslands- og Unglingameistaramótið í 25 m laug (ÍM25) ..... 35

d) Opna Íslandsmeistaramótið í Sundknattleik ..... 39

e) Opna Íslandsmótið í Víðavatnssundi ..... 40

*XI. KAFLI - Reglugerðir um Aldursflokkamót ..... 41*

a) Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ) í sundi ..... 41

*XII. KAFLI – Reglugerðir um Bikarkeppni ..... 44*

a) Bikarkeppni SSÍ í sundi ..... 44

*XII. KAFLI – Aðrar reglugerðir SSÍ ..... 46*

a) Reglugerð um víðavatnssund ..... 46

*XIII. KAFLI – Reglugerðir um Bikara og sérstaka sjóði ..... 48*

a) Reglugerð fyrir SIGURÐARBIKARINN ..... 48

b) Reglugerð fyrir PÉTURSBIKARINN ..... 49

c) Reglugerð fyrir KOLBRÚNARBIKARINN ..... 50

d) Reglugerð fyrir ÁSGEIRSBIKARINN ..... 51

*XIV. KAFLI – Erindisbréf nefnda ..... 52*

a) Aga- og siðanefnd ..... 52

b) Dómaranefnd ..... 54

*c) Kjörnefnd* ..... 55

*XV. KAFLI – Verðskrá SSÍ ..... 56*

# I. KAFLI – Lög Sundsambands Íslands

**1. grein**
Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands, á ensku Icelandic Aquatics. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið.

**1.1** SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni allra sundíþrótta á Íslandi.

**1.2** SSÍ er ólympískt samband og er aðili að:

- ÍSÍ – Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands
- NSF – Norræna sundíþróttasambandinu,
- European Aquatics – Evrópska sundíþróttasambandinu og
- World Aquatics – Alþjóða-sundíþróttasambandinu.

**1.3** SSÍ er fjárhagslega sjálfstætt og stjórnar fjármálum sínum án utanaðkomandi íhlutunar í samræmi við reglur;

a) ÍSÍ
b) World Aquatics

**1.4** Aðsetur og varnarþing SSÍ er í Reykjavík.

**2. grein**
SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga.

**2.1** Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu World Aquatics geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ.

**2.2** Aðildarfélög og iðkendur innan þeirra raða eiga rétt á að taka þátt í viðurkenndum keppnum SSÍ, NSF, European Aquatics og World Aquatics í samræmi við reglur SSÍ.

**2.3** Aðildarfélög skulu virða lög og reglur SSÍ, ÍSÍ og World Aquatics, ásamt því að stuðla að „hreinni íþróttaiðkun“ og fylgja reglum og tilmælum Lyfjaeftirlits Íslands og WADA.

**2.4** Aðildarfélög skulu skila ársreikningum og ársskýrslu til SSÍ fyrir 1. maí ár hvert.

**2.5** Brjóti aðildarfélag gegn ofangreindu getur stjórn SSÍ vikið félaginu úr SSÍ.

**2.6** Slíka brottvikningu þarf að bera undir Sundþing til staðfestingar.

**3. grein**
Tilgangur og markmið SSÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna sundíþrótta á Íslandi.
b) Að vinna að stofnun og starfsemi sundráða og efla á allan hátt sundíþróttir á Íslandi.
c) Að setja og fylgja eftir nauðsynlegum reglum, uppfræða og löggilda dómara, staðsetja og framkvæma mót SSÍ og staðfesta íslensk met.
d) Að efla, samræma og skipuleggja málefni og verkefni landsliða og undirbúningshópa landsliða.
e) Að vinna að uppbyggingu á sundíþróttaaðstöðu um landið.

f) Að fylgja eftir að sundkennsla á Íslandi sé eins og best verður á kosið á hverjum tíma.
g) Að vera fulltrúi íslensku sundhreyfingarinnar gagnvart erlendum aðilum og gæta þess að gildandi reglur um sundíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðlegar reglur.

SSÍ leitar atbeina ÍSÍ gagnvart alþjóðlegum samskiptum eftir því sem það á við.

**4. grein**
Sundsambandi Íslands er stjórnað af:

a) Sundþingi.

b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.

Reikningsár SSÍ er almanaksárið.

**4.1** Aðildarfélög greiða árlega aðildargjald til SSÍ sem ákveðið er af Sundþingi.

**4.2** Stjórn SSÍ skal á hverju sundþingi leggja fram fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárin milli sundþinga og tryggja sjálfstæða endurskoðun á ársreikningum sambandsins.

**4.3** Endurskoðaðir reikningar eru birtir opinberlega og skulu sendir World Aquatics samkvæmt alþjóðlegum reglum.

**5. grein**
Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, fyrir 1. maí . Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst sex vikna fyrirvara.
Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.
Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttaþing eða formannafundir ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.

**6. grein**
Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

a) Stjórn SSÍ
b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ
d) Fulltrúi ráðherra íþróttamála
e) Formenn sérráða innan SSÍ
f) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.

Aðeins sá sem er í sundfélagi innan héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á sundþing. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þó getur meirihluti þingfulltrúa heimilað að fulltrúi fari með, ef sérstakar aðstæður krefjast, fleiri en eitt atkvæði þess héraðssambands/íþróttabandalags sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags. Umboð má senda með rafrænu formi til bráðabrigða en skal staðfest með frumriti hið fyrsta. Sérstakar ástæður geta verið ef þing tefst úr hófi miðað við auglýsta dagskrá eða samgöngur raskast verulega.

Á þinginu ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær teljist samþykktar.

**7. grein**
Dagskrá sundþings er:

1. Þingsetning – ávörp gesta,
2. Kjör kjörbréfanefndar,
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar,
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd,
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt,
6. Kosning starfsnefnda þingsins;
    a) Fjárhagsnefnd,
    b) Laga- og leikreglnanefnd,
    c) Allsherjarnefnd,
    d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar,
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram,
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga,
10. Afgreiðsla reikninga,
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda,
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda,
13. Nefndastörf,
14. Fjárhagsáætlun;
    a) næstu tveggja reikningsára lagðar fyrir,
    b) yfirstandandi árs staðfest.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna,
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum,
17. Kosningar;
    a) Kosning formanns til tveggja ára,
    b) Kosning fjögurra stjórnarmanna,
    c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings.
18. Önnur mál,
19. Þingslit.

Stjórn SSÍ skal láta koma fram í auglýstri dagskrá hvenær kosning til stjórnar hefst.

**8. grein**
Allar kosningar eru framkvæmdar í heyranda hljóði nema annars sé óskað. Falli atkvæði jöfn í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal hlutkesti ráða.
Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka mál til afgreiðslu sem

fram hefur komið eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Skýrslu stjórnar og starfsnefnda auk þinggerðar sundþings, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og birta sambandsaðilum SSÍ innan eins mánaðar frá þingslitum. SSÍ skal varðveita lokaútgáfu þinggerðar í prentuðu formi.

**9. grein**
Aukasundþing má halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar SSÍ eða fimm sambandsaðilar óska þess. Boða má til aukasundþings með þriggja vikna fyrirvara. Boðun skal fylgja dagskrá. Fulltrúar á aukasundþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má sambandsaðili tilnefna nýjan fulltrúa í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.
Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin af einhverjum orsökum orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt sundþing.

**10. grein**
Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Sami einstaklingur getur ekki gegnt stöðu formanns lengur en 8 tímabil. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Hver stjórnarmaður getur ekki setið lengur en 4 tímabil.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru.

Leitast skal við að sem jafnast hlutfall karla og kvenna sé í stjórn SSÍ sem og í nefndum sem skipaðar eru og tryggt að hlutfall hvors kyns fyrir sig sé ekki lægra en 40%.

Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda. Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild. Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ.

**11. grein**
Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að:

1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur. Öllum einstaklingum sem keppa undir merkjum SSÍ og félaga innan SSÍ skal tryggður réttur til iðkunar og keppni, óháð kyni eða fötlun.

2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.

3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

4. Annast fjármál SSÍ.

5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum.

6. Löggilda dómara í sundíþróttum.

7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.

8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ.

9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum.

**12. grein**
Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.

**12.1** Ef ekki er hægt að leysa mál innanlands geta aðilar vísað málum til alþjóðaíþróttadómstólsins (CAS).

**12.2** SSÍ viðurkennir umboð Lyfjaeftirlits Íslands og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.

**12.3** SSÍ viðurkennir umboð WADA og fylgir reglum þess og tilmælum eftir því sem við á.

**12.4** SSÍ veitir keppendum í sundíþróttum á Íslandi fræðslu um lyfjamisnotkun og afleiðingar hennar í samstarfi við Lyfjaeftirlit Íslands.

**12.5** SSÍ setur siðareglur sem ná til stjórnenda í hreyfingunni, þjálfara, dómara og keppenda.

**12.6** Til að framfylgja siðareglum SSÍ, skal starfrækja aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.

**12.7** Brot gegn ákvæðum siðareglna SSÍ getur leitt til viðurlaga, þ.m.t. brottvísunar úr keppni.

**12.8** Íþróttamannanefnd, dómaranefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ. Formaður íþróttamannanefndar hefur seturétt í stjórn SSÍ. Fulltrúi íþróttamannanefndar tekur þátt í fundum WA Athletes Committee þegar við á.

**12.9** Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni.

**13. grein**
Aðilar að SSÍ eru héraðssambönd, íþróttabandalög og íþróttafélög með sundíþróttir innan sinna vébanda. Aðildarfélög skulu senda stjórn SSÍ afrit af lögum sínum.
Þau skulu senda SSÍ skýrslur um mót sem haldin eru á þeirra vegum í samræmi við reglur í Almennum ákvæðum SSÍ. Aðildarsambönd og -félög senda SSÍ ársskýrslur sínar. Jafnframt ber þeim að standa skil á skráningum í sameiginlegt skráningarkerfi íþrótta- og ungmennahreyfingarinnar í samræmi við reglur ÍSÍ þar um. Vanræki sambandsaðili ítrekað skýrslu- eða skráningarskil varðar það réttindamissi og brottrekstri. Þó skal ávallt aðvara viðkomandi sambandsaðila áður en gripið er til brottrekstrar.

**14. grein**
SSÍ skal í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd/íþróttabandalög vinna að stofnun nýrra sérráða og áframhaldandi starfsemi sérráða sem þegar eru starfandi.

**15. grein**
Í ársskýrslu sinni til sundþings skal stjórn SSÍ jafnan gera grein fyrir notkun styrktarfjár þess er hún hefur haft til umráða.

**16. grein**
Stjórn SSÍ hefur frjálsan aðgang að öllum sundmótum og sýningum sem fara fram innan vébanda SSÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða og héraðssambanda /íþróttabandalaga sem eru aðilar að SSÍ.

**17. grein**
Tilkynningar um íslensk met og önnur afrek í sundíþróttum skal senda stjórn SSÍ til staðfestingar, ásamt skýrslu og staðfestum gögnum móts. Íslandsmet skulu skráð í samræmi við ákvæði reglugerðar um íslensk met í sundi. Öll staðfest met skulu tilkynnt framkvæmdarstjórn ÍSÍ.

**18. grein**
Tillögu um að leggja SSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu sundþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt á ný, er það fullgild ákvörðun um að SSÍ skuli lagt niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eigum SSÍ, en þeim má aðeins verja til að efla sundíþróttir á Íslandi.

**19. grein**
Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Júní 2021

# II. KAFLI – Almenn ákvæði Sundsambands Íslands

## *1. grein - Keppnistímabil*

Keppnistímabil SSÍ er frá 16. ágúst til 15. ágúst.

## *2. grein – Sundíþróttamót*

**2.1**

**Opin sundmót** eru þau sundmót sem öllum félögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka í. Þau geta einnig verið opin gestum erlendis frá. Í opnum sundmótum er keppt í opnum (elsta) flokki. Opin sundmót skulu fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ og WORLD AQUATICS, m.a um sundkeppnina, sundaðferðir, tímatöku og hlutverk starfsmanna.

**2.1.1**

**Tímalágmörk á opnum mótum** eru heimil. Mótshaldari setur slík tímalágmörk fyrir mót á sínum vegum. Tímalágmörk skal auglýsa fyrir mót, ásamt öðrum atriðum sem máli skiptia. Umreiknaður tími skal byggður á tímastöðlum SSÍ. Umreiknaður tími úr öðrum brautarlengdum en mótið er, skal merktur sérstaklega í keppniskrá.

**2.2**

**Aldursflokkamót** eru sundmót þar sem keppt er í aldursflokkum sem skilgreindir eru af SSÍ.

**2.3**

**Héraðsmeistaramót** eru haldin af einu eða fleiri héraðssamböndum eða sundráðum. Skulu þau fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ.

**2.4**

**Innanfélagsmót** eru þau sundmót, þar sem þátttaka er takmörkuð við ákveðið félag og gesti þess. Farið skal eftir sundreglum SSÍ.

**2.5**

**Sundmót SSÍ** (SSÍ mót) eru þau sundmót sem SSÍ stendur fyrir ýmist í samstarfi við félag eða ekki. Sundmót SSÍ eru alla jafnan opin

**2.5.1 Sundmót SSÍ eru:**

a. Opna – Íslands- og unglingameistaramótið í 50 m laug
b. Opna - Íslands- og unglingameistaramótið í 25 m laug
c. Aldursflokkamót Íslands, haldið í 25 m laug
d. Bikarkeppni SSÍ, haldin í 25 m eða 50 m laug
e. Sumarmót SSÍ, haldið í 50 metra laug
f. Alþjóðlegt sundmót í Reykjavík 50 metra laug (nú RIG)
g. Opna Íslandsmeistaramótið í garpasundi, haldið í 25 m laug
h. Opna - Íslandsmótið í sundknattleik
i. Opna - Íslandsmótið í dýfingum
j. Opna - Íslandsmótið í sundfimi
k. Opna - Íslandsmótið í víðavatnssundi

**2.6**

Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands.

**2.7**

Sundmót SSÍ eru ekki á dagskrá á sama tíma og meistaramót LEN og WORLD AQUATICS.

**2.7.1**

Dagsetningu SSÍ-móta getur stjórn SSÍ breytt, þegar áætlun um meistaramót LEN og WORLD AQUATICS liggur fyrir svo og ef breyting verður á forsendum mótahaldsins.

**2.8 – Keppni milli karla og kvenna**

Á mótum SSÍ og aðildarfélaga þess, má ekki stofna til keppni milli karla og kvenna nema í blönduðum boðsundum. Stjórn SSÍ getur veitt undanþágu frá þessari reglu.

## *3. grein – Umsóknir, tilkynningar og úthlutun móta*

**3.1 – Umsókn um mót**

Hvert aðildarfélag sambandsaðila skal hafa rétt á að halda sundmót SSÍ með fullri fjárhagslegri ábyrgð. Réttindi til þátttöku á mótum SSÍ, hafa öll sundfélög sem eiga lögmæta aðild að ÍSÍ.

**3.1.1**

Umsóknir um að halda mót á vegum SSÍ skulu berast á rafrænu formi til SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Ákvörðun stjórnar um staðsetningu liggur fyrir þegar atburðadagatal SSÍ fyrir komandi tímabil er kynnt.

**3.1.2**

Í umsókn um SSÍ mót, kemur fram hvaða verkefni er sótt um, hver sækir um og skipuleggur, hvaða laug verður notuð og uppsetning laugar, aðstaða til gistingar og næringar og svo fyrri reynsla félags af mótahaldi.

**3.2 – Úthlutun SSÍ móta**

Ef tvö eða fleiri aðildarfélög SSÍ sækja um að halda sama mót á vegum SSÍ skal stjórn SSÍ ráða staðsetningu þess og er niðurstaða hennar endanleg. Framkvæmdaaðili og SSÍ skulu gera með sér skriflegan samning um framkvæmd mótsins og skiptingu tekna og kostnaðar, minnst þremur mánuðum áður en viðkomandi mót hefst.

**3.3 – Umsókn um opið mót á atburðadagatal SSÍ**

Umsóknir um opin sundmót eru sendar á rafrænu formi til SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Heimilt er að efna til opinnar sundíþróttakeppni með minni fyrirvara, en þá verður umsókn um mótið að berast til SSÍ með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

**3.4 – Umsókn um innanfélagsmót**

Í umsókn um innanfélagsmót er tekið fram hvar og hvenær mótið á að halda og í hvaða greinum verði keppt. Tilkynning um mótið skal berast skrifstofu SSÍ, á rafrænu formi, með minnst viku fyrirvara og skal SSÍ skrá umsóknir (tilkynningar). Ekki er mögulegt að ná lágmörkum á opin SSÍ mót eða í landsliðsverkefni á slíkum mótum.

**3.5 – Um hlutgengi**

Félög eða félagsfólk innan vébanda ÍSÍ mega ekki taka þátt í opinni keppni eða móti sem ekki hefur hlotið samþykki viðkomandi aðila. Þó er hér undanskilin skólakeppni og keppni milli vinnuflokka.

**3.6 – Tilkynningar og auglýsingar um mót**

Í tilkynningum og auglýsingum um sundmót, skal tekið fram hvar og hvenær mótið fer fram og jafnframt skýrt kveðið á um skráningarfrest, í hvaða greinum verði keppt, röð greina, og ef keppt er um sérstaka verðlauna- eða farandgripi.

Sérstaklega skal kynna ef keppni fer fram í aldursflokkum, garpaflokkum eða fötlunarflokkum.

Taka á fram í auglýsingum um sundmót hvort greiða skal skráningargjald og hve hátt það er.

**3.7 – Skráningar- og stungugjöld**

Heimilt er að krefjast skráningar- og stungugjalda á öðrum sundmótum en meistaramótum á vegum SSÍ. Meistaramót SSÍ eru Íslandsmeistaramót í 25 og 50m laug, Aldursflokkamót Íslands og Bikarkeppni SSÍ.

SSÍ hefur heimild til að innheimta seinskráningargjöld á meistaramótum þess og skal það skilgreint og auglýst í verðskrá SSÍ.

Framkvæmdaaðilar annarra móta en SSÍ móta hafa frjálsar hendur um ákvörðun slíkra gjalda.

## *4. grein - Skyldur mótshaldara og framkvæmdaaðila*

**4.1**
SSÍ er alltaf mótshaldari á eigin mótum. SSÍ er heimilt að fá aðildarfélag til að framkvæma mótshaldið fyrir sína hönd. Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts, er þá framkvæmdaraðili móts.

**4.1.1**
Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts á vegum SSÍ en dregur sig tilbaka innan við þriggja mánaða frá móti skal greiða sekt til SSÍ að fjárhæð sem tilgreind er í verðskrá SSÍ á hverjum tíma. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 70% sektarupphæðarinnar til þess félags sem hleypur í skarðið. Ef mótshaldari dregur sig til tilbaka frá AMÍ innan þriggja mánaða frá móti skal hann greiða sekt sem tilgreind er í verðskrá SSÍ á hverjum tíma til SSÍ. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 70% sektarupphæðarinnar til þess félags sem hleypur í skarðið.

**4.2**
**SSÍ** gefur út og kynnir atburðadagatal minnst einum mánuði fyirr upphaf keppnistímabils.

**4.2.1**
Stjórn SSÍ ákveður tímasetningu SSÍ móta næsta sundtímabil. Við sérstakar aðstæður hefur stjórn SSÍ heimild til að bregðast við breyttum forsendum og flytja til dagsetningar móta eða fella niður tiltekin mót, en allar slíkar ákvarðanir skulu háðar samráði við forráðamenn sundfélaga og kynntar með mesta mögulegum fyrirvara.

**4.2.2**
Í atburðadagatali koma fram tímasetningar SSÍ móta, æfinga og keppnisverkefna undirbúningshópa og landsliða, innanlands og utan, dagsetningar Sundþings og áætlanir um formannafundi SSÍ, auk þess sem stefnt skal að því að öll opin sundmót á vegum sundfélaga og sambandsaðila séu tímasett og kynnt sundsamfélaginu á sama tíma.

**4.2.3**
Þau sundfélög og sambandsaðilar sem óska eftir því að kynna eigin sundmót og atburði á atburðadagatali SSÍ skulu senda stjórn umsókn um slíkt fyrir 1. maí.

**4.2.4**
Stjórn SSÍ ber að leita samráðs við sundfélög á landinu um heildarskipulag og hafa forgöngu um nauðsynlegar tilhliðranir varðandi dagsetningar sundmóta og tímasetningu annarra atburða. Náist ekki samkomulag milli aðila skal stjórn SSÍ skera úr um dagsetningar sundmóta og einstakra atburða.

**4.2.5**
Aðilar sem fengið hafa kynningu á sínum verkefnum á atburðadagatali SSÍ hverju sinni skulu leita heimildar stjórnar SSÍ til frávika, með minnst eins mánaðar fyrirvara.

**4.2.6**
Láti sambandsaðili undir höfuð leggjast að leita slíks samþykkis eða felli aðili niður sundmót sem sett hefur verið á atburðadagatal SSÍ, hefur stjórn heimild til að úrskurða viðkomandi aðila til greiðslu sektar allt að fjárhæð sem tilgreind er í verðskrá SSÍ á hverjum tíma. Aðilar sæta ekki sektarviðurlögum ef sannað er að óviðráðanlegar ástæður hafi ótvírætt hamlað því að staðið væri við auglýst áform.

**4.3**
**SSÍ** sendir út tilkynningu til aðildarfélaganna minnst einum mánuði fyrir mót vegna SSÍ móta.

**4.3.1**
Í tilkynningunni koma fram upplýsingar um laugarstærð, tækjabúnað, skipulag móts og dagskrá, skráningargjöld og skráningarfrest.

**4.3.2**

Fulltrúi SSÍ á að vera viðstaddur lokaundirbúning keppnissvæðis og mælingu á laug fyrir SSÍ mót.

**4.3.3**

Framkvæmdaaðili er algjörlega fjárhagslega ábyrgur fyrir mótinu.

**4.3.4**

Framkvæmdaaðili í samvinnu við mótshaldara sér til þess að löglegur fjöldi starfsmanna sé til staðar meðan á móti stendur.

**4.3.5**

Framkvæmdaaðila SSÍ móta er skylt að halda mótið í samræmi við áður ákveðna dagskrá samþykkta af stjórn SSÍ.

**4.4**

Á sundmótum er unnið í samræmi við reglugerð um framkvæmd sundmóta.

**4.5**

Á tækni- og dómarafundum er kynnt meðferð ágreiningsmála, kæruleiðir og áfrýjun úrskurða og þar með lögsaga dómstóla ÍSÍ.

**4.6**

Framkvæmdaaðilar félagsmóta og SSÍ móta skulu senda SSÍ mótaskýrslu og útprentun úr tímatökutækjum. Einnig skulu úrslit mótsins berast til SSÍ á tölvutæku formi. Skýrsla um sundmót skal undirrituð af mótsstjóra og yfirdómara. Til þess að úrslit teljist gild þurfa framangreind gögn að hafa borist SSÍ innan sjö daga frá lokum móts og skulu staðfest úrslit birtast innan sama tíma.

## *5. grein - Skyldur þátttökuliða á SSÍ-mótum og útnefning starfsmanna*

**5.1**

Aðildarfélög skulu sjálf bera allan kostnað vegna ferða til og frá mótsstað, svo og kostnað vegna fæðis og gistingar.

**5.2**

Félög skulu útvega starfsfólk í hlutfalli við fjölda skráninga. Félög sem starfa innan 120km fjarlægðar frá mótsstað skulu skila tvöföldum fjölda starfsmanna á við þau félög sem lengra eiga að. Starfsmannaþörf á mótum tekur mið af laugarlengd, fjölda brauta, fjölda mótshluta og öðrum þáttum. Mótshaldari skal gera grein fyrir starfsmannaþörf um leið og mót er auglýst og skulu kröfur um starfsmannaþörf frá þátttökuliðum liggja fyrir þegar skráningarfrestur er liðinn. Mótshaldari skal tilkynna þátttökuliðum um lágmarksmönnun félagsins miðað við fjölda skráninga þegar þær upplýsingar liggja fyrir. Ekki er gerð krafa um að erlend þátttökulið skili starfsfólki á mót SSÍ.

**5.2.1**

SSÍ heldur námskeið fyrir dómara, gefur út og staðfestir reglur um réttindi þeirra.

**5.2.2**

Dómaranefnd SSÍ fylgist með og heldur skrá yfir störf dómara, gerir tillögur um/velur dómara til starfa á mótum SSÍ og í alþjóðleg verkefni og sendir stjórn SSÍ til staðfestingar eftir því sem við á.

**5.2.3**

Skrá um dómara / yfirdómara er aðgengileg á heimasíðu SSÍ.

**5.2.4**

Dómarar á sundmótum SSÍ klæðast fatnaði sem auðkennir þá.

**5.3 – Viðurlög**

Stjórn SSÍ hefur heimild til að beita félögum viðurlögum t.d. fésektum og/eða vísa þeim frá keppni láti þau undir höfuð leggjast að skila tilskyldum fjölda starfsmanna. Skal stjórn SSÍ beita félög viðurlögum ef um ítrekuð brot á þessari reglu er að ræða.

## *6. grein - Skráningarfrestur, þátttökutilkynningar, skráningartímar og tímastaðlar*

### 6.1 – Skráningarfrestur og þátttökutilkynningar

Einstaklings- og/eða liðaskráning vegna allra SSÍ móta skal hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 16 dögum fyrir mótsbyrjun.

**6.1.1**

Vegna SSÍ móta leggur SSÍ til mótaskrá á tölvutæku formi og skal skráningum skilað á því sama formi. Þeir sem ekki hafa aðgang að því forriti sem SSÍ notar hverju sinni skulu senda skráningarnar inn á þar til gerðum skráningarformum sem eru gefin út af SSÍ og skulu skráningar þá hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 17 dögum fyrir mótsbyrjun. Önnur skráningarblöð eða form eru ekki tekin gild sem skráning á SSÍ mót. Sé skráningum skilað síðar skal félag borga seinskráningagjald, samkvæmt verðskrá SSÍ.

**6.1.2**

Öllum skráningum skal skilað inn með með rafrænum hætti. Í öllum tilfellum skal koma fram fullt nafn, kennitala, og löglegur tími keppenda á yfirstandandi keppnisári. Í þeim tilfellum þar sem lágmörk gilda m/v aldur og/eða aldursflokkaskiptingu ber að miða við fæðingarár viðkomandi keppanda.

**6.1.3**

Dagsetning á skráðum árangri og staðsetning eða mótsheiti skal koma fram á skráningarformi.

**6.1.4**

Fötluðu sundfólki er heimil þátttaka á Íslandsmeistaramótum og öðrum mótum sem haldin eru innan vébanda SSÍ.

**6.1.4.1**

Gilda sömu reglur um skráningar og þátttökutilkynningar þeirra og um annað sundfólk en að auki ber fötluðum að skila með skráningum, númeri fötlunarflokks. Gilda þá sérreglur um fötlunarflokkinn eftir atvikum fyrir þann keppanda í greininni.

**6.1.4.2**

SSÍ skal skrá viðkomandi keppanda undir merkjum félags hans. Mótstjórn upplýsir yfirdómara um keppandann og fötlunarflokk hans áður en mótshluti hefst. Upplýsa á yfirdómara áður en sund hefst ef aðstoðarmanns er þörf.

**6.1.4.3**

Heimilt er að skrá fatlað sundfólk í sérstakan riðil og skal sá riðill þá fara fram á undan öðrum riðlum, að öðrum kosti raðast sundfólk í riðla eftir tímum.

**6.1.4.4**

Heimilt er að veita sérstök verðlaun í flokki fatlaðra.

**6.1.5**

Hafi keppandi verið rangt skráður skal sá keppandi ávallt raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni og félagi hans skal gert að greiða sekt samkvæmt verðskrá SSÍ.

**6.1.5**

Röð keppenda í boðsundssveitum skal tilkynna skriflega í síðasta lagi klukkustund fyrir upphaf viðkomandi keppnishluta - til að sveitin öðlist keppnisrétt.

**6.1.6**

Mótshaldarar annarra móta en SSÍ móta hafa heimild til að setja aðrar reglur um skráningarfresti og skráningarform. Það skal þá koma fram í tilkynningu um mótið hvernig þessum málum er háttað.

**6.2 – Skráningartímar**

Við skráningu á sundmót skal ávallt nota tíma frá móti sem haldið er samkvæmt lögum og reglum SSÍ/WORLD AQUATICS enda hafi mótið verið skráð og úrslitum skilað til SSÍ.

**6.2.1**

Tími telst almennt gildur innan tólf mánaða tímabils eða frá upphafi samsvarandi móts árið áður.

**6.2.2.**

Tíma á að skrá í samræmi við þá brautarlengd sem mót fer fram í. Tímum úr brautum af annarri lengd skal breyta samkvæmt tímastaðli SSÍ og merkja sérstaklega í skráningu.

**6.2.3**

Ef tími keppanda er rangt skráður skal sá keppandi raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni eða missa þátttökurétt ef um tímalágmörk á viðkomandi mót er að ræða. Jafnframt er félagi hans gert að greiða sekt að fjárhæð sem tilgreind er í verðskrá SSÍ á hverjum tíma.

**6.2.4**

Íslenskt sundfólk sem stundar æfingar í sundi, en býr erlendis og sannanlega getur ekki náð lágmarkstímum á Íslandsmeistaramót í réttri eða umreiknaðri brautarlengd samkvæmt Almennum ákvæðum SSÍ, getur sótt um heimild til keppni á Íslandsmeistaramóti, til skrifstofu SSÍ með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þessir einstaklingar eru þá skráðir án tíma (NT) í viðkomandi greinum.

**6.2.5**

Á SSÍ mótum skulu boðsundssveitir skráðar á besta tíma þeirra einstaklinga sem skipa sveitina skv. gagnagrunni SSÍ hverju sinni þegar keppt er í undanrásum eða í beinum úrslitum. Röðun á brautir fer þá eftir almennum venjum um röðun á brautir miðað við skráningartíma. Árangur boðsundssveita ræður að öðru leyti röðun þeirra á brautir.

**6.3 – Tímastaðlar**

Stjórn SSÍ gefur út reiknireglu til að meta árangur milli eftirtalinna brautarlengda: 12,5 metra, 16 2/3 metra, 25 metra og 50 metra.

**6.3.1**

Reiknireglur þessar skulu uppfærðar eftir þörfum þegar stjórn SSÍ gefur út lágmörk og viðmið verkefna næsta sundárs á eftir.

**6.3.2**

Umreiknaður tími skal merktur sérstaklega í skráningu á mót. Umreiknaður tími getur aldrei orðið betri en Íslandsmet í greininni í viðkomandi brautarlengd og skal í þeim tilfellum skrá umreiknaðan tíma amk 1/100 yfir gildandi meti.

## *7. grein – Meðlimagjöld og þátttökuréttur, félagsaðild og félagaskipti*

**7.1 - Meðlimagjöld**

SSÍ innheimtir meðlimagjöld af sundfélögum /deildum sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan ÍSÍ.

**7.1.1**

Meðlimagjöld eru ákveðin á Sundþingi og innheimtast 1. ágúst ár hvert.

**7.1.2**

Verði misbrestur á greiðslum skal stjórn SSÍ beita viðkomandi félag útilokun frá verkefnum SSÍ. Eindagi félaga/deilda til greiðslu þjónustugjalda er mest þrír mánuðir

frá útgáfudegi greiðsluseðils, þar til stjórn SSÍ skal beita viðurlögum – hafi ekki verið samið um skuldalúkningu.

**7.2 – Félagsaðild og félagaskipti**

Allir keppendur í sundíþróttum skulu skráðir hjá SSÍ undir fullu nafni m.v. þjóðskrá og kennitölu.

**7.2.1**

Keppendur, sem keppt hafa sl. tvö ár, í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik geta skipt um félag innanlands hvenær sem er á keppnistímabilinu. Keppnisrétt öðlast viðkomandi með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning um félagaskipti hefur borist skrifstofu SSÍ á þar til gerðum eyðublöðum. Einnig er hægt að senda blaðið í tölvupósti.

**7.2.2**

Félagaskipti eru aðeins lögleg að formaður stjórnar, sunddeildar eða yfirþjálfari þess félags er keppandinn hverfur frá, votti með undirskrift sinni að keppandinn sé skuldlaus félaginu. Staðfesting í tölvupósti frá fyrrgreindum aðilum telst ígildi undirritunar. Sinni fyrrgreindir aðilar ekki beiðnum keppanda eða fyrirspurnum frá SSÍ með sannarlegum hætti hefur stjórn SSÍ heimild til að samþykkja félagaskiptin.

Verði ágreiningur um skuld getur fráfarandi félag ekki krafist hærri gjalda en sem nemur einu almannaksári.

Á meðan á félagskiptum stendur getur sundmaður keppt undir merkjum þess félags sem gengiðer úr..

**7.2.3**

Keppendur í í keppnissundi, garpaflokkum og sundknattleik sem eru 12 ára og eldri greiða umsýslugjald fyrir félagaskipti sem rennur óskipt til SSÍ. Umsýslugjaldið er tilgreint í verðskrá SSÍ á hverjum tíma. Greiðsla skal berast til SSÍ samhliða tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um félagaskipti hlýtur ekki gildi hjá SSÍ nema umsýslugjald hafi verið greitt.

**7.2.4**

Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa þau til bókar.

Einstaklingar í sundíþróttum mega keppa í mismunandi sundíþróttagreinum undir merkjum mismunandi félaga.

**7.2.5**

SSÍ er mikið í mun að fylgjast með íslensku sundfólki um allan heim. Íslenskir keppendur í sundíþróttum, sem hyggjast keppa með erlendu félagi, þurfa að tilkynna skrifstofu SSÍ með tölvupósti áður en keppendur fara erlendis. Með slíkri tilkynningu öðlast heldur keppandinn sjálfkrafa, keppnisrétti með sínu félagi hér á landi þrátt fyrir að vera einnig skráður í félag erlendis, enda uppfylli viðkomandi íþróttamaður öll tilskilin ákvæði um keppnisréttindi hér á landi. Þetta á við hvort sem keppandi er í skólaliði eða erlendu félagsliði.

Stjórn SSÍ færir slíkar tilkynningar til bókar líkt og félagaskipti.

Með þessu þurfa ekki að líða 30 dagar frá því að keppandi tekur þátt í keppni með sínu skólaliði eða erlenda félagsliði, til að hann getur tekið þátt í keppni undir merkjum síns félags hérlendis.

**7.3 – Keppnisréttur erlendra ríkisborgara**

Á Íslandsmótum í sundi geta íslenskir ríkisborgarar einir orðið Íslandsmeistarar og sett íslensk met.

**7.3.1**

Erlendum keppendum er heimil keppni í einstaklingsgreinum og boðsundssveitum á Íslandsmótum til verðlauna. Boðsundsveit með erlendan ríkisborgara innanborðs getur aldrei hlotið Íslandsmeistaratitil né sett íslenskt met.

**7.3.2**

Ekki skal setja takmörk á fjölda erlendra ríkisborgara í liðakeppni í sundi, að því tilskyldu að viðkomandi hafi búið á Íslandi í 30 daga hið minnsta.

**7.3.3**

Íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis eiga alltaf keppnisrétt á Íslandsmótum.

**7.3.4**

Sundfélag sem tekur við keppanda með erlendan ríkisborgararétt skal tilkynna það SSÍ, eins og um félagaskipti sér að ræða. Keppandi öðlast keppnisrétt með félaginu 30 dögum eftir að tilkynning berst skrifstofu SSÍ með tölvupósi.

**7.3.5**

Erlendum ríkisborgurum sem uppfylla skilyrði um félagsréttindi, er heimil þátttaka Íslandsmeistaramótum, í liðakeppni (Bikarkeppni og AMÍ) og einstaklingskeppni að því tilskyldu að vera skráður í sundfélag/-deild í samræmi við félagsreglur ÍSÍ. Viðkomandi einstaklingur getur þó ekki sett íslensk met né orðið Íslandsmeistari, hvorki í einstaklingsgrein eða boðsundi.

**7.4 – Forföll, varamenn, vísað frá keppni**

Keppandi sem skráður hefur verið til opinnar keppni og mætir ekki til leiks, án sannanlegra forfalla, skal tilkynntur til sérráðs og/eða héraðssambandsstjórnar, og sæti hann viðurlögum, sektum eða útilokun frá keppni. Mæti keppandi ekki til leiks af þeim orsökum að félag hans hefur skráð hann án vitundar eða samþykkis hans/hennar, skal félagið sæta ábyrgð fyrir.

**7.4.1**

Þátttakendum sem ekki eru viðstaddir þegar yfirdómari eða aðstoðarmenn hans kalla upp nöfn þeirra áður en rásmerki er gefið má neita um að keppa.

**7.4.2**

Á öllum mótum á vegum SSÍ skal greiða sekt fyrir að mæta ekki á ráspall á réttum tíma. Sektarupphæðir eru tilgreindar í verðskrá SSÍ á hverjum tíma.

**7.4.3**

Heimilt er að setja inn varamenn fyrir úrskráningar í undanrásum eða þegar keppt er beint til úrslita – í samræmi við reglur WORLD AQUATICS. Ávallt er heimilt að skrá úr einstökum greinum innan auglýsts frests.

**7.5 – Boðsund**

Félögum er heimilt að senda fleiri en eina boðsundssveit til keppni á móti hafi keppnishaldari gert ráð fyrir því í tilkynningu um mót og reglugerð mótsins mælir ekki gegn því.

**7.5.1**

Í þeim tilfellum sem félag sendir fleiri en eina sveit skal merkja sveitir félags A, B, C o.s.frv. eða 1, 2, 3 o.s.frv. til aðgreiningar.

**7.5.2**

Sé um að ræða stigakeppni félaga tekur sú sveit sem hraðar syndir stig fyrir félagið.

**7.5.3**

Geri sveit ógilt í undanrásum eða undanúrslitum á móti er öllum sundmönnum sem skipuðu hina ógildu sveit óheimilt að taka þátt í öðrum boðsundssveitum félags í úrslitum sömu greinar. Á sama hátt er félagi óheimilt að merkja aðrar sveitir félagsins með bókstaf/tölustaf hinnar ógildu sveitar.

## *8. grein – Mótmæli og kærur, Yfirdómnefnd móts*

**8.1**

Liðstjóri/þjálfari geta mótmælt/kært

a) ef lögum og reglum SSÍ um mótahald er ekki fylgt
b) ef þær aðstæður skapast að það trufli keppni eða keppendur verulega
c) ákvörðunum yfirdómara; engin mótmæli gegn „decisions of fact“ eru þó tekin til greina.

**8.2**

Mótmæli/kærur skulu afhentar yfirdómara

a) skriflega á eyðublöðum SSÍ
b) af liðstjóra eða þjálfara félgas sem í hlut á
c) ásamt kærufé sem tilgreint er í verðskrá SSÍ á hverjum tíma
d) innan 30 mínútna frá því úrslit greinar/leiks eru birt.

Ef mótmæla á atriði sem á sér stað áður en keppni er hafin skal tilkynna um mótmæli áður en rásmerki er gefið.

**8.3**

Öll mótmæli/kærur eru tekin fyrir af yfirdómara. Yfirdómari sem hafnar mótmælum/kærum, verður að gefa ástæður fyrir ákvörðun sinni. Þjálfari/liðstjóri getur skotið höfnun yfirdómara til Yfirdómnefndar, en niðurstaða hennar er endanleg.

**8.4**

Ef mótmælum/kærum er hafnað mun kærufé renna í sjóði SSÍ. Ef yfirdómari eða yfirdómnefnd samþykkja mótmæli/kæru er kærufé endurgreitt.

**8.5**

Á öllum mótum SSÍ starfar yfirdómnefnd skipuð þremur stjórnarmönnum SSÍ. Formaður SSÍ, eða varaformaður í fjarveru formanns, er jafnframt formaður yfirdómnefndar. Skal yfirdómnefnd úrskurða í ágreinings- og álitamálum sem upp koma á móti, í samræmi við reglur LEN og WORLD AQUATICS og ef þau falla ekki beinlínis undir lögsögu annarra aðila í samræmi við samþykktir SSÍ og ÍSÍ. Yfirdómnefnd móts skal fjalla um öll mál sem upp kunna að koma varðandi slæma framkomu eða hegðun á öllum mótum SSÍ.
Úrskurðir yfirdómnefndar móts eru endanlegir.

**8.6**

Ef keppandi eða starfsmaður á móti, gerir sig sekan um ósæmilega hegðun að mati yfirdómara eða fulltrúa SSÍ og ekki vinnst tími til að taka á málinu meðan á móti stendur, getur viðkomandi sent skýrslu um málið til skrifstofu SSÍ innan 7 daga frá því að atvikið átti sér stað. SSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um atvik þau er varða keppendur, starfsfólk og/eða trúnaðarfólk viðkomandi félags og skal félagið taka málið til meðferðar og kynna stjórn SSÍ niðurstöðu sína innan þess frests sem hæfilegur getur talist. Stjórn SSÍ sendir þau mál sem ekki fæst niðurstaða í með ofangreindum hætti til Aga- og siðanefndar.

**8.7 – Samband sundmanns við þjálfara**

Þjálfurum og liðsstjórum er óheimilt að vera í faglegu sambandi við keppanda í sundi, sundfimi eða dýfingum á meðan viðkomandi grein stendur yfir.

## *9. grein – Virðing og tillitssemi*

**9.1 - Virðing**

Keppendur í sundíþróttum, þjálfarar þeirra og aðrir sem koma að keppni í sundíþróttum skulu sýna öðrum keppendum, þjálfurum, fylgdarfólki og starfsfólki móta og sundstaða tilhlýðilega virðingu og tillitssemi í hvívetna.

**9.2 - Verðlaunaafhending**

Keppendur sem vinna til verðlauna í sundíþróttum skulu mæta til verðlaunaafhendingar.

**9.2.1**

Mótsstjórn má svipta keppanda verðlaunum sínum mæti hann ekki til verðlaunaafhendingar, án eðlilegra skýringa.

**9.2.2**

Heimilt er liðsstjóra/keppanda þó að senda staðgengil til að taka við verðlaunum, vegna sérstakra aðstæðna. Liðstjóri eða þjálfari skulu tilkynna mótstjórn áður en verðlaunaafhending fer fram hverju sinni ef sérstaklega stendur á varðandi mætingu keppanda til móttöku verðlauna.

## *10. grein - Verðlaunagripir*

Reglugerðir um verðlaunagripi skulu staðfestar af stjórn SSÍ. Í reglugerð skal tekið fram:

a) Nafn verðlaunagripa og gefanda
b) Hverjir annist um að reglugerð sé framfylgt
c) Í hvaða greinum skuli keppt og hverjir sjái um keppnina
d) Á hvaða mótum skuli keppt um gripina
e) Hve oft skuli keppt um gripina
f) Hverjir hafi rétt til keppni
g) Ákvæði um að vinna gripi til varðveislu eða eignar

Slíkum reglugerðum verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ og skal leitað eftir samþykki gefenda sé það áskilið í reglugerð.

## *11. grein – Lyfjamisnotkun/lyfjaeftirlit*

Um lyfjamál gilda lög og reglur ÍSÍ þar sem unnið er eftir fyrirmælum WADA varðandi bönnuð efni og viðurlög skulu vera í samræmi við ákvarðanir dómstóla ÍSÍ og WORLD AQUATICS eftir því sem við á. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjanefndar ÍSÍ og skal fara eftir lögum og reglugerðum ÍSÍ.

September 2022

# III. KAFLI – Starfsnefndir og vinnuhópar SSÍ

Innan SSÍ eru eftirfarandi fastanefndir SSÍ:

a. Aga- og siðanefnd,
b. Dómaranefnd,
c. Kjörnefnd.

Stjórn SSÍ skipar fólk í nefndir sambandsins. SSÍ kallar eftir tilnefningum frá aðildarfélögum um fólk í nefndir. Ekki er heimilt að skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga SSÍ í Aga- og siðanefnd. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.
Í dómaranefnd og kjörnefnd skipar stjórn SSÍ á fyrsta fundi sínum að loknu sundþingi og staðfestir um leið erindisbréf þeirra. Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

## *Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ*

Stjórn SSÍ skal starfrækja fastanefndir og hefur heimild til að stofna vinnuhópa utan um sértæk verkefni. Stjórn skal fela nefndum/vinnuhópum ákveðna ábyrgð sem er skilgreind í erindisbréfi. Stjórn setur fastanefndum starfs- og siðareglur og hefur eftirlit með störfum þeirra. Í erindisbréfum nefnda/vinnuhópa skal kveðið á um hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgð. Verkefni nefnda/vinnuhópa skulu vel skilgreind, hafa skýran tímaramma auk þess sem skýrt er hver afrakstur vinnunnar á að vera. Nefndarmenn í nefndum/vinnuhópum á vegum SSÍ skulu sækja umboð sitt til stjórnar sambandsins og getur stjórn afturkallað það umboð gagnvart einstaka nefndarmanni og eða nefnd/vinnuhóp í heild sinni og skipað annan nefndarmann í hans stað og eða alla nefndarmenn ef því er að skipta. Stjórn er heimilt að skipa nefndir/vinnuhópa um tímabundin og afmörkuð verkefni.

Fastanefndir SSÍ eru samkvæmt lögum, Aga- og siðanefnd, Dómaranefnd og Kjörnefnd.

## *Erindisbréf nefnda*

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hverrar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skulu skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð skal sett upp með eftirfarandi hætti:

a) Efni máls bókað.
b) Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókaðar en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið.
c) Bókað ef starfsfólk er beðið um að leysa sérstök verkefni.
d) Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

# IV. KAFLI – Aga- og siðareglur og önnur viðmið

## *Markmið:*

Aga- og siðareglum SSÍ er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir alla þá sem starfa undir merkjum sundhreyfingar á Íslandi. Reglunum er ætlað að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu sundiðkenda, starfsmanna SSÍ og annarra sem koma að störfum fyrir sundíþróttahreyfinguna. Reglunum er jafnframt ætlað að verða leiðbeinandi fyrir Aga- og siðanefnd SSÍ og grundvöllur fyrir sanngjörn viðurlög við brotum gegn reglunum og við brotum gegn almennum velsæmisviðmiðunum í starfi undir merkjum sundhreyfingarinnar.
Félögum sem starfa undir merkjum Sundsambands Íslands er skylt að kynna stjórnarfólki og starfsfólki sínu Aga- og siðareglur SSÍ. Þeim ber að undirrita þær. Einnig skal kynna öllum iðkendum sundíþróttahreyfingarinnar Aga- og siðareglur SSÍ.
Í þessum kafla fylgja einnig viðmið og hegðunarreglur íþróttahreyfingarinnar, ferðareglur ÍSÍ og SSÍ, viðmið fyrir keppendur í sundíþróttum og önnur viðmið sem sundfólk og aðstandendur sundíþrótta á Íslandi falla undir og þurfa að fylgja.

## *Gildissvið:*

Siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ gilda innan sundíþróttahreyfingarinnar. Eftirfarandi reglur skulu fyrst og fremst taka til þeirra þátta sem ekki er tekið á í lögum og reglum ÍSÍ/SSÍ og viðurlög skulu á sama hátt eiga við þar sem um sértæk mál sundhreyfingarinnar er að ræða.

## *Hlutverk Aga- og siðanefndar:*

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitaefni sem til hennar er vísað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.
Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.
Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.
Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skylt að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar.
Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar.
- Hverjir eru málavextir.
- Hvernig vann Aga- og siðarnefnd með málið.
- Hver er niðurstaða Aga- og siðarnefndar,
    - Nefndin rökstyður niðurstöðu sína.

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.
Aga- og siðanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, lögreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.

Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

## *Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:*

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla.**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sátta þar sem það á við.**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörun.**
    - Ef viðvörun er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara.
- **Veita skriflega áminningu með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt.**
    - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni.
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni.**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni.**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda.**

## *Aga- og siðareglur SSÍ:*

**1. grein**

Í störfum stjórnar og nefnda SSÍ, við þjálfun og fararstjórn og undir merkjum sundhreyfingarinnar almennt ber öllum að kappkosta heiðarleika og drengilega framkomu.

**2. grein**

Öllum þeim er starfa í umboði SSÍ ber að hafa jákvæðar samskiptavenjur í heiðri í hvívetna, hvort sem er í ræðu eða riti, í beinum samskiptum eða t.d. á samfélagsmiðlum.

**3. grein**

Sundsambandi Íslands er ljóst að mikill vandi snýst um notkun úthaldsaukandi /árangurs-tengdra margvíslegra lyfja og ólöglegra efna í sambandi við þjálfun og keppni. SSÍ mun berjast gegn þeirri vá af alefli og gerir þá kröfu til allra sem undir merkjum þess starfa.

**4. grein**

Iðkendum/keppendum, starfsmönnum, þjálfurum og fararstjórum sem og kjörnum forsvarsmönnum SSÍ er með öllu óheimilt að hvetja til eða aðstoða við neyslu fíkni- og vímuefna, ólöglegra eða hættulegra efna.

**5. grein**

SSÍ tekur afstöðu gegn hvers konar ofbeldi, kynferðislegri misnotkun og einelti. SSÍ telur þetta vera alvarlegt vandamál sem beri að berjast gegn með öllum tiltækum ráðum. Í því skyni skulu allir þeir sem koma fram undir merkjum SSÍ taka afstöðu gegn slíku í störfum sínum.

**6. grein**

Þjálfurum, fararstjórum og starfsmönnum á vegum SSÍ og öðrum þeim sem starfa innan vébanda SSÍ er óheimilt að stofna til kynferðissambands af nokkru tagi við sundfólk undir þeirra lögsögu eða aðra þá sem eiga að njóta verndar SSÍ á ferðalögum, í þjálfun og keppni á vegum SSÍ og starfsnefnda sambandsins.

**7. grein**

Öllum sem starfa eða iðka íþróttir undir merkjum SSÍ ber í öllum tilvikum að tilkynna viðeigandi fagaðila ef grunur er um kynferðisbrot gagnvart börnum.

**8. grein**

Hagsmunaárekstrar geta komið upp í störfum fyrir sundhreyfinguna og við slíku ber að bregðast með formlegum hætti. Þannig ber að skipuleggja störf á vegum SSÍ með þeim hætti að ekki komi til árekstra milli faglegra sjónarmiða og fjárhagslegs ávinnings einstaklinga eða nánustu vandamanna þeirra.

**9. grein**
Öllum er heimilt að leita úrskurðar Aga- og siðanefndar SSÍ vegna mála er varða sundíþróttahreyfinguna. Nefndin skal kynna niðurstöðu sína fyrir stjórn og skrifstofu SSÍ sem ber ábyrgð á kynningu á niðurstöðu nefndarinnar fyrir aðilum. Úrskurðir Aga- og siðanefndar skulu geymdir í gagnasafni SSÍ.
**10. grein**
Aga- og siðanefnd ber að gefa aðilum máls eðlilegan frest til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og skýringum.
**11. grein**
Úrskurðum Aga - og siðanefndar er heimilt að skjóta til dómsstóla ÍSÍ.

## *SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, LEN og World Aquatics*

**Almennar reglur LEN og World Aquatics gilda á öllum opinberum mótum á vegum SSÍ.**
**Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum World Aquatics, WADA og lögum ÍSÍ.**
**Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá slíkum efnum.**
**Reglur World Aquatics og IOC um auglýsingar gilda að jafnaði í landsliðsverkefnum SSÍ.**
**Um önnur ákvæði í ólympíuverkefnum gilda reglur ÍSÍ og IOC eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum.**

## *Almennar ferðareglur SSÍ*

1. Sundfólk og starfsmenn mæta tímanlega til brottfarar en þá telst upphaf verkefnis.
2. Sundfólk fylgir útgefnum leiðbeiningum varðandi ferðahegðun.
3. Á áfangastöðum fylgja þátttakendur fyrirmælum fararstjóra og kappkosta að gæta stundvísi og aðstoða hvern annan eftir því sem við á.
4. Í verkefnum gildir bann við neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum fíkni- eða vímuefnum.
5. Sundfólk breytir ekki notkun lyfja né tekur inn ný lyf, sem ekki eru á venjulegum heimildalista, án vitneskju farastjóra og þjálfara. Fararstjóri getur leitað álits læknis við þær kringumstæður sé þess nokkur kostur.
6. Fararstjóri raðar sundfólki á herbergi – herbergisnautar eru af sama kyni.
7. Sundfólk raðast ekki í herbergi með trúnaðarfólki SSÍ nema sérstaklega standi á.
8. Sundfólk virðir skipulagða hvíldartíma á mótsstað.
9. Sundfólk hefur samráð við fararstjóra þegar um er að ræða samskipti við fjölmiðla í aðdraganda keppni og á keppnisstað.
10. Sundfólk fylgir fyrirmælum fararstjóra um notkun einkennisfatnaðar í verkefnum.
11. Trúnaðarfólk SSÍ sýnir gott og jákvætt fordæmi í hvívetna og virðir bann við notkun áfengis og tóbaks meðan þeir bera ábyrgð á hópi.
12. Trúnaðarfólk SSÍ virðir reglur um bann við kynferðislegt samband við sundfólk í verkefni.
13. Í ferðalögum, á æfingum eða í öðrum verkefnum á ábyrgð SSÍ er yfirgangur, einelti og útilokun sundfólks hvert gegn öðru ekki liðið.
14. Fararstjóri skilar skýrslu til SSÍ um ferð og árangur innan viku frá ferðalokum.

## *Fyrirmyndarhlutverk sundfólks og þeirra sem starfa í verkefnum SSÍ*

Sundfólk og aðrir sem taka þátt í verkefnum á vegum SSÍ

- sýnir gott fordæmi í hvívetna,
- temur sér jákvæða framkomu og kurteisi í hvívetna,
- fylgir fyrirmælum og kemur fram í samræmi við upplýsingar á hverjum stað,

- tekur ekki þátt í neikvæðu umtali um félaga sína eða keppinauta,
- kemur ekki fram opinberlega með neinum þeim hætti sem getur skaðað sundíþróttina og rýrt orðspor hennar út á við,
- viðhefur algert bindindi á tóbak, áfengi og önnur fíkniefni, í verkefnum SSÍ,
- fer í einu og öllu að lyfjareglum WADA/ÍSÍ,
- notar ekki efni sem eru ekki leyfð á Íslandi og neytir ekki ólöglegra lyfja,
- tekur þátt í forvörnum í samstarfi við SSÍ,
- tekur ekki þátt í kynningarstarfi á vegum annarra en SSÍ í tengslum við landslið Íslands í sundi,
- tekur ekki þátt í að auglýsa eða mæla með starfsemi sem gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingar um heilbrigt líferni,
- virðir íslensk aldursmörk þar sem það kemur fram undir merkjum Íslands.

## *Reglur ÍSÍ um keppnisferðir*

1. Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómarar skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna háttvísi og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skylt að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði þegar aðalfararstjóri ákveður.
2. Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfararstjóri sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfararstjóri hafi hann verið valinn.
3. Flokksstjórar koma næstir aðalfararstjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfararstjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu.
4. Aðalfararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati brotið verulega gegn reglum þessum.
5. Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að áliti aðalfararstjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og síðar, ef þurfa þykir, til dómsstóls ÍSÍ. Öðrum þátttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra áliti óviðeigandi framferði aðalfararstjóra, aðstoðarfararstjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
6. Aðalfararstjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu.
7. Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ.
8. Óskert skal heimild þess aðila, sem að förinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfararstjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

*Febrúar 2018*
***Ath!!! SSÍ vinnur að endurskoðun Aga- og siðareglna SSÍ. Júní 2021***

# V. KAFLI – Reglugerð um Íslensk met

**1. grein**
Íslandsmet er besti árangur sem íslenskur keppandi (karl eða kona) eða sundsveit nær á sundmóti þar sem farið er eftir alþjóðareglum WORLD AQUATICS.

**2. grein**
Íslensk met má setja í eftirtöldum vegalengdum, byggt á metaskrá LEN:
**Í 50m laug**
50, 100, 200, 400, 800 og 1500 m skriðsund;
50, 100 og 200 m baksund;
50, 100 og 200 m bringusund;
50, 100 og 200 m flugsund;
200 og 400 m fjórsund einstaklinga.
4x100 og 4x200 m skriðsund;
4x100 m fjórsund;
4x100 m skriðsund og 4x100 m fjórsund blandað.
**Í 25m laug**
50, 100, 200, 400, 800 og 1500 m skriðsund;
50, 100 og 200 m baksund;
50, 100 og 200 m bringusund;
50, 100 og 200 m flugsund;
100, 200 og 400 m fjórsund einstaklinga.
4x50, 4x100 og 4x200 m skriðsund;
4x50 og 4x100 m fjórsund;
4x50 m skriðsund og 4x50 m fjórsund blandað.
Þessi met skulu aðgengileg á heimasíðu SSÍ og uppfærð samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar. Auðkenna skal nýjustu metin.

**Íslensk met í öllum framangreindum vegalengdum má setja í eftirtöldum flokkum:**
a) Í opnum flokki jafnt fyrir konur sem karla. Slík met, sem eru besti tími sem íslenskur keppandi eða sundsveit nær í viðkomandi grein, kallast **Íslandsmet**.

b) Unglingamet skulu skráð í eftirtöldum aldursflokkum frá og með tímabilinu 2021-2022:
Unglingamet:
16-18 ára karlar
15-17 ára konur
Aldursflokkamet:
13-15 ára karlar
12-14 ára konur
Metaskrá með eldra fyrirkomulagi skal haldin samhliða þeirri nýju út tímabilið 2021-2022 en hætt verður að skrá í hana í lok tímabils.

c) Met garpa má aðeins setja á mótum sem auglýst eru opin þeim sérstaklega. Þau skulu skráð í eftirtöldum aldursflokkum jafnt fyrir konur sem karla: 25-29, 30-34, 35-39, 40-44, 45-49, 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, 75-79, 80-84, 85-89 og 90+ ára.

d) Met í flokkum fatlaðra eru ekki á forræði SSÍ. SSÍ gerir samkomulag við ÍF um viðhald metaskrár í flokkum fatlaðra og verklag við staðfestingu þeirra meta.

**3. grein**
Öll met skulu sett í kyrru vatni, þ.e. án straums eða sjávarfalla, ósöltu eða söltu.

**4. grein**
Til að met fáist staðfest þarf að hafa farið fram úttekt á sundaðstöðu samkvæmt reglum WORLD AQUATICS. Yfirdómari eða mótsstjóri vottar úttektina með undirskrift sinni á mótaskýrslu.

**5. grein**
Íslandsmet eru staðfest þegar tímamæling fer fram samkvæmt reglum WORLD AQUATICS. Ef ekki er notaður alsjálfvirkur tímatökubúnaður er einungis unnt að staðfesta íslensk met í unglingaflokkum eða garpaflokkum. Skal þá notast við handvirka tímamælingu þriggja tímavarða samkvæmt reglum WORLD AQUATICS.

**6. grein**
Umsóknir um staðfestingu íslenskra meta í opnum flokki, aldursflokkum unglinga eða flokkum garpa, skulu berast stjórn SSÍ ásamt mótaskýrslu eða staðfestum úrslitum móts á þar til gerðum eyðublöðum innan 14 daga frá því met var sett. Það er á ábyrgð sundfólks, þjálfara og stjórnar félags að umsókn um staðfestingu íslenskra meta berist SSÍ. Stjórn SSÍ staðfestir met eftir að hafa gengið úr skugga um að öllum áðurnefndum reglum hafi verið fullnægt.

**7. grein**
SSÍ heldur skrá yfir íslensk met sett í opnum flokki, aldursflokkum unglinga og garpa. Metin skulu skráð í fundargerðir stjórnar til staðfestingar. Uppfærð skrá yfir öll íslensk met skal á hverjum tíma vera tiltæk á heimasíðu SSÍ.

Júní 2021

# VI. KAFLI – Reglugerð um Heiðursviðurkenningar SSÍ

**1. grein**
Sundþing skal, ef tilefni er til, veita einstaklingum, félögum eða félagasamtökum viðurkenningar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Þegar sérstaklega stendur á hefur stjórn SSÍ umboð til að veita slíkar viðurkenningar – án þess að staðfesting slíkrar veitingar hafi átt sér stað á Sundþingi.

**2. grein**
Heiðursviðurkenningar SSÍ eru staðfest einkennismerki Sundsambands Íslands eins og það er á hverjum tíma – og eru efni og útlit í samræmi við reglugerð þessa. Heiðursviðurkenningar eru fimm:

1. Heiðursfélagi SSÍ
2. Gullmerki SSÍ
3. Silfurmerki SSÍ
4. Þjónustumerki SSÍ
5. Borðfáni SSÍ – veifa SSÍ

**3. grein**
**Heiðursfélagi SSÍ** – Gera má einstakling að heiðursfélaga í SSÍ sem hefur unnið sundíþróttum á Íslandi samfellt gagn megnið af uppvexti og starfsævi sinni. Einnig má gera þá að heiðursfélögum sem gegna embætti forseta Íslands, enda leggi þeir sundíþróttahreyfingunni til jákvæða ímynd.
**Gull- og silfurmerki SSÍ** – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings um veitingu viðurkenninga.
**Gullmerki SSÍ** skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburða árangri meðal íslenskra sundmanna.
**Silfurmerki SSÍ** skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skal sundfólk sem náð hefur viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

**4. grein**
**Þjónustumerki SSÍ** má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

**5. grein**
**Borðfáni eða veifa SSÍ** er merki SSÍ á hvítum fleti – og stofndagur SSÍ 21. febrúar 1951 skráður neðan við merkið. Fáninn er tvöfaldur með snúru og kögri. Veifu og fána SSÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn ákveður hverju sinni. Fáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

**6. grein**
Framkvæmdastjóri heldur lista yfir þá sem fá heiðursviðurkenningar SSÍ.

*September 2022*

# VII. KAFLI – Reglugerð um framkvæmd sundmóta

1. **grein**

   Stjórn móta skal vera í höndum mótsstjórnar. Mótsstjórn sker úr um öll mál á mótum önnur en þau sem heyra undir yfirdómara og sundreglur World Aquatics.

2. **grein**

   Á mótum SSÍ skal stjórn SSÍ skipa eftirtalda starfsmenn að tillögu dómaranefndar SSÍ: (innan sviga er lágmarkstala þeirra starfsmanna sem þarf til að önnur mót geti talist lögleg og hægt er að setja met á).
   Fyrir mót haldin í 8 brauta laug: lágmark 17 dómara fyrir 50m laug og lágmark 15 fyrir 25m laug (fyrir 10 brauta laug er lágmark 21 dómari í 50m laug og lágmark 19 fyrir 25m laug)
   - tvo yfirdómara (1)
   - fjóra tæknidómara fyrir 50m laug og tvo fyrir 25m laug (2)
   - tvo ræsa (1)
   - einn snúningsdómara á braut rásmegin (1) – tekur einnig „back-up“ tíma
   - einn snúningsdómara á braut við 50/25m markið (1 fyrir hverjar tvær brautir)
   - tvo yfirsnúningsdómara hvor á sinn enda (1 snúningsmegin)
   - einn þul (1)
   - einn mótsstjóra (1)

   6 brautir - lágmark 14 dómara, fækkun um 1 snúningsd. snúnm og 2 startm frá 8 br
   5 brautir - lágmark 13 dómara, fækkun um 1 snúningsd snúnm og 3 startm frá 8 br
   4 brautir - lágmark 11 dómara, fækkun um 2 snúningsd snúnm og 4 startm frá 8 br

3. **grein**

   Þar sem alsjálfvirkur tímatökubúnaður er ekki fyrir hendi eða bilar getur yfirdómari eða mótsstjóri sett þrjá tímaverði með handvirkan búnað fyrir hverja braut. Gæta skal þess að a.m.k. tveir tímaverðir séu aukalega til staðar.

4. **grein**

   Þegar ekki er unnt að mæla tíma sundmanns með alsjálfvirkum eða hálfsjálfvirkum búnaði og ekki eru til staðar þrír tímaverðir með handvirkan búnað skal yfirdómari ákvarða röð keppenda. Að öllu jöfnu skal notast við niðurstöðu úr tímatöku, hversu ófullkomin sem hún er, svo framarlega að allt sundfólk í sama riðli fái sambærilega tímamælingu.

5. **grein**

   Sundlaug og annar tæknibúnaður notaður við framkvæmd sundmóta skal skoðaður og viðurkenndur tímanlega fyrir sundmót af fulltrúa stjórnar SSÍ og tækninefnd SSÍ.

# VIII. KAFLI – Dómgæsla og viðhald réttinda

## *a) Sunddómari og sunddómaranemi:*

Dómari þarf að hafa sótt námskeið sem haldið er af yfirdómara á vegum og á ábyrgð SSÍ. Bóklegur hluti námskeiðsins skal fjalla um starfsmenn sundmóta, ábyrgð þeirra sem og reglur World Aquatics um sundaðferðir.

1. Til að verða dómaranemi þarf að taka einn bóklegan hluta undir stjórn yfirdómara og starfa tvo verklega mótshluta undir stjórn yfirdómara og sunddómara á sundmóti.

2. Dómarar fá starfsmannaskírteini útgefin af SSÍ. Sá yfirdómari sem kennir á námskeiðinu skal undirrita kaflann 1. stig tímavörður snúningsdómari.

3. Til að verða almennur sunddómari þarf sunddómaranemi frá félagi á höfuðborgarsvæðinu og/eða af Suðurnesjum að safna a.mk **55** punktum á einu ári samkvæmt stigakerfi SSÍ. Af þessum **55** punktum þurfa a.m.k. **25** punktar að ávinnast á mótum SSÍ.

   Dómaranemi frá félögum annars staðar á landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þurfa að safna a.m.k. **55** punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.

4. Til þess að viðhalda almennum dómararéttindum þarf dómari frá sundfélagi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum að safna a.m.k. 65 punktum á tveggja ára tímabili, þar af 25 punktum á SSÍ mótum auk þess að sækja eitt endurmenntunarnámskeið fyrir dómara á vegum SSÍ annars dettur viðkomandi út af lista SSÍ. Dómari frá félögum annars staðar af landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þarf að safna a.m.k. 65 punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.

5. Falli dómararéttindi úr gildi þarf að sækja endurmenntunarnámskeið fyrir sunddómara á vegum SSÍ og starfa tvo verklega mótshluta á sundmóti til að öðlast réttindi á ný sem almennur sunddómari.

## Stigakerfi dómaranefndar SSÍ:

### Sunddómarar safna punktum fyrir störf sem dómarar á sundmótum.

| | |
|---|---|
| • SSÍ mót og alþóðleg mót | 5 punktar fyrir hvern hluta, |
| • Opin mót | 3 punktar fyrir hvern hluta, |
| • Héraðsmót | 3 punktar fyrir hvern hluta, |
| • Innanfélagsmót | 3 punktar fyrir hvern hluta. |

### Sundmót eru einungis viðurkennd hafi þau verið haldin samkvæmt reglum SSÍ og úrslitum mótsins ásamt mótaskýrslu hafi verið skilað á skrifstofu SSÍ á réttum tíma.

• SSÍ gefur úr lista yfir alla sunddómara; jafnt yfirdómara sem og almenna dómara og dómaranema, í upphafi sundtímabilsins og um áramót og sendir sundfélögum og deildum lista yfir dómara innan félaga.

o Félögin yfirfara listann m.t.t.þ. hverjir eru virkir við dómgæslu.
o SSÍ uppfærir dómaralista a.m.k. einu sinni á ári og birtir á heimasíðu SSÍ.
o Félögin halda jafnframt lista yfir dómara innan sinna raða og birta hann á heimasíðum félaganna.
o Dómaranefnd SSÍ heldur utan um punktastöðu allra sunddómara.

• SSÍ sendir upplýsingar um hverjir eru sunddómaranemar til aðildarfélaga að loknu hverju dómaranámskeiði hjá SSÍ.

• Stjórn SSÍ löggildir yfirdómara og uppfærir sérstakan yfirdómaralista.

o Þjálfun yfirdómara er á ábyrgð SSÍ.

##Ræsir:

• Ræsir skal hafa sunddómararéttindi.

## Tímatökustjóri/yfirtímavörður:

• Tímatökustjóri/yfirtímavörður skal hafa sunddómararéttindi á SSÍ mótum.

• Á öðrum mótum er ekki gerð krafa um að tímatökustjóri/yfirtímavörður hafi sunddómararéttindi þó það sé æskilegt.

## *b) Yfirdómari og viðhald yfirdómararéttinda*

### Til að verða yfirdómari þarf:

- að hafa starfað sem almennur dómari í 2-3 ár, fer eftir staðsetningu félagsins.
- að fara á yfirdómaranámskeið hjá SSÍ.
- að hafa áunnið sér a.m.k. 120 punkta á sl. 2 árum, þar af a.m.k. 60 punktum á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum innanlands.
- að starfa undir handleiðslu yfirdómara a.m.k. 36 mótshlutum, þar af 18 mótshluta á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum.
- Dómaranefnd metur hvenær yfirdómaranemi hefur öðlast nægilega reynslu og hefur staðist skriflegt próf yfirdómaranema.

### Til að viðhalda réttindum þurfa starfandi yfirdómarar að:

- Safna a.m.k. 60 punktum á ári.  Þar af skulu a.m.k.

o 40 punktar ávinnast á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum innanlands,

o 20 punktar geta áunnist á öðrum sundmótum innanlands.

## *c) Alþjóðlegir dómararar*

### Til að komast á World Aquatics lista yfir alþjóðlega dómara þurfa yfirdómarar að:

- hafa starfað sem yfirdómarar í a.m.k. 2 ár.
- uppfylla öll skilyrði í liðnum hér að ofan **„Til að viðhalda réttindum ...“**
- hafa dæmt á alþjóðlegu/opnu móti sem ekki krefst World Aquatics-réttinda.

### Seta á World Aquatics lista

- **Á hverjum lista eru á skrá frá Íslandi:**
- **3 dómarar og 2 ræsar**
- Í gangi eru að jafnaði tveir listar og hver listi gildir í fjögur ár.

- Stjórn SSÍ velur dómara á þessa lista að tillögu dómaranefndar SSÍ hverju sinni.
- Dómari getur ekki verið á tveimur listum á sama tíma.
- Eftir að yfirdómari hefur farið út af lista hefur hann rétt á að sækja um aftur eftir eitt tímabil.

## SSÍ sækir um að senda dómara á eftirtalin mót þegar fjárhagsleg staða SSÍ leyfir slíkt

- Smáþjóðaleikar/Sundkeppni smáþjóða
- NMU og EMU
- EM25 og EM50
- HM25 og HM50
- Ólympíuleikar
- World Cup – Heimsbikarmót.

# IX. KAFLI – Reglugerðir um Íslandsmót

## *a) Opna Íslands- og Unglingameistaramótið í 50 m laug (ÍM50)*

**1. grein**
Íslands- og Unglingameistaramót í 50 m laug skal haldið ár hvert, á tímabilinu frá seinni hluta mars til fyrri hluta apríl. Mótið skal vera opið og auglýst í mótaskrá LEN.

**2. grein**
Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.
Heimilt er að halda Íslandsmót fatlaðra í sundi samhliða og í tengslum við ÍM50.

**3. grein**
Lágmörk á ÍM50 eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágmörk eru gefin út árlega. Stjórn SSÍ hefur tillögur þjálfaranefndar SSÍ og yfirmanns landsliðsmála til hliðsjónar við ákvörðun sína um lágmörk. Skráningartímar mega ekki vera eldri en 12 mánaða eða frá upphafsdegi ÍM50 árið áður, sbr. almenn ákvæði SSÍ.
Lágmarkatímar skulu miðast við 50m laug en gildum tímum má ná í 25m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út.
Sé keppandi með að minnsta kosti 1 lágmark, má viðkomandi bæta við sig allt að tveimur greinum, óháð lágmörkum. Viðkomandi verður að eiga gildan tíma í greinum sem bætt er við. Ekki er hægt að synda 800m og 1500m skriðsund án lágmarka. Aukagreinar eru settar inn samhliða öðrum skráningum og skulu tilkynntar sérstaklega í tölvupósti.

**4. grein**
Á mótinu skal keppt í eftirtöldum greinum í karla og kvennaflokkum:

| | |
|---|---|
| **Skriðsund** | **Bringusund** |
| 1500 m skriðsund | 200 m bringusund |
| 800 m skriðsund | 100 m bringusund |
| 400 m skriðsund | 50 m bringusund |
| 200 m skriðsund | **Baksund** |
| 100 m skriðsund | 200 m baksund |
| 50 m skriðsund | 100 m baksund |
| **Flugsund** | 50 m baksund |
| 200 m flugsund | **Boðsund (bein úrslit)** |
| 100 m flugsund | 4x100 m fjórsund |
| 50 m flugsund | 4x200 m skriðsund |
| **Fjórsund** | 4x100 m skriðsund |
| 400 m fjórsund | |
| 200 m fjórsund | |

**5. grein**
Undanrásir og úrslit á Íslandsmeistaramótinu fara fram í 50m, 100m, 200m og 400m greinum og synda 6 eða 8 keppendur til úrslita sem bestum tíma ná í undanrásum en þó aldrei fleiri en tveir erlendir ríkisborgarar í hverri grein. Í 800m og 1500m greinum fara fram bein úrslit þannig að hraðasti riðill syndir í úrslitahluta en aðrir riðlar í undanrásahluta mótsins.
Keppt er í boðsundum í beinum úrslitum í lok hvers keppnishluta.
Ekki er heimilt að fella niður undanrásir þó fjöldi keppenda fylli einungis einn riðil.
Unglingameistaramótið fer fram í undanrásum á sama hátt. 800 m og 1500 m greinar eru syntar í beinum úrslitum. Boðsund eru ekki hluti af Unglingameistaramótinu.

**6. grein**

Verðlaun eru veitt með tvennum hætti. Annars vegar eru veitt verðlaun í opnum flokkum karla og kvenna fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein á mótinu og hins vegar eru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í unglingaflokki.
Einungis íslenskir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Íslandsmeistari og veita skal sérstök verðlaun í keppni um fyrstu þrjú sætin í keppni um Íslandsmeistaratitil keppi erlendir ríkisborgarar á mótinu.
Erlendir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Unglingameistari að því tilskyldu að viðkomandi keppi fyrir íslenskt félag.

**7. grein**
Heimilt er að veita sérstakar viðurkenningar fyrir afrek unnin á mótinu eða milli ára. Slíkum viðurkenningum skal fylgja reglugerð sem staðfest hefur verið af stjórn SSÍ.

**8. grein**
Starfsmannafund eða -fundi skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts/mótshluta.

September 2022

## *b) Opna Íslands- og Unglingameistaramótið í 25 m laug (ÍM25)*

**1. grein**
Íslands- og Unglingameistaramót í 25 m laug skal haldið ár hvert í nóvember. Mótið skal vera opið og auglýst í mótaskrá LEN.

**2. grein**
Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.
Heimilt er að halda Íslandsmót fatlaðra í sundi samhliða og í tengslum við ÍM25.

**3. grein**
Lágmörk á ÍM25 eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágmörk eru gefin út árlega. Stjórn SSÍ hefur tillögur þjálfaranefndar SSÍ og yfirmanns landsliðsmála til hliðsjónar við ákvörðun sína um lágmörk. Skráningartímar mega ekki vera eldri en 12 mánaða eða frá upphafsdegi ÍM25 árið áður, sbr. almenn ákvæði SSÍ.
Lágmarkatímar skulu miðast við 25m laug en gildum tímum má ná í 50m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út.
Sé keppandi með að minnsta kosti 1 lágmark, má viðkomandi bæta við sig allt að tveimur greinum, óháð lágmörkum. Viðkomandi verður að eiga gildan tíma í greinum sem bætt er við. Ekki er hægt að synda 800m og 1500m skriðsund án lágmarka. Aukagreinar eru settar inn samhliða öðrum skráningum og skulu tilkynntar sérstaklega í tölvupósti.

**4. grein**
Á mótinu skal keppt í eftirtöldum greinum í karla og kvennaflokkum:

| | |
|---|---|
| **Skriðsund** | **Bringusund** |
| 1500 m skriðsund | 200 m bringusund |
| 800 m skriðsund | 100 m bringusund |
| 400 m skriðsund | 50 m bringusund |
| 200 m skriðsund | **Baksund** |
| 100 m skriðsund | 200 m baksund |
| 50 m skriðsund | 100 m baksund |
| **Flugsund** | 50 m baksund |
| 200 m flugsund | **Boðsund (bein úrslit)** |
| 100 m flugsund | 4x50 m fjórsund |
| 50 m flugsund | 4x100 m fjórsund |
| **Fjórsund** | 4x200 m skriðsund |
| 400 m fjórsund | 4x100 m skriðsund |
| 200 m fjórsund | 4x50 m fjórsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur) |
| 100 m fjórsund | 4x50 m skriðsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur) |

**5. grein**
Undanrásir og úrslit á Íslandsmeistaramótinu fara fram í 50m, 100m, 200m og 400m greinum og synda 6 eða 8 keppendur til úrslita sem bestum tíma ná í undanrásum en þó aldrei fleiri en tveir erlendir ríkisborgarar í hverri grein. Í 800m og 1500m greinum fara fram bein úrslit þannig að hraðasti riðill syndir í úrslitahluta en aðrir riðlar í undanrásahluta mótsins.
Keppt er í boðsundum í beinum úrslitum í lok hvers keppnishluta.
Ekki er heimilt að fella niður undanrásir þó fjöldi keppenda fylli einungis einn riðil.
Unglingameistaramótið fer fram í undanrásum á sama hátt. 800 m og 1500 m greinar eru syntar í beinum úrslitum. Boðsund eru ekki hluti af Unglingameistaramótinu.

**6. grein**

Verðlaun eru veitt með tvennum hætti. Annars vegar eru veitt verðlaun í opnum flokkum karla og kvenna fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein á mótinu og hins vegar eru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í unglingaflokki.
Einungis íslenskir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Íslandsmeistari og veita skal sérstök verðlaun í keppni um fyrstu þrjú sætin í keppni um Íslandsmeistaratitil keppi erlendir ríkisborgarar á mótinu.
Erlendir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Unglingameistari að því tilskyldu að viðkomandi keppi fyrir íslenskt félag.

**7. grein**
Bikar skal veittur þeim íslenska kvenmanni er besta afrek vinnur á mótinu samkvæmt gildandi stigatöflu WORLD AQUATICS.
Bikar skal veittur þeim íslenska karlmanni er besta afrek vinnur á mótinu samkvæmt gildandi stigatöflu WORLD AQUATICS.

**8. grein**
Starfsmannafund eða -fundi skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts/mótshluta.

***September 2022***

c) Opna Íslandsmeistaramótið í Garpasundi

**1. grein**
Mótið heitir Opna Íslandsmeistaramótið í Garpasundi (Icelandic Masters Open Championsip, IMOC) og skal haldið ár hvert í apríl eða maí.

**2. grein**
Mótið skal vera opið alþjóðlegt sundmót.

**3. grein**
Mótið skal haldið í 25 m laug. Sækja skal um að halda mótið skv. 3. grein Almennra ákvæða Sundsambands Íslands.

**4. grein**
Hver keppandi má aðeins keppa einu sinni í hverri grein boðsunds en hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni.

**5. grein**
**Dagskrá mótsins er eftirfarandi:**
**Fyrri dagur**
1. Karla/men A-O 800 m skrið/free
2. Kvenna/women A-O 800 m skrið/free
3. Karla/men A-O 50 m flug/fly
4. Kvenna/women A-O 50 m flug/fly
5. Karla/men A-O 100 m bringa/breast
6. Kvenna/women A-O 100 m bringa/breast
7. Karla/men A-O 50 m skrið/free
8. Kvenna/women A-O 50 m skrið/free

Hlé/Break 10 mín.

9. . Kvenna/women A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50 m skrið/free
10. Karla/men A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50 m skrið/free

**Seinni dagur**
**Fyrri hluti**
11. Kvenna/women A-O 400 m skrið/free
12. Karla/men A-O 400 m skrið/free
13. Kvenna/women A-O 100 m flug/fly
14. Karla/men A-O 100 m flug/fly
15. Kvenna/women A-O 50 m bringa/breast
16. Karla/men A-O 50 m bringa/breast
17. Kvenna/women A-O 100 m bak/back
18. Karla/men A-O 100 m bak/back
19. Kvenna/women A-O 200 m skrið/free
20. Karla/men A-O 200 m skrið/free
21. Kvenna/women A-O 100 m fjór/medley
22. Karla/men A-O 100 m fjór/medley

Hlé/break 10 mín

23. 2 karlar/men + 2 konur/women A, B, C, D, E, og/and F 4 x 50 m fjór/medley

**Seinni hluti**
24. Karla/men A-O 200 m fjór/medley
25. Kvenna/women A-O 200 m fjór/medley
26. Karla/men A-O 50 m bak/back
27. Kvenna/women A-O 50 m bak/back
28. Karla/men A-O 200 m bringa/breast
29. Kvenna/women A-O 200 m bringa/breast
30. Karla/men A-O 100 m skrið/free
31. Kvenna/women A-O 100 m skrið/free

Hlé/break 10 mín

32. Kvenna/women A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50 m fjór/medley
33. Karlar/men A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50 m fjór/medley

Aldursflokkaskipting / Age group
20 - 24 ára keppa sem gestir og skulu ekki reiknast til stiga.
20-24 25-29 30-34 35-39 40-44

45-49 50-54 55-59 60-64 65-69
70-74 75-79 80-84 85-90 90+
Aldursflokkaskipting í 4x50 m boðsundi / Age groups in 4x50 m medley and free
A = 100 - 119 B = 120 - 159 C = 160 - 199
D = 200 - 239 E = 240 - 279 F = 280 -

**6. grein**
Fyrir keppni í einstaklingssundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti. Fyrir keppni í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta sæti. Allir þátttakendur skulu fá viðurkenningarskjöl og skal mótshaldari standa straum af kostnaði vegna verðlauna.

**7. grein**
Stig skulu veitt fyrir hvert sæti í einstaklingssundi sem hér segir: 9, 7, 6, 5, 4, 3, 2, 1 en helmingi fleiri stig fyrir boðsund. Stigahæsta félagið skal hljóta farandbikar. Til að eignast bikarinn skal vinna hann þrjú ár í röð eða fimm sinnum alls. Ef félögin eru jöfn að stigum skulu boðsundin ráða röð þeirra.

**8. grein**
Tæknifund eða -fundi skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts.

September 2022

## *d) Opna Íslandsmeistaramótið í Sundknattleik*

**1. grein**
Mótið heitir Opna Íslandsmeistaramótið í sundknattleik.

**2. grein**
Mótið er haldið ár hvert, á tímabilinu mars til maí.

**3. grein**
Mótið er haldið samkvæmt alþjóðareglum WORLD AQUATICS.

**4. grein**
Keppt er í fjögurra liða riðlum þar sem öll liðin keppa innbyrðis og tvö komast áfram upp í útsláttarkeppni. Séu liðin færri en sjö þ.e. ekki næst í tvo eða fleiri riðla skal stjórn SSÍ ákveða nánari útfærslu keppninnar og tilkynna með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

**5. grein**
Verðlaun eru veitt fyrir efstu þrjú sætin í liðakeppninni. Það lið sem sigrar hlýtur titilinn Íslandsmeistari í sundknattleik. Einungis lið sem keppa undir merkjum félags á Íslandi getur orðið Íslandsmeistari.

**6. grein**
Tæknifundur er haldinn samkvæmt nánari auglýsingu í upphafi móts.

**7. grein**
Með ágreiningsmál sem upp koma skal farið að lögum og almennum ákvæðum SSÍ.

Júní 2021

## *e) Opna Íslandsmótið í Víðavatnssundi*

1. **grein**
   Mótið heitir Opna Íslandsmótið í víðavatnssundi.

2. **grein**
   Mótið er haldið ár hvert.

3. **grein**
   Mótið er haldið samkvæmt alþjóðareglum WORLD AQUATICS eftir því sem við verður komið. Stjórn SSÍ setur sérstakar reglur um framkvæmd mótsins.

4. **grein**
   Verðlaun eru veitt fyrir efstu þrjú sætin í hverjum flokki.

5. **grein**
   Heimilt er að keppa í garpaflokkum á mótinu.

6. **grein**
   Með ágreiningsmál sem upp koma skal farið að lögum og almennum ákvæðum SSÍ.

Júní 2021

# XI. KAFLI - Reglugerðir um Aldursflokkamót

## *a) Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ) í sundi*

**1.grein**
Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ)– AMÍ er haldið árlega síðari hluta júnímánaðar.

**2. grein**
Mótið er haldið í 25 metra laug með að lágmarki 5 brautum. Mótinu er skipt í fimm hluta. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni meðal sambandsaðila SSÍ. Leitast skal við að halda mótið utan höfuðborgarsvæðins og skal skipting milli landshluta vera með eftirfarandi hætti:

- Svæði 1: austur og norður (höfuðborgarsvæðið ef ekkert annað lið sækir um)
- Svæði 2: vestur og suður (höfuðborgarsvæðið ef ekkert annað lið sækir um)

Til nánari útskýringar: Ef mótið er haldið á svæði 1 á fyrsta ári skal það haldið á svæði 2 árið eftir og svo koll af kolli. Sæki ekkert félag á viðkomandi svæði sem á réttinn það árið, er heimilt að halda mótið á höfuðborgarsvæðinu eða úthluta því til félaga frá öðrum landshlutum sæki þau um að halda mótið.

**3. grein**
Lágmörk á Íslandsmeistaramót aldursflokka eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágmörk eru gefin út árlega fyrir hvern árgang, 11-15 ára. Stjórn SSÍ hefur tillögur þjálfaranefndar SSÍ og yfirmanns landsliðsmála til hliðsjónar við ákvörðun sína um lágmörk.
Lágmörk skulu gefin út í eftirfarandi greinum:
Flokkur 1: 100m skriðsund og 100m fjórsund (11 ára og yngri)
Flokkur 2: 200m skriðsund og 100m fjórsund (12 – 13 ára)
Flokkur 3: 200m skriðsund og 200m fjórsund (14 – 15 ára)
Keppendur í öllum aldursflokkum öðlast keppnisrétt á mótinu með því að ná a.m.k. öðru af útgefnum lágmörkum í sínum aldursflokki og þurfa, að lágmarki, að keppa í einni grein sem þeir ná lágmarki í. Þeir mega keppa í allt að fimm einstaklingsgreinum auk boðsunda, að því tilskyldu að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.
Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ en fjóra geta sótt um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega keppa í allt að þremur 50-200 metra einstaklingsgreinum, að uppfylltu því skilyrði að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.
Umsóknir um ofangreindar undanþágur þurfa að berast skrifstofu SSÍ a.m.k. 15 dögum áður en mót hefst.

**4. grein**
AMÍ er aldursflokkaskipt meistaramót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita.

| Karlaflokkar: | Kvennaflokkar: |
|---|---|
| 1. 11 ára og yngri<br>2. 12 – 13 ára<br>3. 14 – 15 ára | 1. 11 ára og yngri<br>2. 12 – 13 ára<br>3. 14 – 15 ára |

**5. grein**
Mótið er stigakeppni félaga. Tveir hröðustu einstaklingar hvers félags í hverri grein og aldursflokki geta tekið stig fyrir félagið. Stig eru gefin miðað við sætaröð keppenda. Í boðsundum er keppt í aldursflokkum og stig gefin miðað við sætaröð boðsundssveita í lok greinar.
Hverju félagi er heimilt að senda tvær sveitir til keppni í hverri boðsundsgrein í aldursflokki, en einungis önnur (hraðari) sveitin getur tekið stig fyrir félagið.

8 hröðustu einstaklingarnir í hverri grein og aldursflokki eða 8 hröðustu boðsundssveitirnar í hverjum aldursflokki fái stig. Stig fyrir boðsund er tvöföld miðað við einstaklingsgreinar.
Stigin eru reiknuð á eftirfarandi hátt:

1. sæti 10 stig (boðsund 20 stig)
2. sæti 8 stig (boðsund 16 stig)
3. sæti 6 stig (boðsund 12 stig)
4. sæti 5 stig (boðsund 10 stig)
5. sæti 4 stig (boðsund 8 stig)
6. sæti 3 stig (boðsund 6 stig)
7. sæti 2 stig (boðsund 4 stig)
8. sæti 1 stig (boðsund 2 stig)

Verði félög jöfn að stigum í heildarstigakeppni félaga skulu stig–fyrir boðsund ráða sæti félagana. Verði félög þá ennþá jöfn að stigum skal hlutkesti ráða röð félaga.

**6. grein**
Á AMÍ eru veitt verðlaun fyrir fyrsta til sjötta sæti í einstaklingskeppni miðað við aldursflokka sem taldir eru upp í fjórðu grein, en sá sem á besta tímann í greininni miðað við aldursflokk hlýtur sæmdartitilinn Íslandsmeistari aldursflokks í þeirri grein. Í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í aldursflokkum.
Aldursflokkaverðlaun einstaklinga eru veitt þeim keppendum sem ná bestum samanlögðum árangri samkvæmt stigatöflu WORLD AQUATICS eftirfarandi:
**Flokkur 1:** Engin stigaverðlaun, allir keppendur fá sérstaka viðkenningu fyrir þátttöku á AMÍ
**Flokkur 2:** 200m skriðsund, 100m fjórsund ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan (12 ára & 13 ára)
**Flokkur 3:** 200m skriðsund, 200m fjórsund ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan (14 ára & 15 ára)

**7.grein**
SSÍ ákveður greinaröðun og tilkynnir a.m.k. einum mánuði áður en mót hefst.
Miða skal við að eftirfarandi greinar séu í boði fyrir meðfylgjandi aldursflokka. Sundfólk syndir eingöngu í sínum aldursflokki í einstaklingsgreinum:
**Flokkur 1: (11 ára og yngri)**

> 50 metra flugsund, 50 metra baksund, 100 metra baksund, 50 metra bringusund, 100 metra bringusund,
> 50 metra skriðsund, 100 metra skriðsund og 100 metra fjórsund
> Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x50 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

**Flokkur 2: (12-13 ára)**

> 100 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra skriðsund, 100 metra fjórsund og 200 metra fjórsund.
> Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

**Flokkur 3: (14-15 ára)**

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund,
200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra skriðsund, 800 metra skriðsund,
200 metra fjórsund og 400 metra fjórsund

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

**8.grein**

Síðasta grein mótsins er 10x50 metra skemmtiboðsund, sem ekki telur til stiga í stigakeppni félaga. Félögum er heimilt að sameinast um sveitir.

Apríl 2025

# XII. KAFLI – Reglugerðir um Bikarkeppni

## *a) Bikarkeppni SSÍ í sundi*

**1. grein**
Bikarkeppni SSÍ 1. og 2. deild skal haldin ár hvert og fer hún fram í 25 m eða 50m laug.

**2. grein**
Liðum í keppninni er skipað í deildir með eftirfarandi hætti: Í 1. deild keppa 6 stigahæstu kvennalið og 6 stigahæstu karlalið frá bikarkeppni fyrra árs. Fjöldi liða í 2. deild ræðst af þátttöku. Stjórn SSÍ getur boðið b-liðum félaga til þátttöku í keppni í 2. deild þannig að keppni í deildinni sé fullskipuð. B-lið geta ekki unnið sig upp um deild.

**3. grein**
Lið tilkynna þátttöku í Bikarkeppni SSÍ með minnst 15 daga fyrirvara. Tilkynningin er bindandi. Sé b-liðum boðin þátttaka er það gert með minnst 10 daga fyrirvara. Með þátttökutilkynningu skal fylgja keppendalisti. Á listann eru skráðir keppendur félags, þar með taldir varamenn. Félögum er heimilt að gera breytingar á keppendalista um leið og skráningum í greinar er skilað. Skráningum í greinar skal skila tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts og skal starfsfólk eða formaður SSÍ gæta þeirra, en óheimilt er að birta þær öðrum fyrr en við upphaf hverrar greinar en þá verða þær birtar á upplýsingaskjá. Þó fá yfirdómari og þulur hvers mótshluta lista yfir keppendur mótshlutans og keppnisgreinar þeirra í hendur fyrir upphaf mótshlutans. Þeir skulu fara með listann sem trúnaðarmál.

**4. grein**
Hvert lið má senda tvo keppendur í hverja grein og eina boðsundssveit í hvert boðsund. Hver keppandi má synda í mest þremur greinum auk boðsunda. Keppendur skulu vera 11 ára eða eldri á árinu. Keppt skal sérstaklega í kvenna- og karlaflokkum.

**5. grein**
Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og röð greina og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

**6. grein**
Í 1.og 2. deild er keppt í eftirfarandi greinum karla og kvenna:
Skriðsund 100, 200, 400,
800 (eingöngu í kvennaflokki)
og 1500 m( eingöngu í karlaflokki)
Bringusund 100 og 200 m
Flugsund 100 og 200 m
Baksund 100 og 200 m
Fjórsund 200 og 400 m
Boðsund 4x100 m fjórsund
4x100 m skriðsund

**7. grein**
Stig verða veitt samkvæmt gildandi stigatöflu WORLD AQUATICS. Stigahæsta kvennalið og stigahæsta karlalið í 1. deild hljóta sæmdarheitið BIKARMEISTARI ÍSLANDS Í SUNDI í kvenna- og karlaflokkum og gripi þá sem keppt er um. Einnig skal verðlauna það lið sem hreppir 2. sætið í 1. deild. Á sama hátt skal verðlauna tvö efstu liðin í 2. deild. Veita skal viðurkenningu til stigahæsta kvennaliðs og stigahæsta karlaliðs keppninnar í hverri deild. Ef lið eru jöfn að stigum skulu úrslit úr boðsundum ráða sætaröðun þeirra. Ef lið eru enn jöfn skal hlutkesti ráða röð liða.

**8. grein**
Geri sundmaður/sundmenn ógilt fer fram aukariðill í viðkomandi grein fimm mínútum eftir að boðsundi þess mótshluta lýkur og keppir þá varamaður/varamenn í stað þess sundmanns/sundmanna sem ógilt gera. Aukasund skal synda samkvæmt þessu ákvæði þótt fram hafi komið kæra sem véfengir ógildingarúrskurð. Niðurstaða mótsstjórnar/úrskurðaraðila skal liggja fyrir við mótslok í öllum tilfellum og liggja til grundvallar staðfestum úrslitum mótsins.

**9. grein**
Tæknifundi skal halda í samræmi við gildandi reglur.

Júní 2021

# XII. KAFLI – Aðrar reglugerðir SSÍ

## *a) Reglugerð um víðavatnssund.*

**1. grein**

SSÍ, setur reglur um víðavatnssund á Íslandi, viðurkennir einstök víðavatnssund, heldur utan um árangur og gefur út viðurkenningar til einstaklinga að sundi loknu. Komi upp meiningarmunur sker SSÍ úr og hefur reglur WORLD AQUATICS til hliðsjónar eftir því sem við á.

**2. grein**

Víðavatnssund telst sund sem fer fram í ám, vötnum, sjó eða vatnsrásum. Undanskilið er 10 km sund, en það er skilgreint sem Maraþon sund og um það gildir sérstök reglugerð.

**3. grein**

Þessar reglur gilda um öll sund á Íslandi sem geta talist víðavatnssund eftir fyrirframtilkynntri sundleið og fara fram eftir 1. janúar 2010. Slík sund sem framkvæmd hafa verið fyrir 1. janúar 2010 geta fengið viðurkenningu að því tilskyldu að vitni hafi verið að þeim og tilkynning um sundið sé sent á SSÍ.

**4. grein**

Til að sund sé viðurkennt af SSÍ ber sundmanni að tilkynna það fyrirfram til SSÍ á sérstöku formi sem er aðgengilegt á heimasíðu SSÍ. Í tilkynningu um fyrirhugað sund skal eftirfarandi koma fram:

a) Hvaða sundmann um ræðir
b) Að sundmaður sé orðinn fullra 18 ára þegar sund fer fram. Sundmaður sem orðinn er fullra 16 ára getur fengið heimild til að synda að því tilskyldu að forráðamenn viðkomandi undirriti tilkynninguna ásamt sundmanni.
c) Yfirlýsing sundmanns og eftir atvikum forráðamanns um að hann undirgangist reglur SSÍ um víðavatnssund þmt skuldbindingu um að taka ekki óþarfa áhættu í sundinu
d) Hvaða sundleið um ræðir – upphafspunkt og endastað
e) Hvenær sundið á að fara fram. Taka skal fram ef verið er að reyna við ákveðna leið á afmörkuðu tímabili.
f) Hver/hverjir munu fylgja sundmanni í sundinu og hvernig verður þeirri fylgd háttað
g) Hvort fylgdarmenn hafi kynnt sér reglur SSÍ um víðavatnssund og hafi undirgengist námskeið í skyndihjálp, fræðslu um ofkólnun og námskeið á vegum viðurkenndra aðila um fylgd í víðavatnssundi.
h) Að sundmaður beri ábyrgð á sundinu sjálfur en hann viðurkenni að eftirlitsmaður (björgunarsveitarmaður) hafi fullt vald til að grípa inn í og stöðva sund, ef ástæða er til, ma vegna örþreytu sundmanns, veðuraðstæðna, aðstæðna í sjó eða annars sem skiptir máli og varðar líf og öryggi sundmanns.
i) Hvort yfirvöldum hafi verið tilkynnt um sundið og leyfi fengið eftir atvikum (með yfirvöldum er átt við lögreglu, hafnarverði eða aðra þá sem einhverja ábyrgð kunna að bera á því svæði sem sundið fer fram á).
j) Að tilskilið gjald til SSÍ hafi verið greitt.

**5. grein**

Til að fá viðurkenningu að sundi loknu undirritar sundmaður yfirlýsingu um lok sunds ásamt fylgdarmanni sínum og einum votti og sendir til SSÍ.

Á viðurkenningarskjali skal tilgreina sundleið, tíma sundsins og útbúnað sundmanns. Ef sundmaður hefur synt án smurningar og eingöngu í leyfilegum sundfatnaði úr óhitaeinangrandi efnum skal geta þess á viðurkenningarskjali, enda kemur slíkt fram á yfirlýsingu viðkomandi. SSÍ varðveitir skrá yfir þá sem hljóta viðurkenningar.

Stjórn SSÍ er heimilt að veita sérstakar viðurkenningar vegna;

a) Sérstakra afreka.
b) Drangeyjarsunds.
c) Hraðamet kvenna eða karla á ákveðinni sundleið.
d) Elsti einstaklingur kvenna og karla á ákveðinni sundleið.

enda komi ábendingar þar um til SSÍ.

**6. grein**

SSÍ gefur út amk einu sinni á ári lista yfir þær sundleiðir sem það viðurkennir. Þær eru nú:

a) **Akranessund**, frá Selsvör við Ánanaust og að Teigavör eða Langasandi á Akranesi og öfugt.
b) **Bessastaðasund**, frá Skildingarnesi og að Eyri við Álftanes og öfugt.
c) **Drangeyjarsund**, um tvær sundleiðir er að ræða. Sú fyrri er úr Drangeyjarfjöru og að landi við Reykjadisk og öfugt. Þessi leið er u.þ.b. 6,5 km löng. Sú síðari er úr Uppgönguvíkinni og að landi við Reykjadisk og öfugt, leið sem er u.þ.b. 7,3 km að lengd.

d) **Engeyjarsund**, úr Engey og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurhöfn og öfugt.
e) **Hríseyjarsund**, tvær sundleiðir. Annars vegar úr Hrísey að Dalvík og öfugt og hinsvegar úr Hrísey og að Árskógssandi og öfugt.
f) **Hvalfjarðarsund**, frá Leyni rétt ofan við álverið og að Hvalfjarðareyri og öfugt.
g) **Kjalarnessund**, frá Kjalarnesi og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurhöfn og öfugt.
h) **Helgusund**, frá Geirshólma og að fjöru við Bláskeggsá.
i) **Reykjavíkur – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólsvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt.
j) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurhöfn og öfugt. Heimilt er að breyta leið ef aðstæður í Reykjavíkurhöfn eru á þann veg að heilsa sundfólks gæti verið í hættu.
k) **Reykjavíkur – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólsvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt.
l) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurhöfn og öfugt.
m) **Vestmannaeyjarsund**, frá Vestmannaeyjum og að Landeyjum.
n) **Þingvallarsund,** frá Mjóanesoddi og að Riðvíkur og Markatanga.

Fleiri sundleiðir koma til greina. Sundmaður sem óskar að synda sundleið sem er ekki á listanum og vill fá viðurkenningu SSÍ, sendir inn lýsingu á sundleið ásamt hefðbundinni skráningu. Sundleiðin fer þá á lista SSÍ um leið og stjórn SSÍ hefur staðfest hana. Um Drangeyjarsund gildir einnig reglugerð ÍSÍ um það sund. Um Íslandsmót í víðavatnssundi gildir sérstök reglugerð.

**7. grein**

Sundmaður verður að vera á þurru land áður en hann byrjar sund sitt. Sundið hefst um leið og sundmaður snertir vatnið hvort sem hann stingur sér eða fer með fætur á undan. Þá skal eftirlitsmaður hefja tímatöku. Sundi er lokið þegar sundmaður er kominn allur upp úr vatni og á þurrt land. Þá skal tímatöku ljúka.
Leyfilegt er að afhenda sundmanni mat og drykk í einstaklingssundi en hann má ekki snerta fylgdarbát meðan á sundi stendur.
Undir engum kringumstæðum skulu vera fleiri en einn sundmaður á hvern bát nema um boðsund sé að ræða. Verði misbrestur á þessu er stjórn SSÍ óheimilt að viðurkenna sund þeirra sundmanna sem um ræðir.

**8. grein**

Sundmanni er heimilt að nota eitt lag af öllum óhitaeinangrandi sundfatnað í víðavatnssundi samkvæmt reglum WORLD AQUATICS eina sundhettu úr óhitaeinangrandi efni og ein sundgleraugu. Heimilt er að skipta um sundgleraugu meðan á sundi stendur. Allar gerðir smurninga eru leyfilegar að 0,5 kg. Fylgdarmaður metur smurningu og vottar hana.
Allur aukabúnaður sem getur aukið hraða, kuldaþol og flot, s.s. blautbúningur, froskalappir, spaðar, korkur, binda saman fingur o. fl. er bannaður.

**9. grein**

Heimilt er að synda boðsund á viðurkenndum sundleiðum í víðavatnssundi. Sömu reglur gilda um einstaklinga í boðsundi eftir því sem við á. Boðsund telst vera þegar a.m.k. tveir eða fleiri sundmenn synda boðsund þar sem hver sundmaður syndir í einu í 20 mínútna hólfum.
Skipting skal fara þannig fram að sundmaður sem tekur við skal fara ofan í fyrir aftan syndandi sundmann og skipting telst vera þegar hann er kominn samhliða honum. Sundmenn mega ekki snertast. Meðlimir boðsundssveitar verða halda sömu röð út sundið.

**10. grein**

Reglur SSÍ, ÍSÍ og WADA um lyfjanotkun eiga við í Víðvatnssundi.

**11. grein**

Stjórn SSÍ gefur út upplýsingabækling um víðavatnssund, þar sem helstu sundleiðir, reglur og öryggisatriði eru tilgreind. Heimilt er að tengja þá útgáfu upplýsingum um aðrar sundíþróttir.

Júní 2021

# XIII. KAFLI – Reglugerðir um Bikara og sérstaka sjóði

## *a) Reglugerð fyrir SIGURÐARBIKARINN*

**1.grein**
Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu Sigurðar Jónssonar Þingeyings. Gefandi gripsins er fjölskylda Sigurðar.

**2. grein**
SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

**3.grein**
Sigurðarbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega fyrir besta afrek í bringusundi, unnið á Íslandsmeistaramóti í 50 metra laug sem haldið er á vegum SSÍ.

**4. grein**
Sigurðarbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar sem eru þátttakendur á Íslandsmeistaramóti í sundi í 50 metra laug geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

**5. grein**
Sigurðarbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Sigurðar samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2005.

**6. grein**
Fjölskyldu Sigurðar er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

**7. grein**
Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Sigurðar.

Júní 2021

## *b) Reglugerð fyrir PÉTURSBIKARINN*

**1.grein**
Pétursbikarinn er gefinn í minningu Péturs Kristjánssonar sundkappa úr Sunddeild Ármanns. Gefandi gripsins er fjölskylda Péturs.

**2. grein**
SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

**3.grein**
Pétursbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega í karlaflokki fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu WORLD AQUATICS, unnið frá lokum Íslandsmeistaramóts í 50 metra laug, sem haldið er á vegum SSÍ, til loka næsta Íslandsmeistarmóts í 50 metra laug.

**4. grein**
Pétursbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

**5. grein**
Pétursbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Péturs samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2010.

**6. grein**
Fjölskyldu Péturs er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

**7. grein**
Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Péturs.

Júní 2021

## *c) Reglugerð fyrir KOLBRÚNARBIKARINN*

**1.grein**
Kolbrúnarbikarinn er gefinn í minningu Kolbrúnar Ólafsdóttur sundkonu úr Sunddeild Ármanns. Gefandi gripsins er fjölskylda og vinir Kolbrúnar.

**2. grein**
SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

**3.grein**
Kolbrúnarbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega í kvennaflokki fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu WORLD AQUATICS, unnið frá lokum Íslandsmeistaramóts í 50 metra laug, sem haldið er á vegum SSÍ, til loka næsta Íslandsmeistarmóts í 50 metra laug.

**4. grein**
Kolbrúnarbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

**5. grein**
Kolbrúnarbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Kolbrúnar samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2010.

**6. grein**
Fjölskyldu Kolbrúnar er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

**7. grein**
Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Kolbrúnar Ólafsdóttur.

Júní 2021

## *d) Reglugerð fyrir ÁSGEIRSBIKARINN*

**1.grein**
Ásgeirsbikarinn er gefinn í minningu Ásgeirs Ásgeirssonar fyrrverandi forseta Íslands. Gefandi gripsins er fyrrverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

**2. grein**
SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt. SSÍ heldur skrá yfir þá sem vinna Ásgeirsbikarinn.

**3.grein**
Ásgeirsbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu WORLD AQUATICS, unnið á Íslandsmeistaramóti í 50 metra laug sem haldið er á vegum SSÍ.

**4. grein**
Ásgeirsbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar sem eru þátttakendur á Íslandsmeistaramóti í sundi í 50 metra laug geta keppt um gripinn. Ekki má undir neinum kringumstæðum fara með Ásgeirsbikarinn úr landi. Ef handhafi bikarsins er búsettur erlendis skal SSÍ varðveita bikarinn fyrir hönd handhafans milli móta.

**5. grein**
Ásgeirsbikarinn skal veittur í 50 ár, í fyrsta skipti árið 2008 og í síðasta skipti árið 2057. Eftir það skal hann varðveittur á Þjóðminjasafni Íslands þar sem nöfn þeirra sem veittu honum viðtöku skulu sett á stéttina.

**6. grein**
SSÍ skal veita þeim sem hljóta Ásgeirsbikarinn til varðveislu, grip til eignar. Á þeim grip skal koma fram við hvaða tilefni hann er afhentur.

**7. grein**
Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við forseta Íslands.

Júní 2021

# XIV. KAFLI – Erindisbréf nefnda

## *a) Aga- og siðanefnd*

### Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþrótta meðal almennings.
Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

### Um nefndina og verkefni – Hlutverk Aga- og siðanefndar

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitaefni sem til hennar er vísað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.
Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.
Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.
Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skylt að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar.
Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar
- Hverjir eru málavextir
- Hvernig vann Aga- og siðarnefnd með málið
- Hver er niðurstaða Aga- og siðarnefndar
    - Nefndin rökstyður niðurstöðu sína

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.
Aga- og siðanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, lögreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.
Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

### Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla.**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sátta þar sem það á við.**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörun.**
    - Ef viðvörun er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara.
- **Veita skriflega áminningu, með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt.**
    - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni.
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni.**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni.**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda.**

## Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hverrar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

### *b) Dómaranefnd*

## Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþrótta meðal almennings.
Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

## Um nefndina og verkefni

Hlutverk og ábyrgð dómaranefndar er að skipuleggja dómgæslu á mótum SSÍ og ber henni að tilnefna yfirdómara á þau mót. Nefndin skal skipuleggja og halda námskeið fyrir dómara með reglubundnu millibili. Nefndin sendir stjórn SSÍ áætlun fyrir næsta sundtímabil um dómaranámskeið og endurmenntunarnámskeið. Nefndin heldur skrá yfir þá sem hafa virka reynslu sem ræsar og fullgild réttindi sem dómarar og yfirdómarar og nefndin staðfestir ný áunnin réttindi í umboði stjórnar SSÍ.
Verkefni nefndarinnar í hnotskurn eru:

- að tilnefna yfirdómara og dómara á mót SSÍ.
- að skipuleggja þjálfunarverkefni fyrir dómara og stuðla að nægilegri þátttöku í þeim.
- að hafa umsjón með því að þýðingum á alþjóðlegum reglum verði viðhaldið og kynna breytingar á gildandi sundreglum eða sérstökum ákvæðum sem sett eru.
- að halda skrá yfir starfandi yfirdómara, dómara, ræsa og dómaranema.
- að fá staðfestingu stjórnar SSÍ á skrá yfir starfandi dómgæslufólk í sundi.
- að stuðla að þátttöku dómara á mótum erlendis.
- að vinna að því að viðurkenndir dómarar séu til staðar í öllum sundíþróttagreinum sem falla undir SSÍ.

## Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hverrar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað.
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið.
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni.
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

### c) *Kjörnefnd*

## Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþrótta meðal almennings.
Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

## Um nefndina og verkefni

Hlutverk kjörnefndar er að gæta þess að nægilega margir gefi kost á sér til starfa í stjórn SSÍ. A.m.k. sex vikum fyrir sundþing kallar nefndin eftir framboðum í stjórn SSÍ, en framboðsfresti lýkur fjórum vikum fyrir þing. Nefndin hefur heimild til að framlengja framboðsfrestinn um tvær vikur hafi nægilega mörg framboð ekki borist. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru. Þann tíma notar nefndin einnig til að leita til einstaklinga og óska eftir framboðum frá þeim.
Kjörnefnd kynnir á sundþingi þau framboð sem borist hafa.
Kjörnefnd aðstoðar við kjör Íþróttamannanefndar SSÍ að loknu sundþingi.
Í lögum SSÍ segir: „Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ.“ Stjórn getur kallað kjörnefnd til ráðuneytis ef slík staða kemur upp.

## Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hverrar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað.
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið.
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarfólk fær sérstök verkefni.
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

*Júní 2021*

# XV. KAFLI – Verðskrá SSÍ

## a) Um verðskrá SSÍ

**1. grein**
Stjórn SSÍ ákveður og samþykkir verðskrá SSÍ hverju sinni.
**2. grein**
Verðskráin skal innihalda lista yfir öll þau gjöld sem SSÍ hefur heimild til að innheimta skv. lögum og reglugerðum sambandsins.
**3. grein**
Skrifstofa SSÍ sér um að viðhalda skránni og tryggir að hún sé uppfærð og rétt. Verðskráin skal ávallt vera aðgengileg á heimasíðu SSÍ.

## b) Verðskrá SSÍ (sundþing 2025)

| ***<u>Gjaldliður</u>*** | ***<u>Upphæð</u>*** |
|---|---|
| Félag hættir við framkvæmd SSÍ móts innan 3 mánaða frá móti (Gr. 4.1.1) | 150.000 ISK |
| Félag hættir við framkvæmd AMÍ innan 3 mánaða frá móti (Gr. 4.1.1) | 350.000 ISK |
| Félag hættir við sundmót á atburðadagatali (Gr. 4.2.6) | 100.000 ISK |
| Keppandi rangt skráður (Gr. 6.1.5 og 6.2.3) | 3.000 ISK |
| Félagaskipti | 5.000 ISK |
| Keppandi mætir ekki á ráspall (Gr. 7.4.2) | 5.000 ISK |
| Boðsundssveit mætir ekki á ráspall (Gr. 7.4.2) | 10.000 ISK |
| Kærufé (Gr. 8.2) | 5.000 ISK |
| Seinskráningagjald per sundgrein (Gr. 3.7) | 1.000 ISK |
| Stungugjald erlendra keppenda á meistaramótum SSÍ | 1.500 ISK |
| Stungugjöld ÍM50, ÍM25, Bikar, AMÍ, SMÍ, RIG og IMOC | 1.500 ISK |
| Stungugjöld ÍM50, ÍM25, Bikar, AMÍ, SMÍ, RIG og IMOC boðsund | 2.500 ISK |
| Meðlimagjöld per iðkandi 0-9 ár * | 1.000 ISK |
| Meðlimagjald 10 ára og eldri** | 5.000 ISK |
| Meðlimagjald aðrir (námskeið, sjór, æfingar)*** | 1.000 ISK |
| Keppnispassi (öll skráð mót á Swimify eða Splash) **** | 6.000 ISK |
| Keppnispassi erlendir keppendur á meistaramótum SSÍ | 6.000 ISK |

*SSÍ mun taka út úr Abler alla iðkendur 9 ára og yngri og innheimta meðlimagjöld 1000 kr. Iðkendur 10 ára og eldri verða allir 5.000 kr. Nema félögin sendi SSÍ aðra skýringu.*

*Allir á aldreinum 0-9 ára sem æfa sund reglulega eða koma á einhverskonar námskeið eða kennslu á vegum félaga
**Allir 10 ára og eldri sem æfa sund reglulega a.m.k tvisvar í viku í meira en 6 vikur í senn og greiða æfingagjöld til félags
***Allir aðrir s.s skriðsundsnámskeið, styttri sundnámskeið, sjósund (sjór), sundhluti þríþrautar og teljast til almenningsíþrótta.
****Allir sem keppa á skráðum mótum sem fara í Splash eða Swimify og garpamótum

# AFREKSSTEFNA SSÍ

2025 - 2032

Samþykkt á sundþingi 29. mars 2025

Eyleifur Jóhannesson

# AFREKSSTEFNA SUNDSAMBANDS ÍSLANDS (SSÍ)

## Formáli

Að stunda keppnisund er agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

## Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er að tryggja möguleika afreksfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

## Landslið Íslands í sundi – uppbygging og áherslur

Til að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Jafnframt er mikilvægt að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

#### Landsliðshópar SSÍ

- **Framtíðarhópur**
- **Unglingalandslið**
- **Úrvalshópur**
- **Afrekslandslið**

SSÍ gefur út markmið og viðmið fyrir hvern hóp fyrir sig sem eru gagnsæ og skýr.

### Markmið og viðmið

- **Markmiðsetning:** Sundfólk þarf að setja sér skýr markmið og áætlanir til að ná þeim.
- **Stuðningur:** SSÍ og landsliðsþjálfari aðstoða sundfólkið og félagsþjálfara í ferlinu.
- **Kynning á áætlunum:** Góð kynning á verkefnaáætlunum SSÍ til að allir undirbúi sig betur.

## Markmið Landsliða Íslands í sundi

- **Komast í úrslit:** Ná í úrslit á alþjóðlegum mótum með það fyrir augum að vinna verðlaun.
- **Bættur árangur:** Vinna að bættum árangri hvers einstaklings á alþjóðlegum mótum.
- **Innbyrðis stuðningur:** Jákvætt umhverfi, stuðningur og samheldni fyrir landslið SSÍ.
- **Samræmi í áherslum:** Reglubundin endurskoðun á áherslum fyrir þjálfara og sundfólk.

- **Líkamleg uppbygging:** Auka aðstoð frá fagfólki, svo sem sjúkraþjálfurum, til að tryggja heilsu og velferð.
- **Æfingabúðir:** Halda æfingabúðir/daga í aðdraganda keppnisverkefna erlendis.

### Undirbúningur fyrir verkefni

- **Skýr markmið:** Markmið verkefnisins skulu vera skýr og aðgengileg fyrir þátttakendur, svo allir hafi auðveldan aðgang að þeim.
- **Fókus á markmið:** Halda fókus á markmiðunum til að tryggja einbeitingu sundfólks.
- **Auka metnað:** Tækifæri til að kynnast liðsfélögum betur eykur metnað og samheldni.
- **Góður undirbúningur:** Nauðsynlegur til að sundfólk sé vel undirbúið til að synda hratt og vinna saman sem hópur á vegum SSÍ.

## Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Eins og í landsliðinu, verður lögð áhersla á að unglingar fái skýra kynningu á þátttöku í verkefnum. Markmið unglingalandsliðs er að stuðla að markvissri uppbyggingu fyrir verkefnin í framtíðinni.

### Kynning á verkefnum

- **Skilmerkileg Kynning:** Sundfólk í unglingalandsliði fær skýra kynningu á þátttöku.
- **Tröppugangur verkefna:** Kynning miðað við aldur, þannig að allir séu á sama stað.
- **Árangursmarkmið:** Kynning á árangursmarkmiðum sem stuðla að jákvæðum metnaði.

### Markmið Unglingalandsliðs

- **Markviss uppbygging:** Vegvísir fyrir sundfólk frá Framtíðarhóp til Landsliðs með skýrum leiðum.
- **Reglulegir viðburðir:** Sundfólk hittist reglulega yfir sundárið til að styrkja samheldni.

### Undirbúningur fyrir verkefni

- **Skýr kynning:** Kynna þátttöku í unglingalandsliðum skýrt og á auðveldan hátt.
- **Auka metnað:** Fjölbreytt verkefni og áskoranir til að auka metnað og áhuga.
- **Sérhæfðar æfingar:** Taka sundæfingar með áherslu á að bæta frammistöðu og tækni.

## Mælanleg markmið til 2032

Skilgreina mælanleg markmið, svo sem fjölda íslenskra sundmanna í fremstu röð á alþjóðlegum listum. SSÍ mun viðhalda afrekaskrá og veita aðgang að upplýsingum um staðsetningu á alþjóðlegum listum.

### Skilgreining Afreka í Sundi

- **Afreksfólk:** Einstaklingar sem uppfylla ákveðin viðmið skráð í heimsafrekaskrá.
- **Afreksefni:** Sundfólk sem hefur ekki enn náð þessum árangri, en hefur möguleika á því með markvissri þjálfun, miðað við aldur.

- **Að meta árangur:**
    - Hversu margir ná að komast í hóp 100, 50, 32 og 16 bestu í heiminum.
    - Úrslitum á alþjóðlegum meistaramótum (NM, EM, HM, ÓL).
- **Ólympíuleikar:**
    - Fjöldi sundmanna sem ná lágmörkum.
    - Fjöldi sem kemst í undanúrslit eða úrslit.
- **Skráður árangur:**
    - Metaskrár fyrir Aldursflokka, Unglinga og Íslandsmet.
    - Afrekaskrár fyrir hvert sundár og frá upphafi.

## Ástundun er forsenda afreka

Öll vinna að því að ná markmiðum skal vera innan siðferðisgilda íþrótta. Ástundun afrekssundfólks skal vera hluti af lífsmunstri, og skýr markmið eru forsenda þátttöku í landsliðsverkefnum.

- **Grunnforsenda:** Ástundun er nauðsynleg fyrir afrek í sundi og þátttöku í íþróttum.
- **Siðferðisgildi:** Allt starf að markmiðunum á að vera í samræmi við siðferðisgildi íþrótta.
- **Lífsstíll:** Ástundun afrekssundfólks ætti að vera hluti af lífsstíl þeirra, án þess að skaða persónulegan þroska.
- **Skýr markmið:** Nauðsynleg fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum.

### Markviss ástundun

Stöðugleiki í umhverfi sundfólksins og faglegur stuðningur eru lykillinn að góðum árangri.

## Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

SSÍ setur sér markmið að bæta aðstöðu og taka frumkvæði í uppbyggingu afreksstarfs í landinu.

- **Sundíþróttamiðstöð Íslands:** Skapa fastan samastað fyrir sund og afreksþjálfun.
- **Hlutverk Landsliðsþjálfara og nefndar:** Vel skilgreint hlutverk og verkefni.
- **Stoðþjónusta:** Regluleg fræðsla og fagteymi aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- **Æfingabúðir:** Landslið æfingabúða haldnar reglulega yfir sundárið.
- **Hvetjandi umhverfi:** Stuðlað að hvetjandi umhverfi fyrir afreksfólk.
- **Endurskoðun markmiða:** Reglulega kallað eftir áætlunum og markmiðum, endurskoðað að minnsta kosti einu sinni á ári.
- **Fræðsla fyrir þjálfara:** Skipuleggja fræðsludaga fyrir þjálfara og samráðsfundi.
- **Mælanleg markmið:** Skýr mælanleg markmið um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

## Lokaorð

Öll vinna að afreksstefnu SSÍ er sameiginleg ábyrgð, þar sem metnaður og áætlanir eru nauðsynlegar fyrir árangur. SSÍ mun tryggja að stefnan sé aðgengileg og að endurskoðun fari fram reglulega.

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

# STEFNA SSÍ

## 2025 - 2032

## HORFT TIL FRAMTÍÐAR

**MARKMIÐ OG LEIÐIR**

# INNGANGUR

SUNDÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS (SSÍ) er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum og iðkunar almennings.
Starfssemi SSÍ tekur til allra sundíþrótta þó keppnissund sé enn öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir, til keppni eða heilsubótar, geri það sér til heilbrigðis og ánægju.
Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþrótta- og sundþinga.

## Framtíðarsýn

SSÍ eflir áhuga á sundíþróttum, skapar starfsemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og fagmennsku. SSÍ kemur fram sem málsvari sundíþrótta og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.
SSÍ eflir sundíþróttaiðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings, hefur málefni almenningssunds á sinni könnu en eðli málsins samkvæmt skarast það starf við allt starf SSÍ.
Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomið að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

## Mannvirki og önnur aðstaða

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.
Undanfarin ár hefur verið ládeyða í uppbyggingu sundíþróttamannvirkja og sveitarfélög í landinu hafa ekki haft burði til að setja saman áætlun um slíka uppbyggingu. SSÍ hefur beytt sér fyrir því að upplýsa sveitarfélög í landinu um þær kröfur sem gerðar eru til sundmannvirkja þannig að hægt sé að kenna sund og nota þau til keppni. SSÍ gaf á árinu 2024 út metnaðarfulla mannvirkjaskýrslu sem send var á öll sveitarfélög, íþróttasambönd, íþróttahéruð og sunfélög landsins.
SSÍ vinnur áfram að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjóðarleikvangur í sundi, Sundíþróttamiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið.

## Jafnrétti og siðferði

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið í gildi um hríð auk almennra aga- og siðaviðmiða íþróttahreyfingarinnar.

## Forvarnir

Heilbrigður og ábyrgur lífsstíll er hluti af iðkun íþrótta. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og fleirum í því sambandi.

## Góður árangur

Sundíþróttin á Íslandi hefur notið góðs af árangri íslenskra sundmanna á stórmótum eins og HM, EM og Ólympíuleikunum. Þessi árangur hefur styrkt ímynd sundíþróttarinnar og aukið áhuga ungs fólks á íþróttinni. Þjálfarar og sjálfboðaliðar hafa einnig átt stóran þátt í að efla sundið sem íþrótt, skapa sterka menningu og stuðla að áframhaldandi árangri. Með áframhaldandi stuðningi og metnaðarfullu starfi getur íslenskt sund haldið áfram að vaxa og dafna á alþjóðavísu. Aukin umfjöllun hefur haft áhrif á framtíðarsundfólk og þetta ásamt öðru hefur skilað okkur fleiri iðkendum þó svo að það skiptingin milli landshluta megi veri jafnari. Á tímum tækninnar hefur miðlun á íþróttinni færst meira til sérsambandanna sjálfra. SSÍ hefur verið í fararbroddi hvað varðar tækninýjunar með beinu streymi frá mótum í mjög háum gæðum. SSÍ hefur einnig nýtt sér samfélagsmiðla þannig að eftir því er tekið. Þetta er gert með því markmiði að auka s áhuga á íþróttinni og auka sýnileika og ímynd. Grunngildi hreyfingarinna eiga alltaf við og hafa staðist tímans tönn frá árinu 2013 en þau eru:

- **Við sýnum hvort öðru virðingu**
- **Við höfum gaman af því sem við gerum**
- **Við sýnum hvort öðru trúnað og traust**
- **Við erum framsýn og lausnarmiðuð**

## Verkefni

SSÍ útfærir stefnu fyrir allar sundíþróttir, frá ungbarnasundi og sundkennslu að skólasundi og grunnþjálfun sundmanna, þjálfun aldursflokka, mótahaldi og skipulagi landsliða SSÍ. SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og sveitarfélög til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði. Um leið sækir SSÍ stuðning til almennings. Fólk á öllum aldri hefur ávinning af því að stunda sund til heilbrigðis og ánægju alla ævi og styður með því við uppbyggingu fyrir keppni.
SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþrótta innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.
Heimasíða sambandsins sundsamband.is, streymi frá mótum og samfélagsmiðlar eru tæki til að ná til almennings. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttafréttamanna jafnóðum og þær verða til. SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþrótta en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum WA (World Aquatics)

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.
Stjórn SSÍ kynnir reglur WA og breytingar á þeim.

## Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnum NSF, EA og WA. SSÍ hefur gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir EA og WA og er tilbúið að koma að málum.
SSÍ á fulltrúa í garpanefndum EA og WA.
SSÍ mun halda NM25 í desember 2025.

# UPPBYGGING SUNDÍÞRÓTTA Á ÍSLANDI

## Skólasund

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. Til stendur að taka aftur upp grunnskólamótið í sundi sem lagðist af á Covid tímum. SSÍ og ÍSÍ hafa í fjórgang staðið fyrir landsátakinu syndum í sundlaugum landsis sem hvetur almenning og þá sem iðka sund að setja sér markmið og synda meira. Þetta átak hefur tekist mjög vel og hvetur til frekari sundiðkunar.

## Garpasund

SSÍ stuðlar að því að garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almenningur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

## Sundknattleikur

Einstaka sundfélög hafa Sundknattleik innan sinna raða. Vegna manneklu hefur ekki tekist að byggja þessa íþrótt upp hér á landi en SSÍ er ávalt reiðubúið að aðstoða komi til þess að aðilar séu tilbúnir að keppa í sundknattleik hér á landi.

### Víðavatnssund

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun er að verða skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ. Félagar í Sjór telja yfir 700 manns og Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í sjó- og víðavatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víðavatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugsað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verða okkur skaðleg.

Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn.

Við sjáum fram á að íslenskt sundfólk geti á einfaldan hátt náð keppnisrétti í víðavatnssundi á vegum EA og WA. Það er því kominn tími til að við látum á það reyna hvort við getum gert okkur gildandi í þessari grein.

### Dýfingar og sundfimi

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Það hefur verið eitthvað um að Íslendingar búsettir erlendis hafa keppt eða starfað í kringum dýfingar og sundfimi og hefur SSÍ þá verið innan handar ef til okkar er leitað.

## SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF

### Sundkeppni

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi. SSÍ vinnur að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á innlendum og erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á sundfólki í uppbyggingarfasa og afrekssundfólki. Afreksstarfi er stjórnað af skrifstofu SSÍ og hér gefur að líta afreksstefnu SSÍ í heild sinni

# Formáli

Að stunda keppnisund er agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

# Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er að tryggja möguleika afreksfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

# Landslið Íslands í sundi – uppbygging og áherslur

Til að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Jafnframt er mikilvægt að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

**Landsliðshópar SSÍ**

- **Framtíðarhópur**
- **Unglingalandslið**
- **Úrvalshópur**
- **Afrekslandslið**

SSÍ gefur út markmið og viðmið fyrir hvern hóp fyrir sig sem eru gagnsæ og skýr.

### Markmið og viðmið

- **Markmiðsetning:** Sundfólk þarf að setja sér skýr markmið og áætlanir til að ná þeim.
- **Stuðningur:** SSÍ og landsliðsþjálfari aðstoða sundfólkið og félagsþjálfara í ferlinu.
- **Kynning á áætlunum:** Góð kynning á verkefnaáætlunum SSÍ til að allir undirbúi sig betur.

## Markmið Landsliða Íslands í sundi

- **Komast í úrslit:** Ná í úrslit á alþjóðlegum mótum með það fyrir augum að vinna verðlaun.
- **Bættur árangur:** Vinna að bættum árangri hvers einstaklings á alþjóðlegum mótum.
- **Innbyrðis stuðningur:** Jákvætt umhverfi, stuðningur og samheldni fyrir landslið SSÍ.
- **Samræmi í áherslum:** Reglubundin endurskoðun á áherslum fyrir þjálfara og sundfólk.
- **Líkamleg uppbygging:** Auka aðstoð frá fagfólki, svo sem sjúkraþjálfurum, til að tryggja heilsu og velferð.
- **Æfingabúðir:** Halda æfingabúðir/daga í aðdraganda keppnisverkefna erlendis.

### Undirbúningur fyrir verkefni

- **Skýr markmið:** Markmið verkefnisins skulu vera skýr og aðgengileg fyrir þátttakendur, svo allir hafi auðveldan aðgang að þeim.
- **Fókus á markmið:** Halda fókus á markmiðunum til að tryggja einbeitingu sundfólks.
- **Auka metnað:** Tækifæri til að kynnast liðsfélögum betur eykur metnað og samheldni.
- **Góður undirbúningur:** Nauðsynlegur til að sundfólk sé vel undirbúið til að synda hratt og vinna saman sem hópur á vegum SSÍ.

## Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Eins og í landsliðinu, verður lögð áhersla á að unglingar fái skýra kynningu á þátttöku í verkefnum.

Markmið unglingalandsliðs er að stuðla að markvissri uppbyggingu fyrir verkefnin í framtíðinni.

### Kynning á verkefnum

- **Skilmerkileg Kynning:** Sundfólk í unglingalandsliði fær skýra kynningu á þátttöku.
- **Tröppugangur verkefna:** Kynning miðað við aldur, þannig að allir séu á sama stað.
- **Árangursmarkmið:** Kynning á árangursmarkmiðum sem stuðla að jákvæðum metnaði.

### Markmið Unglingalandsliðs

- **Markviss uppbygging:** Vegvísir fyrir sundfólk frá Framtíðarhóp til Landsliðs með skýrum leiðum.
- **Reglulegir viðburðir:** Sundfólk hittist reglulega yfir sundárið til að styrkja samheldni.

### Undirbúningur fyrir verkefni

- **Skýr kynning:** Kynna þátttöku í unglingalandsliðum skýrt og á auðveldan hátt.
- **Auka metnað:** Fjölbreytt verkefni og áskoranir til að auka metnað og áhuga.
- **Sérhæfðar æfingar:** Taka sundæfingar með áherslu á að bæta frammistöðu og tækni.

## Mælanleg markmið til 2032

Skilgreina mælanleg markmið, svo sem fjölda íslenskra sundmanna í fremstu röð á alþjóðlegum listum. SSÍ mun viðhalda afrekaskrá og veita aðgang að upplýsingum um staðsetningu á alþjóðlegum listum.

### Skilgreining Afreka í Sundi

- **Afreksfólk:** Einstaklingar sem uppfylla ákveðin viðmið skráð í heimsafrekaskrá.
- **Afreksefni:** Sundfólk sem hefur ekki enn náð þessum árangri, en hefur möguleika á því með markvissri þjálfun, miðað við aldur.
- **Að meta árangur:**
  - Hversu margir ná að komast í hóp 100, 50, 32 og 16 bestu í heiminum.
  - Úrslitum á alþjóðlegum meistaramótum (NM, EM, HM, ÓL).
- **Ólympíuleikar:**
  - Fjöldi sundmanna sem ná lágmörkum.
  - Fjöldi sem kemst í undanúrslit eða úrslit.
- **Skráður árangur:**
  - Metaskrár fyrir Aldursflokka, Unglinga og Íslandsmet.
  - Afrekaskrár fyrir hvert sundár og frá upphafi.

## Ástundun er forsenda afreka

Öll vinna að því að ná markmiðum skal vera innan siðferðisgilda íþrótta. Ástundun afrekssundfólks

skal vera hluti af lífsmunstri, og skýr markmið eru forsenda þátttöku í landsliðsverkefnum.

- **Grunnforsenda:** Ástundun er nauðsynleg fyrir afrek í sundi og þátttöku í íþróttum.
- **Siðferðisgildi:** Allt starf að markmiðunum á að vera í samræmi við siðferðisgildi íþrótta.
- **Lífsstíll:** Ástundun afrekssundfólks ætti að vera hluti af lífsstíl þeirra, án þess að skaða persónulegan þroska.
- **Skýr markmið:** Nauðsynleg fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum.

### Markviss ástundun

Stöðugleiki í umhverfi sundfólksins og faglegur stuðningur eru lykillinn að góðum árangri.

## Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

SSÍ setur sér markmið að bæta aðstöðu og taka frumkvæði í uppbyggingu afreksstarfs í landinu.

- **Sundíþróttamiðstöð Íslands:** Skapa fastan samastað fyrir sund og afreksþjálfun.
- **Hlutverk Landsliðsþjálfara og nefndar:** Vel skilgreint hlutverk og verkefni.
- **Stoðþjónusta:** Regluleg fræðsla og fagteymi aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- **Æfingabúðir:** Landslið æfingabúða haldnar reglulega yfir sundárið.
- **Hvetjandi umhverfi:** Stuðlað að hvetjandi umhverfi fyrir afreksfólk.
- **Endurskoðun markmiða:** Reglulega kallað eftir áætlunum og markmiðum, endurskoðað að minnsta kosti einu sinni á ári.
- **Fræðsla fyrir þjálfara:** Skipuleggja fræðsludaga fyrir þjálfara og samráðsfundi.
- **Mælanleg markmið:** Skýr mælanleg markmið um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

+

# HANDBÓK SSÍ
## 2025 – 2027

Upplýsingar fyrir sundfólk í landsliðum SSÍ

Ferðareglur SSÍ og ÍSÍ
ásamt gátlistum

## Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþrótta. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi fyrir að takast á við lífið að íþróttaferli loknum.
Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.
Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

## Bætt aðstaða og skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi. Nánari útlistun á markmiðunum er að finna í almennri stefnu SSÍ.
Eftirfarandi reglur og viðmið hafa verið í gildi í mörg undanfarin ár og uppfærð reglulega og staðfest á Sundþingum. **Öllum sem taka einhvern þátt í landsliðsverkefnum SSÍ er skylt að fara að þessum reglum og aðlaga sig þeim.**

# TIL SIGURS MEÐ LANDSLIÐI ÍSLANDS Í SUNDI

Gagnkvæm virðing og tillitssemi, samkennd og samstarfsvilji skulu vera einkennismerki í undirbúnings- og keppnisverkefnum sem SSÍ ber ábyrgð á.
Landslið Íslands í sundíþróttum er byggt upp í kringum eftirfarandi fjórar meginstoðir:

- **Liðsandi** þar sem lagt er upp úr góðum liðsanda meðal sundfólks, þjálfara, fararstjóra og aðstoðarfólks sem leggja sameiginlega af mörkum.
- **Ánægja** keppenda í verkefnm
- **Framlag** keppenda í landsliðsverkefnum SSÍ byggir á því að þeir leggi hart að sér til að ná sem bestum árangri fyrir sig og fyrir liðsheildina.
- **Hámarksárangur** sem byggir á undirbúningi, skipulagi og þjálfun sem stenst ýtrustu kröfur um fagmennsku.

## Um reglur WA, EA og IOC/ÍSÍ um auglýsingar og lyfjamál

- **SSÍ** er aðili að **ÍSÍ**, **EA** og **WA**
- Almennar reglur **EA** og **WA** gilda á öllum opinberum mótum á þeirra vegum
- Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum **WA**, **WADA** og lögum **ÍSÍ**
- Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá slíkum efnum
- Reglur **EA**, **FINA** og **IOC** um auglýsingar gilda á mótum á þeirra vegum en geta verið mismunandi eftir mótum
- Um önnur ákvæði í ólympíuverkefnum gilda reglur **ÍSÍ** og **IOC** eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum

### Fyrirmyndarhlutverk sundfólks

- **S**undfólk sem tekur þátt í verkefnum á vegum **SSÍ** sýnir gott fordæmi í hvívetna.
- **Sundfólk**
    - temur sér jákvæða framkomu og kurteisi í hvívetna
    - fylgir fyrirmælum og kemur fram í samræmi við upplýsingar á hverjum stað
    - tekur ekki þátt í neikvæðu umtali um félaga sína eða keppinauta
    - kemur ekki fram opinberlega með neinum þeim hætti sem getur skaðað sundíþróttina og rýrt orðspor hennar út á við
    - fer í einu og öllu að lyfjareglum **WADA/ÍSÍ**
    - notar ekki efni sem eru ekki leyfð á Íslandi og neytir ekki ólöglegra lyfja
    - tekur þátt í forvörnum í samstarfi við **SSÍ**
    - tekur ekki þátt í kynningarstarfi á vegum annarra en **SSÍ** í tengslum við landslið Íslands í sundi
    - tekur ekki þátt í að auglýsa eða mæla með starfsemi sem gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingar um heilbrigt líferni
    - virðir íslensk aldursmörk þar sem það kemur fram undir merkjum Íslands

### Fyrirliðar

Í einstökum verkefnum eru útnefndir fyrirliðar. Þeir eru öðrum sundmönnum í verkefni til fyrirmyndar og forystu og til að byggja upp öflugan liðsanda sem tryggir að enginn sé utanveltu. Þjálfari verkefnis útnefnir fyrirliða í samráði við fararstjóra/flokkstjóra.

# Almennar ferðareglur SSÍ

1. Sundfólk og starfsmenn mæta tímanlega til brottfarar en þá telst upphaf verkefnis
2. Sundfólk fylgir útgefnum leiðbeiningum varðandi ferðahegðun
3. Á áfangastöðum fylgja þátttakendur fyrirmælum fararstjóra og kappkosta að gæta stundvísi og aðstoða hvern annan eftir því sem við á
4. Í verkefnum gildir bann við neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum fíkni- eða vímuefnum
5. Sundfólk hefur samráð við farastjóra og þjálfara áður en breytt er notkun lyfja eða tekin inn lyf sem ekki eru á venjulegum heimildalista. Fararstjóri leitar álits læknis við þær kringumstæður sé þess nokkur kostur
6. Fararstjóri raðar sundfólki á herbergi – herbergisnautar eru án undantekninga af sama kyni
7. Sundfólk raðast ekki í herbergi með trúnaðarfólki SSÍ nema sérstaklega standi á
8. Sundfólk virðir skipulagða hvíldartíma á mótsstað
9. Sundfólk hefur samráð við fararstjóra þegar um er að ræða samskipti við fjölmiðla í aðdraganda keppni og á keppnisstað
10. Sundfólk fylgir fyrirmælum fararstjóra um notkun einkennisfatnaðar í verkefnum
11. Trúnaðarfólk SSÍ sýnir gott og jákvætt fordæmi í hvívetna og virðir bann við notkun áfengis og tóbaks meðan þeir bera ábyrgð á hópi
12. Trúnaðarfólk SSÍ virðir reglur um bann við kynferðislegt samband við sundfólk í verkefni
13. Í ferðalögum, á æfingum eða í öðrum verkefnum á ábyrgð SSÍ er yfirgangur, einelti og útilokun sundfólks hvert gegn öðru ekki liðið
14. Fararstjóri skilar skýrslu til SSÍ um ferð og árangur innan viku frá ferðalokum

**SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, EA og WA**

# REGLUR ÍSÍ UM KEPPNISFERÐIR

**1. grein**

Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómarar skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skylt að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði, þegar aðalfararstjóri ákveður.

**2. grein**
Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfararstjóri, sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfararstjóri hafi hann verið valinn.

**3. grein**
Flokksstjórar koma næstir aðalfararstjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfararstjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu.

**4. grein**
Aðalfararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum.

**5. grein**
Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að áliti aðalfararstjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og síðar, ef þurfa þykir, til dómsstóls ÍSÍ. Öðrum þátttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra áliti óviðeigandi framferði aðalfararstjóra, aðstoðarfararstjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

**6. grein**
Aðalfararstjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu.

**7. grein**
Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ.

**8. grein**
Óskert skal heimild þess aðila, sem að förinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfararstjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

**Almennar reglur EA og WA gilda á öllum opinberum mótum á vegum SSÍ. Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum WA, WADA og lögum ÍSÍ.**
**Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá þeim.**
**Reglur FINA og IOC um auglýsingar gilda að jafnaði í landsliðsverkefnum SSÍ.**
**Um önnur ákvæði í ólympíuverkefnum gilda reglur ÍSÍ og IOC eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum.**

# Viðbrögð – viðurlög

**SSÍ grípur til aðgerða** ef misbrestur verður á samstarfi sundfólks við landsliðsþjálfara, fararstjóra eða þjálfara í verkefnum landsliða eða sundfólk gengur gegn markmiðum **SSÍ** um fyrirmyndir og hegðun. Einnig ef ferðareglur, hvort sem um er að ræða reglur **SSÍ** eða **ÍSÍ**, eru brotnar

- **Fararstjóri/flokkstjóri er umboðsmaður SSÍ** í verkefnum á vegum **SSÍ** og **ÍSÍ**
- Komi upp ágreiningur um túlkun á ferðareglum hefur fararstjóri umboð til úrskurðar og gildir úrskurður hans þar til verkefni er lokið
- Sundfólki og öðrum sem eru hluti af æfinga- eða keppnishópi **SSÍ** er skylt að hlíta fyrirmælum fararstjóra/flokkstjóra
- Sundfólki sem ekki stendur við áform um undirbúning og æfingar – tekur t.d. ekki þátt í æfingaverkefnum eða hefur misst niður árangur yfir lengra tímabil án þess að um lögmæt forföll, veikindi eða slys hafi verið að ræða, er vísað úr verkefnum landsliða þar til ráðin hefur verið bót á því sem úrskeiðis hefur farið
- Landsliðsnefnd með verkefnastjóra landsliða í fararbroddi hefur með samskipti milli **SSÍ** og félaga / þjálfara að gera í þessum tilfellum og upplýsir stjórn **SSÍ** um stöðu mála jafnóðum
- Sundfólk tekur þátt í æfingabúðum, fjáröflun og öðrum undirbúningi landsliðsverkefna eftir því sem við á og mögulegt er.
- Sundfólk sem brýtur ferðareglur **SSÍ**, gengur gegn góðum venjum um samskipti og bindindi eða virðir ekki þær kröfur sem snúa að „fyrirmyndarhlutverki" sundfólks í landsliði getur átt á hættu að vera vísað úr frekari verkefnum landsliða **SSÍ**
- Í ferðum á vegum **SSÍ** eru það fararstjóri og þjálfari hópsins sem meta hvort beita á viðurlögum
- Viðurlög sem hægt er að beita í verkefnum landsliða eru eftirfarandi
    - **munnleg áminning**
    - **skrifleg áminning**
    - **brottvísun úr verkefni**
- Fararstjóri tilkynnir **SSÍ** um slíkar aðgerðir áður en þær eru framkvæmdar
- Fararstjóri skal gefa viðkomandi færi á að tala máli sínu áður en gripið er til viðurlaga
- Á ferðalögum, innanlands eða erlendis, geta alvarleg agabrot leitt til þess að einstaklingar úr hópi sundfólks verði sendir heim úr verkefni með fyrstu ferð á eigin ábyrgð og á eigin kostnað
- Beiting ítrustu viðurlaga gagnvart brotum sundmanna sem eru undir 18 ára aldri skal ávallt undirbúin í samráði við foreldra/forráðamenn viðkomandi sundmanns
- Þegar um er að ræða einstakling undir 18 ára aldri ber fjölskylda viðkomandi fjárhagslega ábyrgð á fylgd fyrir einstaklingsinn til síns heima
- **Aga- og siðanefnd SSÍ fær undantekningalaust tilkynningu um atvik sem eiga sér stað og viðurlög sem beitt er í verkefnum og ber nefndinni að fjalla um þau**
- Nefndin ákveður **hæfileg viðurlög** gagnvart viðkomandi einstaklingi og þátttöku hans í verkefnum landsliða **SSÍ**
- Aga- og siðanefnd gefur, án undantekninga, viðkomandi einstaklingi tækifæri til að koma á framfæri við nefndina **skýringum og sjónarmiðum til málsbóta**
- Aga- og siðanefnd **gætir hófs** þegar viðurlögum er beitt og tekur tillit til aldurs sundfólks og reynslu þess af erfiðum verkefnum þegar ítrustu viðurlögum er beitt
- Stjórn **SSÍ** ber að fara yfir úrskurði Aga- og siðanefndar og getur hafi eitthvað brugðið útaf, afturkallað úrskurði hennar en staðfestir þá að öðrum kosti

## Um áfrýjun

- Staðfestum úrskurði Aga- og siðanefndar SSÍ **verður ekki áfrýjað** hvað varðar útilokun úr verkefnum landsliða **SSÍ**
- Telji viðkomandi einstaklingur að vafi leiki á því að gætt hafi verið fyllstu sanngirni við ákvörðun viðurlaga, eða að Aga- og siðanefnd hafi ekki farið að gildandi reglum í starfi sínu má skjóta málum til **Framkvæmdastjórnar ÍSÍ** eða til **Dómstóls ÍSÍ** allt eftir eðli málsins (sjá reglur um Dómstóla ÍSÍ)

## Hagnýt atriði

### Markmið og reglur

- **Hegðun** sundfólks í verkefnum **frá byrjun til enda**
  - **stundvísi**
  - **viðhorf ( “ekki málið” )**
  - **liðsandi – stuðningur við aðra**
  - **liðsandi – að vera studdur af öðrum**
  - **tillitssemi gagnvart öðrum**
  - styðjandi **talsmáti**
  - **jákvætt hugarfar**
  - **hlýða fyrirmælum þjálfara / fararstjóra / liðsstjóra / fyrirliða**
- **Fyrirliði/ar**
  - **Fyrirliði/ar eru útnefndir við upphaf verkefnis**
  - **Hlutverk fyrirliða er að vera til fyrirmyndar í hópnum, hvetjandi og styðjandi**
  - **Fyrirliði/ar eru tengiliður sundfólks gagnvart fararstjórn / þjálfara**

### Á ferðalagi

- **Í handfarangri** (þar sem slíkt er leyfilegt)
  - nærfatnaður, sokkar og aukabolur
  - snyrtivörur
  - keppnissundföt / æfingasundföt – eitt sett
  - spil eða annað til skemmtunar
  - staðfesting trygginga
  - lyf sem eru nauðsynleg af heilsufarsástæðum
- **Í öðrum farangri**
  - koddi (bangsi)
  - liðsfatnaður
  - sérstök föt
  - handklæði
  - aukasundföt
  - föt til útivistar(eftir aðstæðum)
- **Á ferðalögum þurfa sundmenn að hugsa vel um**
  - stundvísi
  - hreyfingu
  - jákvæð viðhorf
  - að drekka vatn
  - að næra sig
  - að sofa ekki of mikið í ferðinni
- **Sérþarfir**
  - Láta vita strax í upphafi undirbúnings ef um einhverjar sérþarfir er að ræða
  - Muna að ekki er hægt að verða við öllum óskum
  - Þeir sem ekki sætta sig við ráðstafanir SSÍ hætta þar með við ferðina
  - Öll lyfjanotkun sundfólks á undantekningalaust að vera með vitneskju SSÍ / fararstjóra / þjálfara

### Sundmót / keppnissvæði / aðstaða

- **Sundmót / keppnissvæði**
  - Keppnissvæði er oft í verulegri fjarlægð frá annarri aðstöðu
  - Aðstæður á keppnissvæði eru oftast öðruvísi en “heima”
  - Nauðsynlegt að kynna sér keppnisaðstöðu
  - Hverjar eru keppnisáætlanir og hvar er keppt?
- **Herbergjaskipan - aðstaða**
  - Fararstjóri raðar í herbergi, röðun í herbergi ræðst af stærð herbergja
  - Ekki er hægt að setja fram sérstakar óskir um herbergisfélaga
  - Ganga vel um og sýna öllum kurteisi
- **Keppnisbúnaður/fatnaður**
  - Sundfatnaður og sundgleraugu eru tæknilegur búnaður sem sundmaður velur sjálfur
    - SSÍ mun ekki skipta sér af vali sundfólksins á sundfatnaði meðan fatnaðurinn stenst alþjóðleg viðmið þar sem það á við.
  - Annar fatnaður sem notaður er á keppnisstað eða í keppni er á ábyrgð SSÍ og sundfólki bera að hlíta fyrirmælum fararstjóra/flokkstjóra þar um.
    - Slíkur búnaður er yfirleitt samhæfður þannig til að mynda liðsheild
    - Sundhettur teljast þar með enda hafi SSÍ útvegað þær

## Undirbúningur fyrir ferð, ferðatilhögun og samskipti við ferðafélaga

- **Menning**
  - Setur fararstjóri/flokkstjóri fram leiðbeiningar um eitthvað af eftirtöldu:
    - Pólitísk mál í keppnislandi
    - Viðeigandi klæðnað í keppnislandi
    - Sérstakar reglur eða venjur í keppnislandi
- **Fjármál**
  - Setur fararstjóri/flokkstjóri fram leiðbeiningar um eitthvað af eftirtöldu:
    - Hver greiðir fyrir aukakostnað í ferðinni?
    - Hver er gjaldmiðillinn og hvert er gengið?
    - Hvernig er hagstæðast að skipta peningum?
    - Þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að geta notað banka í landinu?
- **Samgöngumáti**
  - Setur fararstjóri/flokkstjóri fram leiðbeiningar um eitthvað af eftirtöldu:
    - Samgöngumáta
      - – leigðar rútur/strætóar, einkabílar, leigubílar, bílaleigubílar
    - Hvernig kemst fólk frá gististaðnum til æfinga- og keppnisaðstöðunnar
    - Tímatöflu á samgöngum og hvernig hún nýtist okkur
    - Er möguleiki á farartæki til að nota í frítíma
      - – rútur, strætó, bílar, leigubílar, neðanjarðarlestarkerfi?
    - Hvað kostar í samgöngutækin?
- **Æfinga- og keppnisaðstaðan**
  - Setur fararstjóri/flokkstjóri fram leiðbeiningar um eitthvað af eftirtöldu:
    - Vegalengdir milli hótels/gistiaðstöðu og keppnisstaðar
    - Möguleika á æfingaaðstöðu
    - Hvenær eru æfingar
- **Landafræðin**
  - Setur fararstjóri/flokkstjóri fram leiðbeiningar um eitthvað af eftirtöldu:
    - Loftslag
    - Sveiflu í hita og rakastigi
    - Möguleika á að hæð yfir sjávarmáli geti haft áhrif
    - Tímamismun
    - Loftslag og mengun
- **Vera í sambandi við fararstjóra eða umsjónarþjálfara ef eitthvað er að**
  - Gæta þess **að einangra sig ekki** með vandamál
  - Gæta þess að **ekki trufla aðra** í liðinu með vandanum
  - **Fararstjórar og þjálfarar leysa ekki mál sem þeir vita ekki um**
  - **Að kvarta heim leysir ekki vandann**
  - **Að setja texta inn á samfélagsmiðla leysir ekki vandann**
  - Best er að **vera í góðu sambandi við þjálfara / fararstjóra** og tala við þá fyrst ef eitthvað kemur upp á

## Mataræði og fæðubótarefni

- **Í ferðum SSÍ þarf sundfólk**
  - að vera við því búið að borða öðruvísi mat en venjulega
  - að fá næringu til að ná árangri
  - að gæta þess að borða fjölbreytta fæðu
- **Fæðubótarefni**
  - eru óæskileg, sérstaklega fyrir fólk undir 18 ára aldri
  - Ef fæðubótarefna er neytt á annað borð þarf að gæta þess að neyta ekki efna sem ekki eru stöðluð og viðurkennd af Lyfjaeftirliti Ríkisins og WADA
  - Gæta þess að neyta ekki fæðubótarefna án samráðs / vitneskju þjálfara
  - Gæta þess að mismunandi reglur gilda í öðrum ríkjum um fæðubótarefni

## Samskipti við fjölmiðla

- **Best er að**
  - vera tilbúin og svara spurningum á skýran og einfaldan hátt
  - hafa skýr markmið um næsta verkefni í ferðinni
- **Í viðtali**
  - vera kurteis og skýr
  - segja frá því jákvæða
  - vera tilbúinn að tala um neikvæða þætti, án þess að afsaka sig
  - gæta þess að gera ekki of mikið úr
  - gæta þess að draga ekki úr
- **Fá aðstoð fararstjóra eða þjálfara**
  - ef einhver óvissa ríkir
  - ef vantar upplýsingar
  - ef þú ert ekki tilbúinn að svara spurningum fjölmiðla

## Veikindi og slys í ferðum SSÍ

- **Hvað ber að gera ef einhver veikist eða slasast í ferð – hvernig er brugðist við?**
  - Láta fararstjóra / þjálfara vita
  - Þeir láta vita "heim" ef þess þarf
  - Fararstjóri er með viðbragðsáætlun í alvarlegri tilfellum

## Um lyf, stera, fíkniefni og önnur ólögleg efni

- **Tóbaks- og áfengisnotkun sundfólks**
  - er með öllu bönnuð **sem og önnur fíkniefnaneysla**
- **Lyfjanotkun sundfólks**
  - á að vera með vitneskju forráðamanna sundfólks
  - á að vera með vitneskju fararstjóra og þjálfara
  - á að vera í samráði við lækni
  - á að vera í samráði við ÍSÍ þar sem það á við
  - á að vera í samráði við og með undanþágu frá Lyfjanefnd ÍSÍ/WADA/WA
  - á að vera í algjöru lágmarki
  - Ekki kaupa lyf erlendis nema leita ráða hjá þjálfara / fararstjóra
  - Gæta að því hvort lyf sem keppandi þarf að nota af heilsufarsástæðum eru lögleg í keppnislandi
  - Hafa hugfast að mismunandi reglur um lyf gilda í öðrum ríkjum
  - Hver og einn ber ábyrgð á réttri notkun lyfja sem taka þarf af heilsufarsástæðum
  - Skrifstofa SSÍ þarf að fá upplýsingar um ofnæmi og lyfjanotkun samkvæmt læknisráði. Þessar upplýsingar þurfa að berast tímanlega fyrir ferð / verkefni
  - Leita þarf formlegrar undanþágu gagnvart tilteknum lyfjum (ofnæmislyf – flogaveikilyf – insúlín – og fleiri) og vísast á lyfjavef ÍSÍ til upplýsingar www.isi.is
- **Lyfjapróf**
  - Allir keppendur geta verið kallaðir í lyfjapróf og ber þeim að hlíta því
  - Lyfjapróf má framkvæma hvenær sem er á æfingu eða í keppni
  - Lyfjapróf má framkvæma hvenær sem er utan æfinga og keppni
  - Lyfjapróf má framkvæma hvar og hvernær sem er
  - Sá sem kallaður er í lyfjapróf meðan á verkefni SSÍ stendur skal láta fararstjóra eða þjálfara vita
  - Sá sem kallaður er í lyfjapróf á rétt á fylgdarmanni.
  - Sá sem kallaður er í lyfjapróf og er undir 18 ára aldri **verður** hafa með sér fylgdarmann
- **Lög og reglur í gistilandi**
  - Athuga með lög sem varða siðgæði í gistilandi
  - Hvar er næsta sendiráð eða ræðismannsskrifstofa fyrir Ísland og símanúmerið þar?
  - Vita þeir/þau af komu okkar?
  - Við hvern á að hafa samband ef upp koma alvarlega vandamál?
  - Hefur íslenskt læknalið leyfi til að starfa í gistilandi?